JÖKULL SÓLBERG AUÐUNSSON

Einfalt og fljótlegt að baka pönnukökurnar

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

EGILL EINARSSON

Blöskraði verðið á einkaþjálfara

Gillzenegger þjálfar nú um tvö hundruð manns í fjarþjálfun

FÓLK 46

Gerir gæfumuninn

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. ágúst 2008 — 227. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Landbúnaðarsýning

Staða íslensks landbúnaðar í þjóðfélaginu verður kynnt á landbúnaðarsýningu sem hefst á Hellu í dag.

TÍMAMÓT 56

Ungur umboðsmaður

Hinn sextán ára gamli Steinar Jónsson skipuleggur tónlistarhátíð sem haldin verður á Tunglinu í september.

FÓLK 58

Fimmtug poppdrottning

Tónleikaferðalag Madonnu hefst á morgun og víst er að ekkert verður til sparað að skemmta tónleikagestum.

FÓLK 48

Stórstjörnur Ólympíuleikanna

Michael Phelps og Usain Bolt stálu senunni í Peking.

ÍÞRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG

RIGNING Í dag verða sunnan 3-10 m/s. Skúrir í fyrstu og síðan allmikil rigning á vesturhluta landsins síðdegis. Úrkomulítið á austurhlutanum til kvölds. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

Álver sýnir áhuga á raforkuframleiðslu

Stjórnarformaður Hitaveitu Suðurnesja segir Norðurál hafa áhuga á að eignast hlut. Hitaveitan framleiðir orku sem Norðurál hyggst nota í nýju álveri í Helguvík.

VIÐSKIPTI „Ýmsir hafa nálgast okkur, þar á meðal Norðurál," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ og stjórnarformaður Hitaveitu Suðurnesja.

Reykjanesbær er stærsti hluthafinn í Hitaveitunni, á tæplega 35 prósenta hlut. Árni segir að Norðurál sé ákjósanlegur samstarfsaðili í Hitaveitunni, ekki síst í ljósi mikillar starfsemi fyrirtækisins á Suðurnesjum, samfara væntanlegu álveri í Helguvík.

Norðurál er dótturfélag bandarísku álfyrirtækisins Century.

Áhugi félagsins á íslenskri orkuframleiðslu er ekki alveg nýtilkominn, því nefna má að í fyrrahaust lýsti félagið áhuga á að eignast hluti í Reykjavík Energy Invest. Ekki varð af því.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa Norðurálsmenn einnig sýnt hlut Orkuveitunnar áhuga. Það hefur ekki fengist staðfest.

Orkuveita Reykjavíkur á 16,5 prósenta hlut, auk þess sem samningur var gerður um kaup á 14,5 prósenta hlut til viðbótar frá Hafnarfirði. Orkuveitan má hins vegar ekki eiga meira en 10 prósenta hlut í Hitaveitunni, samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá í sumar.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að ekki hafi verið rætt að fyrirtækið eignist hlut í Hitaveitunni.

Ýmsir aðrir munu hafa sýnt því áhuga að eignast hlut í Hitaveitunni eða í einum helsta eiganda hennar, Geysi Green Energy.

Norðurál hyggst reisa álver í Helguvík. Gert er ráð fyrir 250 megavöttum af raforku í fyrsta áfanga álversins, en annar áfangi hefur ekki verið tímasettur. Hitaveita Suðurnesja selur álverinu 150 megavött og Orkuveita Reykjavíkur rest. Þegar hefur verið tekin skóflustunga að álverinu.

- ikh / sjá síðu 22

HJÁLPAÐ TIL Forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, lagði sitt af mörkum í undirbúningi liðsins því hér sést hún nudda landsliðsmanninn Loga Geirsson sem var í meðferð hjá Ingibjörgu Ragnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ísland mætir Spánverjum í undanúrslitum Ólympíuleikanna í hádeginu í dag:

Ætlum að nýta þetta tækifæri

PEKING 2008 Íslenska handboltalandsliðið getur tryggt sér verðlaun í dag þegar liðið mætir Spánverjum í undanúrslitum handboltakeppni leikanna.

Með sigri spilar íslenska liðið um gullverðlaunin í fyrsta sinn í sögunni en tap þýðir að liðið spilar um bronsið eins og liðið gerði í Barcelona fyrir sextán árum.

„Við ætlum heldur betur að nýta þetta tækifæri. Við vitum í fyrsta lagi ekkert um það hvort við komumst aftur á Ólympíuleika. Það er ekkert sjálfsagt. Svo erum við ekki með á næsta stórmóti þannig að það er alls óvíst hvort við fáum slíkt tækifæri aftur. Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að ná árangri," sagði Guðjón Valur Sigurðsson fyrir leikinn.

Leikurinn hefst klukkan 12.15 að íslenskum tíma en á undan mætast Frakkar og Króatar í hinum undanúrslitaleiknum. Leikið verður um sæti á sunnudaginn.

- óój, hbg / sjá íþróttir síðu 50

LYKLASKIPTI Hanna Birna Kristjánsdóttir tekur við lyklunum að Ráðhúsinu úr höndum Ólafs F. Magnússonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný borgarstjórn í Reykjavík:

Borgarstjórinn hvetur til sátta

REYKJAVÍK Hanna Birna Kristjánsdóttir, nýr borgarstjóri, hvatti til samstarfs allra flokka á fyrsta borgarstjórnarfundi nýs meirihluta í gær.

Þá gagnrýndi minnihlutinn harðlega hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefði hagað sér á kjörtímabilinu og Framsókn fékk einnig að heyra það.

Meðal stefnumála nýs meirihluta er að leggja fram aðgerðaáætlun vegna breyttrar stöðu efnahagsmála, rannsóknir hefjist að nýju í Bitru, lóðaúthlutanir og kröftug uppbygging í miðborginni.

- kóþ / sjá síðu 10

Breytingar í Gettu betur:

Eva María verður spyrill

SJÓNVARP „Ég sló því fram í gríni í óformlegu spjalli við Þórhall [Gunnarsson dagskrárstjóra] að ef ég yrði spyrill væri rétt að stigavörðurinn verði karlkyns," segir Eva María Jónsdóttir létt í bragði.

EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR

Gengið hefur verið frá því að Eva María verði spyrill í Gettu betur - spurningakeppni framhaldsskólanna sem verður á dagskrá sjónvarps að venju næsta vetur. Eva María er önnur konan til að gegna því vandasama hlutverki.

- jbg/sjá síðu 58

MEST NOTAÐI MIÐILL LANDSINS

SJÓNVARPIÐ

SUBWAY í fínu formi

Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði

–18– Subway staðir um allt land

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Geir Jón, varstu með leyfi?

„Ja, ekki var ég með leyfi frá húsbónda mínum að minnsta kosti."

Geir Jón Þórisson lék á lírukassa fyrir gangandi vegfarendur á Laugavegi í fyrradag í tilefni af kynningu á dagskrá menningarnætur.

Frístundaheimilin vantar enn 200 leiðbeinendur:

Kennsla hefst í grunnskólum

SKÓLAMÁL Kennsla í grunnskólum í Reykjavík hefst í dag. Þúsundir barna flykkjast út á götur og eru gangbrautaverðir viðbúnir að hjálpa börnum í gegnum umferðina. Bílstjórar eru því hvattir til að aka varlega í skólahverfum og sýna aðgát og ekki síst þolinmæði í umferðinni.

Nokkuð ber á manneklu á frístundaheimilum í borginni. Tæplega þrjú þúsund umsóknir hafa borist Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur en nú þegar hafa 159 starfsmenn verið ráðnir. Tvö hundruð starfsmenn til viðbótar vantar eigi öll börnin að komast í vistun.

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá Reykjarvíkurborg, segist vona að ástandi batni á næstu dögum og vikum.

„Við eigum von á því að fá fleiri starfsmenn inn um leið og gengið hefur verið frá stundatöflum háskóla- og framhaldsskólanema," segir Soffía. „Störfin á frístundaheimilunum eru hlutastörf og því mikið um að nemar vinni hjá okkur á veturna."

Framhaldsskólar hófu margir störf í vikunni og fer skólastarf Háskóla Íslands af stað í næstu viku. Háskólinn í Reykjavík hóf kennslu um miðjan ágúst. - **hþj**

BÖRN Á LEIÐ Í SKÓLANN Ökumenn eru hvattir til að sýna aðgát í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ:

Segir ASÍ sýna fullt samstarf

NEYTENDAMÁL Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir, í grein sem hann skrifar í Fréttablaðið í dag, rangt að ASÍ hafi færst undan samstarfi við dómskvadda matsmenn. Hann segir Finn Árnason, forstjóra Haga, og Andrés Magnússon, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, vísa í ummæli sem matsmaður hafi aldrei viðhaft. Það hafi hann fengið staðfest.

Grétar svarar grein Finns í blaðinu í gær og segir Finn ekki átta sig á um hvað matsmálið snúist. Hillu- og listaverð sé ekki alltaf það sama. - **kóp / sjá síðu 34**

Einelti dró soninn til dauða:

Kennarar áminntir fyrir að verja börn

MENNTUN Kennarar hafa verið áminntir fyrir hörku vegna tilrauna til að stöðva börn sem leggja skólafélaga sína í einelti. Jafnvel þótt um sé að ræða gerendur sem hafa valtað svo illa yfir önnur börn að það hafi þurft að flytja þau um skóla til að forða þeim undan eineltinu. Þetta segir Ingibjörg Helga Baldursdóttir, grunnskólakennari og móðir ungs manns sem svipti sig lífi í júní.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag ræðir hún alvarleika eineltis en það dró son hennar til dauða. Hún hvetur foreldra til þess að vera vakandi fyrir líðan barna sinna og því að þau níðist ekki á öðrum börnum.

- **kdk/ sjá síðu 28**

Miðstöð munnlegrar sögu:

Safnar sögum borgarbarna

HELGIN „Við höfum sérstaklega boðið ættingjum að koma og spjalla saman því það er gaman að heyra sögur fólks af ólíkum kynslóðum," segir Unnur María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og verkefnastjóri Miðstöðvar munnlegrar sögu, sem reisir upptökukofa í miðborginni á menningarnótt. Upptökukofinn er liður í þriggja ára verkefni á vegum Miðstöðvar munnlegrar sögu og Reykjavíkurborgar sem gengur út á að safna frásögnum borgarbarnanna um lífið í borginni. - **mmf / sjá Allt**

UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR

Busana má hvorki meiða á líkama né sál

Umboðsmaður barna fær ábendingar á hverju hausti um að busavígslur fari úr böndum. Minnt er á að gæta þess að nýir nemar framhaldsskóla verði ekki fyrir vanvirðandi meðferð. Skólameistari segir að vinda þurfi ofan af vitleysunni.

MENNTUN Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um að komið hafi fyrir að sumar busavígslur fari úr böndunum í framhaldsskólum. Nemendur hafi orðið fyrir vanvirðandi meðferð við svokallaðar innvígsluathafnir og jafnvel orðið fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi. Af þeim sökum hefur Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, sent erindi til allra skólastjórnenda og nemendafélaga þar sem hún minnir á í skilningi laga séu nemar börn til átján ára aldurs og eigi því rétt á þeirri vernd sem velferð þeirra krefst.

Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ, segir það gleðiefni að Margét María hafi bent tæpitungulaust á þau atriði sem varhugaverð geta verið í tengslum við busavígslur. „Hér hefur verið unnið að því að vinda ofan af þeirri vitleysu sem þessar athafnir geta endað í til að koma í veg fyrir að fólk sé meitt á líkama eða sál," segir hann og minnir á að vígslurnar eigi að vera skemmtun fyrir nýnema sem og eldri nemendur.

„Dagurinn á að vera skemmtilegur og uppfullur af húmor. Þess verður að gæta að athafnir fari ekki í subbuskap og ofbeldi," segir hann.

Í Menntaskólanum í Reykjavík (MR) setja busavígslur jafnan mikinn svip á upphaf skólaársins. Gísli Baldur Gíslason, inspector scholae eða formaður nemendafélags skólans, segir vígslurnar þar í ár verða með hefðbundnu móti. Maðurinn með ljáinn mæti og formæli nýnemunum að vanda, á eftir honum fylgi elsti árgangurinn í tógum að hætti Grikkja en aðrir nemar séu svartklæddir og láti skammir dynja á busunum. Þá séu busar látnir gera einhverjar kúnstir, svo sem jarma og fallbeygja sagnir á latínu um leið, eins og hann hafi sjálfur verið látinn gera, og því næst væru þeir tolleraðir. Tollering fari þannig fram að busum sé hent upp í loft og niður úr loftinu komi þeir sem nýmenar. Þá sé eiginlegri vígslu lokið og nýir nemar boðnir velkomnir með mjólk og kökum.

Gísli Baldur segist vita til þess að einhverjir kvíði því sem busuninni fylgir, það þekki hann sjálfur af eigin raun. Hann segist þó fullviss um að allir komist að því að sá ótti sé ástæðulaus og hafi gaman af.

Umboðsmaður barna hvetur skólastjórnendur og nemendafélög framhaldsskóla til þess að taka tillit til ábendinga um mikilvægi þess að bjóða nemendur velkomna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og tryggja að öryggis þeirra sé gætt í hvívetna við busavígslur.

UPP SEM BUSI OG NIÐUR SEM NÝNEMI Tolleringar hafa jafnan verið liður í busun í Menntaskólanum í Reykjavík. Formaður nemendafélagsins segir einhverja kvíða busun en að það sé óþarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

ÞORSTEINN ÞORSEINSSON



Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

Sjóstangveiðibát með þrjá ferðamenn rak upp í fjöru við Óshlíð:

Skipbrotsmenn með sært stolt

SLYS Þrír þýskir ferðamenn komust í hann krappann í gær. Þeir voru að veiðum við Skarfasker, undir Óshlíðinni Ísafjarðar megin, þegar skrúfan rakst í sker með þeim afleiðingum að hún varð óvirk. Vélarvana bátinn rak í land og þaðan fjaraði undan honum.

Ekkert amaði að ferðamönnunum þremur og gátu þeir gengið þurrum fótum í land. Fínasta veður var þegar óhappið varð, nánast blankalogn. Báturinn er í eigu ferðaþjónstunnar Sumarbyggðar á Súðavík.

Vilborg Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Sumarbyggðar, segir atvikið hafa verið minni háttar. „Þeir voru einhverja 2-300 metra frá landinu og skrúfan fór í sker sem þeir sáu ekki á kortinu. Klettanefið stendur svo langt út hér þar sem þeir voru. Þeir gátu í raun ekkert gert þar sem skrúfan fór og hringdu eftir hjálp," segir Vilborg.

Hún segir ekkert vera að bátnum, en annar var sendur til að draga hann á flot. „Hann stendur hins vegar alveg á þurru núna þannig að við bíðum bara eftir næsta flóði og drögum hann þá í höfn. Það er bara skrúfan sem hefur farið."

Þýsku ferðamennirnir voru heldur niðurlútir þegar þeir komu í land og ekki laust við að stoltið hefði beðið smá hnekki. - **kóp**

Á ÞURRU LANDI Það fjaraði undan bátnum og eigendur biðu eftir flóði til að draga hann til hafnar. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÝ DÖNSK · JET BLACK JOE
MAGNÚS OG JÓHANN · HJALTALÍN
BLOODGROUP · FJALLABRÆÐUR
STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS OG RÁSAR 2
23. ÁGÚST FRÁ KL 19-22 30
RÁS
Landsbankinn

GENGIÐ 21.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,39	82,79
Sterlingspund	153,48	154,22
Evra	121,62	122,30
Dönsk króna	16,303	16,399
Norsk króna	15,291	15,381
Sænsk króna	12,955	13,031
Japanskt jen	0,7572	0,7616
SDR	129,67	130,45

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,9171
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eldur kviknaði í húsnæði Fóðurblöndunnar við Sundahöfn í gær:

Milljónatjón í bruna í Korngörðum

ELDUR Eldur kviknaði í loftpressu á áttundu í húsnæði Fóðurblöndunnar í Korngörðum við Sundahöfn í Reykjavík um klukkan hálfsex í gær.

Allt slökkvilið var kallað út og náðu slökkviliðsmenn fljótlega tökum á eldinum en búið að var að slökkva í fyrir klukkan átta. Jón G. Kristinsson verksmiðjustjóri sagði í gær að hann teldi tjónið sem varð hlaupa á milljónum. Hann væri þó þakklátur því að hætta hefði ekki steðjað að fólki og að vel hefði tekist við að slökkva eldinn.

Sá sem fyrstur varð eldsins var er Arnar Karlsson, framleiðslustjóri Fóðurblöndunnar. Á vettvangi var auðséð að hann hafði komist í mikið návígi við eldinn því skegg hans var allt sviðið. Hann sagðist þó ekki hafa verið hræddur um líf sitt en þakkar fyrir að föst regla hjá fyrirtækinu er að gefa ávallt viðvörunarbjöllum brunaboðans í fyrirtækinu gaum þótt oft hafi hann hringt af ástæðulausu. Ég hljóp strax á svæðið þar sem tilkynnt var um að eldur væri, þar var mikill eldur en búið var að kalla út hjálp. Ég hljóp þá og sótti slökkvitæki og tæmdi yfir eldinn. Það dugði ekki til og eldurinn gaus upp aftur," segir Arnar sem segist þá hafa haft vit á því að forða sér út úr húsinu enda

NÁÐU FLJÓTLEGA TÖKUM Á ELDINUM Allt slökkvilið höfuðborgarinnar var kallað út og gekk það rösklega til verks og var búið að slökkva eldinn fljótlega eftir komu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

búinn að vera í miklu návígi við eldinn eins og skegg hans bar vott um. - kdk

Laxveiðiferð í Miðfjarðará:

Haukur borgaði leyfin sjálfur

STJÓRNSÝSLA Haukur Leósson, fyrrum stjórnarformaður Orkuveitunnar, borgaði úr eigin vasa fyrir Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Björn Inga Hrafnsson og Guðlaug Þór Þórðarson í veiði í Miðfjarðará. Fréttablaðið hefur séð gögn þar um.

Leyfin þrjú kostuðu samanlagt 480 þúsund krónur. Haukur segir að hann og Stefán Hilmarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Baugs, séu gamlir veiðifélagar og hafi fyrir löngu verið búnir að kaupa eina stöng saman. Rétt fyrir ferðina hafi þrjár stangir verið lausar og því fengist með góðum afslætti. - kóp

Sementsverksmiðjan sé ekki sorpbrennsla

Umhverfisnefnd Akraness vill ekki að Sementsverksmiðjan fái starfsleyfi sem feli í raun í sér heimild til að reka sorpbrennslustöð með auknum umsvifum. Það myndi verðfella ímynd bæjarins. Forstjórinn er viss um að starfsleyfi fáist.

UMHVERFISMÁL „Það eru allir bæjarbúar á móti þessu, hver og einn einasti," segir Haraldur Helgason, formaður umhverfisnefndar Akraness sem leggst gegn því að Sementsverksmiðjan fái nýtt og breytt starfsleyfi.

Sementsverksmiðjan hefur verið starfrækt á Akranesi í hálfa öld og hefur verið óskað eftir nýju starfsleyfi fyrir verksmiðjuna nú í haust.

Að sögn Haraldar Helgasonar felur umsókn Sementsverksmiðjunnar í sér að fyrirtækið geti við framleiðslu sína brennt margvíslegum úrgangi í stað kola sem nú séu notuð. Þannig væri í raun opnað á þann möguleika að breyta Sementsverksmiðjunni að hluta í sorpbrennslustöð. Því myndi fylgja mikil stækkun og umferðarþungi auk þess sem slík starfsemi eigi alls ekki heima í litlu bæjarfélagi.

GÍSLI S. EINARSSON

GUNNAR H. SIGURÐSSON

„Við getum ekki fellt okkur við að fyrirtækið fari að hafa tekjur af sorpeyðingu hérna inni í bænum. Þá væri betra að flytja alla starfsemina annað," segir Haraldur sem kveður það mundu hafa verið betra að Sementsverksmiðjan hefði sótt um óbreytt starfsleyfi.

„Við fáum auðvitað starfsleyfi," segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Sementsverksmiðjunnar. „Ég hef boðið nefndinni að koma í heimsókn til okkar en þau hafa nú ekki þegið það enn þá. Þetta er nánast vinnuplagg sem er þarna í gangi."

Umhverfisnefndin segir tillögu sína um afgreiðslu bæjaryfirvalda á starfsleyfisumsókn Sementsverksmiðjunnar gerða á grundvelli stjórnarskrár Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu, staðardagskrár 21, Ólafsvíkuryfirlýsingarinnar og heilsustefnu ríkisstjórnarinnar.

„Umhverfisnefndin telur að nýtt starfsleyfi hafi í för með sér aukin umsvif sem ekki muni falla vel að þróun byggðar á Akranesi. Nefndin leggst gegn förgun úrgangs í verksmiðjunni, þar sem hún verðfelli ímynd bæjarins og valdi íbúum og öðrum hagsmunaaðilum óþægindum," segir nefndin og hvetur til „opinnar og lýðræðislegrar umræðu um framtíð Sementsverksmiðjunnar hf."

Ekki náðist í Gísla S. Einarsson bæjarstjóra í gær. Búast er við að bæjarráð fjalli um tillögu umhverfisnefndarinnar að hálfum mánuði liðnum.

gar@frettabladid.is

SEMENTSVERKSMIÐJAN Umhverfisnefnd Akranes vísar meðal annars til stjórnarskrár Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu þegar hún lýsir andstöðu við leyfi til sorpbrennslu í Sementsverksmiðjunni. MYND/HÖRÐUR

MÓTMÆLI Íbúar Poti við Svartahafið mótmæla hernámi Rússa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin í Georgíu:

Rússar grafa skotgrafir

GEORGÍA, AP Rússneskt herlið gróf skotgrafir og virtist vera að byggja varanlegar víggirðingar á hernaðarlega mikilvægum stöðum í Georgíu í gær. Jafnframt því sáust lestir rússneskra stríðstóla mjakast norður á bóginn, inn í aðskilnaðarhéraðið Suður-Ossetíu.

Þótt Dmítrí Medvedev Rússlandsforseti hafi heitið því að rússneska herliðið í Georgíu myndi fara þaðan fyrir vikulokin virtist það fara sér í engu óðslega. Jafnvel virtist ástæða til að ætla að það ætlaði sér að hersetja viss svæði í Georgíu eins lengi og því sýndist, þvert á ákvæði vopnahléssamkomulagsins. - aa

Olíuverð hækkar úti í heimi:

Alþjóðaspenna hækkar olíuverð

VIÐSKIPTI Olía hækkaði á mörkuðum í gær um ríflega fimm dollara á tunnu. Verðið fór yfir 122 dollara á tunnu og hefur ekki verið hærra í tvær vikur.

Væntingar um að verðið færi niður í 100 dollara urðu að engu við hækkunina. Sérfræðingar eru sammála um að spenna í samskiptum Rússa við Vesturveldin sé höfuðástæða hækkunarinnar.

Rússland, er annað stærsta olíuútflutningsríki heims á eftir Sádi-Arabíu. Menn óttast að þeir muni beita útflutningsstýringum til að gæta hagsmuna sinna. - kóp

Rússland og NATO:

Hermálasamstarf stöðvað

BRUSSEL, AP Höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel hefur borist bréf frá rússneskum hermálayfirvöldum, þar sem segir að þau hafi ákveðið að stöðva allt hermálasamstarf við bandalagið og aðildarríki þess.

Þessi tilkynning frá Moskvu er nýjasta skrefið í þeirri reiðilegu togstreitu sem átökin í Georgíu hafa komið af stað milli Rússlands og NATO.

Utanríkisráðherrar NATO ákváðu á bráðafundi á þriðjudag að ekki yrði reynt að kalla saman samstarfsráð Rússlands og NATO, fyrr en eftir að Rússar hefðu kallað herlið sitt frá Georgíu. - aa

Hagfræðingar spá kreppu:

Ástandið á eftir að versna mikið

EFNAHAGSMÁL „Niðursveiflan er ekki búin og botninn er ekki í sjónmáli," sagði Myron Scholes á ráðstefnu Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði í Þýskalandi í gær. Scholes, sem hlaut Nóbelsverðlaun árið 1997, telur alþjóðlega efnahagskreppu í vændum.

JOSEPH STIGLITZ

Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz kenndi skorti á virku eftirliti með fjármálafyrirtækjum um. Sérstaklega gagnrýndi hann fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna Alan Greenspan fyrir að hafa brugðist skyldu sinni, en Greenspan hefði átt að hafa hemil á skuldasöfnun bandarískra neytenda og stöðva sprengingu í útgáfu vafasamra skuldvafninga. „Allir mestu hugsuðir efnahagslífsins brugðust skyldum sínum," sagði Stiglitz. -msh

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

NÝTT ÚRKOMUSVÆÐI
Núna eftir hádegi tekur úrkomuloft land vestan til og má má búast við töluverðri rigningu um miðjan dag víða á vesturhluta landsins. Hins vegar verður fínasta veður austan til lengst af, bjart með köflum og hlýtt. Ekki sér fyrir endann á úrkomuloftinu næstu daga þó vissulega verði að mestu þurrt eystra.



Á MORGUN 5-8 m/s
SUNNUDAGUR 5-10 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	20°
Ósló	18°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	19°
London	20°
París	22°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	27°
Berlín	25°
Alicante	29°
Mallorca	30°
Basel	27°
Eindhoven	21°
Las Palmas	28°
New York	28°
Orlando	31°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Kalkúnn
á dúndur verði!

OPIÐ til 20 alla daga

Gott að eiga í frystinum!

699 kr/kg
Merkt verð 898.-

Kalkúnn
- frosinn

35% afsláttur við kassa

493 kr/pk
Merkt verð 759.-

Kjúklingavængir
- fulleldaðir og tilbúnir til neyslu

Kjöt & fisktorgið Alltaf ferskt

25% afsláttur

1.473 kr/kg
Verð áður 1.965.-

Lambasirloin
- bláberjalegið

Kjöt & fisktorgið Alltaf ferskt

30% afsláttur

1.818 kr/kg
Verð áður 2.598.-

Svínalundir
- úr kjötborði

Kjöt & fisktorgið Alltaf ferskt

30% afsláttur

2.098 kr/kg
Verð áður 2.998.-

Nautainnralæri
- úr kjötborði

Svínakjötsútsala

Kjöt & fisktorgið Alltaf ferskt

34% afsláttur

549 kr/kg
Verð áður 829.-

Svínalæri
- úr kjötborði

Kjöt & fisktorgið Alltaf ferskt

43% afsláttur

399 kr/kg
Verð áður 698.-

Svínasíða
- úr kjötborði

Kjöt & fisktorgið Alltaf ferskt

46% afsláttur

399 kr/kg
Verð áður 735.-

Svínabógur
- úr kjötborði

Gildir til 24. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Er rétt að takmarka aðgang RÚV að auglýsingamarkaðnum?

Já	57,3%
Nei	42,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt af Matthíasi Johannessen að birta trúnaðarsamtöl úr dagbókum sínum á netinu?

Segðu þína skoðun á visir.is.

Ólykt leggur yfir Mosfellsbæ frá urðunarsvæðinu í Álfsnesi í norðanátt:

Íbúarnir kvarta yfir sorpfnyk

UMHVERFISMÁL „Í andvara í norðanátt berst þessi lykt og maður finnur hana af og til," segir Þorsteinn Narfason, heilbrigðisfulltrúi í Mosfellsbæ, um sorpfnyk sem leggur yfir bæinn frá urðunarsvæði Sorpu í Álfsnesi þegar vindur er norðanstæður.

Langþreyttir bæjarbúar hafa haft samband við Fréttablaðið og sagt ástandið illþolanlegt þegar vindur sé hægur og að norðan. Þorsteinn segir lyktina hafa verið sérlega stæka nú nýverið.

„Um daginn var verið að ræða þetta á kaffistofunni hérna, því fólk hafði fundið lyktina, ekki bara utan dyra heldur inni í híbýlum líka," segir hann. Hann segir heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar hafa eftirlit með urðunarstöðinni.

„Við höfum fengið kvartanir sem við sendum áfram til þeirra. Það þarf að athuga hvaða reglur gilda um þessa starfsemi og hvort fyrirtækið fer eftir þeim," bætir hann við. „Á sínum tíma var lagt upp með miklu áhrifameiri áform um frágang á haugunum eftir hvern dag heldur en reyndin varð. Það reyndist útilokað að loka haugunum með jarðvegslagi daglega til að koma í veg fyrir lykt af svæðinu. En mér skilst að svæðið verði senn fyllnýtt og urðun þar með lokið." - jss

MOSFELLSBÆR Íbúar hafa kvartað undan sorpfnyk í hægri norðanátt í sumar.

Spenna á Vatnsleysuströnd:

Íbúar Voga vilja raflínur í jörð

VOGAR Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Voga, tók í gær við undirskriftum 350 íbúa sveitarfélagsins. Er það vilji íbúanna að línumannvirki sem leggja þarf um land sveitarfélagsins meðfram Reykjanesbraut verði sett í jarðstreng en ekki loftlínu. Krafist er íbúakosningar ætli meirihluti bæjarstjórnar að fara gegn vilja fundarins.

Inga Sigrún Atladóttir, oddviti H-listans, minnihluta bæjarstjórnar Voga, segir Landsnet beita bæjarstjórnina þrýstingi en þessar 350 undirskriftir jafngildi hátt í helmingi kosningabærra manna í sveitarfélaginu. - ovd

LYFJA - Lifið heil

FENGU ÁFALLAHJÁLP Starfsmenn Altaks fengu áfallahjálp eftir slysið í fyrrakvöld. Forsvarsmaður Altaks segir mennina tvo sem létust ekki hafa haft verkfæri með sér ofan í rörið. Því skilji enginn hvaða erindi þeir áttu þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Voru varaðir við því að fara inn í rörið

Einn forsvarsmanna Altaks segir ómögulegt að segja til um hvaða erindi mennirnir tveir sem létust við Hellisheiðarvirkjun í fyrrakvöld hafi átt ofan í rörið. Þeir hafi verið varaðir við hættunni. Minningarathöfn fór fram í gær.

SLYS „Þetta var bara slys, bara sorg. Það er ekki nokkur leið að segja til um hvers vegna mennirnir fóru ofan í rörið, það munum við aldrei vita," segir Gunnar Pétursson hjá Vélsmiðjunni Altaki. Tveir rúmenskir starfsmenn fyrirtækisins, fæddir árin 1962 og 1975, létust við störf við Hellisheiðarvirkjun í fyrrakvöld. Fundust þeir meðvitundarlausir niðri í röri sem hafði verið tæmt vegna endurbóta. Yfirgnæfandi líkur eru taldar á því að mennirnir hafi látist úr súrefnisskorti.

Samkvæmt Gunnari hafði rörið sem mennirnir fóru ofan í ekki verið í rekstri síðan í júní. „Verkstjóri mannanna tveggja hafði látið þá vita og sagt þeim að fara alls ekki ofan í rörið. Verkstjórinn þurfti að bregða sér frá í önnur störf og þegar hann kom til baka, tíu mínútum eða korteri síðar, fundust mennirnir meðvitundarlausir. Einhverra hluta vegna hafa þeir því farið ofan í rörið. Hvers vegna er ómögulegt að segja til um. Þeir höfðu ekki með sér nein verkfæri ofan í rörið," segir Gunnar. Komið var að lokum vinnudagsins þegar slysið átti sér stað. „Í stað þess að mennirnir tækju saman og röltu í kvöldmat, þá gerðist þetta."

Gunnar segir að samkvæmt vinnureglum sé aldrei farið ofan í lokaða pípu nema tryggt sé að súrefnismæling hafi farið fram og súrefni dælt inn í rörið. „Það átti eftir að opna annað gat sem var aðeins lengra frá gatinu sem mennirnir fóru ofan í. Ef það hefði verið gert hefði orðið skaðlaust að fara ofan í rörið." Hann segist hafa þekkt mennina sem létust vel. Þeir hafi verið virkilega góðir drengir og starfsfólki Hellisheiðarvirkjunar sé illa brugðið.

Krufning á líkum mannanna fer fram í dag. Samkvæmt Oddi Árnasyni, yfirlögregluþjóni á Selfossi, er málið rannsakað sem slys. Vinnueftirlit ríkisins tekur einnig þátt í rannsókninni í samvinnu við lögreglu. Bráðabirgðaniðurstöðu er að vænta í næstu viku.

Minningarathöfn um mennina var haldin við Hellisheiðarvirkjun í gær. Timur Zolotuskiy, prestur rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi, hafði umsjón með athöfninni og naut hann aðstoðar starfsfólks Rauða krossins.

kjartan@frettabladid.is

Gísli Marteinn Baldursson gegnir varaforsetastöðu frá Edinborg:

Gísli verður annar varaforseti

STJÓRNMÁL Gísli Marteinn Baldursson var í gær kjörinn 2. varaforseti borgarstjórnar. Sem slíkur á hann sæti í forsætisnefnd en seta í henni gefur honum 108.344 krónur mánaðarlega sem bætast við þær 216.688 krónur sem hann fær sem borgarfulltrúi. Gísli Marteinn dvelur næsta vetur við nám í Edinborg.

„Ég væri ekki að taka neitt að mér sem ég teldi mig ekki geta sinnt. Við teljum að ég geti vel sinnt þessu hlutverki," segir Gísli Marteinn. Hann bætir við að hann muni verða í mörgum ólaunuðum vinnuhópum einnig, en enginn hafi nokkuð um það að segja.

Gísli skrifaði á bloggsíðu sína fyrir nokkrum dögum: „Ég mun eingöngu vera í borgarstjórn og ég mun mæta á alla þá fundi þar sem mér frekast er unnt." Hann segir að ekki hafi verið ljóst að hann yrði varaforseti þegar þetta var skrifað. „Hins vegar stendur að ég mun ekki verða í neinum fagráðum eða nefndum."

Forsætisnefnd á að funda að jafnaði tvisvar í mánuði og hefur margvísleg hlutverk samkvæmt samþykkt. Í raun hefur hún aðeins fundað fimm sinnum á árinu og stundum hefur Hanna Birna verið eini skipaði fulltrúinn á fundum. Forseti hefur gegnt skyldum nefndarinnar.

„Ef afgreiða þarf hluti formlega boðar forseti fund sérstaklega og ég verð á þeim. Fyrst og fremst snýst þetta samt um að leysa forseta af á borgarstjórnarfundum," segir Gísli Marteinn. - kóp

ANNAR VARAFORSETI Gísli Marteinn Baldursson mun fljúga frá Edinborg á borgarstjórnarfundi.

Betri tilboð!

ÍRSKAR SVÍNALUNDIR

959 kr/kg

~~1.599~~ kr/kg

DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g

859 kr/pk.

~~959~~ kr/pk.

GOÐI

ALVÖRU HAMBORGARAR 2x175g

398 kr/pk.

~~568~~ kr/pk.

Ali

SVÍNAKÓTELETTUR **MEXÍKÓKRYDDAÐAR**

1.499 kr/kg

~~1.998~~ kr/kg

Ali

PARTÝ SKINKA, SOÐIN

1.597 kr/kg

~~2.129~~ kr/kg

GOÐI

SVIÐ

179 kr/kg

~~229~~ kr/kg

HUMARASKJA 2kg

3.990 kr

CHICAGO TOWN PIZZA **M/FYLLTUM ENDA**

489 kr/stk.

~~699~~ kr/stk.

PEPSI MAX 2l

119 kr/stk.

~~159~~ kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 21. - 24. ÁGÚST

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða þekkti leikari mun þreyta frumraun sína á sviði í haust?*

2 *Hver hefur stofnað jarðhitafyrirtækið Reykjavík Geothermal?*

3 *Hvað hét bandaríska flugvélin sem aðstoðaði Landhelgisgæsluna við æfingar fyrr í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Breska leyniþjónustan hefur rannsakað málið og komist að niðurstöðu:

Hryðjuverkamenn eru ólíkir

BRETLAND, AP Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem komið hafa nálægt hryðjuverkastarfsemi í Bretlandi eru hvorki einfarar né trúarofstækismenn. Þetta kemur fram í skýrslu bresku leyniþjónustunnar MI5, sem breska dagblaðið Guardian komst yfir og birti að hluta.

Leyniþjónustan hefur lengi reynt að finna, hvaða séreinkenni kunni að vera sameiginleg með hryðjuverkamönnum, svo auðveldara verði að finna slíka einstaklinga áður en þeir láta til skarar skríða.

Niðurstaða þeirra rannsókna er hins vegar sú að „Þeir sem verða hryðjuverkamenn eru býsna sundurleitur hópur einstaklinga, sem falla ekki undir neinn ákveðinn flokk manna, né heldur fylgja þeir neinum dæmigerðum leiðum inn á braut ofbeldis og öfga," að því er segir í Guardian.

Flestir þeirra hundraða einstaklinga, sem leyniþjónustan hefur rannsakað, eru reyndar karlkyns, en þeir eru ekki einstæðingar. Þvert á móti eru flestir þeirra kvæntir feður. Auk þess eru fæstir þeirra trúarofstækismenn, heldur hafa þeir lítinn skilning á trúarbrögðum og margir þeirra drekka áfengi, nota eiturlyf og sækja í vændiskonur. - gb

SVIPAST UM Á FLUGVELLI Breska lögreglan hefur við fátt að styðjast til að þekkja hryðjuverkamenn úr fjöldanum.

NORDICPHOTOS/AFP

Verjandi grunaðs nauðgara:

Fær ekki að lesa skýrslu þolanda

DÓMSMÁL Verjandi manns sem grunaður er um nauðgun fær ekki aðgang að framburðarskýrslu meints þolanda í málinu. Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms þess efnis.

Konan, sem er um þrítugt, kærði manninn, sem er um sjötugt, fyrir nauðgun 12. ágúst síðastliðinn. Meint nauðgun átti sér stað á heimili mannsins, en hann er yfirmaður konunnar. Hann losnaði úr gæsluvarðhaldi 16. ágúst. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að rannsókn málsins sé of skammt á veg komin til að hægt sé að veita aðgang að skýrslum. - sh

DAVID MCKIERNAN Bandarískur hershöfðinginn segir árásir skæruliða hafa aukist til muna.

Átökin í Afganistan:

Skæruliðar ráða landamærum

AFGANISTAN, AP **Í skjóli upplausnar í Pakistan hafa afganskir skæruliðar náð traustari yfirráðum yfir landamærasvæðinu og það gerir þeim kleift að undirbúa æ bíræfnari árásir á alþjóðaliðið í Afganistan. Þetta segir yfirmaður liðsins, bandarískur hershöfðinginn David D. McKiernan.**

McKiernan tók fyrr í sumar við yfirstjórn alþjóðaliðsins ISAF. Hann segir að árásir skæruliða hafi aukist til muna í ár.

Fyrr í vikunni gerðu skæruliðar talibana frönskum hermönnum í eftirlitsleiðangri fyrirsát í fjallagljúfri í aðeins 35 km fjarlægð frá Kabúl. Tíu Frakkar dóu í bardaganum. - aa

Furða sig á orðum ráðherra

Samgönguráðherra segir að þrýst hafi verið á sig að fresta Dýrafjarðargöngum. Sveitarstjórnarmenn furða sig á orðum ráðherra og óttast niðurskurð. Ráðherra segir það af og frá og samgönguáætlun standi.

SAMGÖNGUMÁL Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði í viðtali við Sæðisútvarp Vestfjarða að almenningur jafnt sem sveitarstjórnarmenn, sem hann vill ekki nafngreina, hafi þrýst á hann að fresta göngum á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og setja í staðinn á dagskrá göng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar. Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum furða sig á ummælum ráðherra og spyrja sig hvort niðurskurðarhnífurinn sé á lofti. Það aftekur ráðherra með öllu og segir að samgönguáætlun standi óbreytt.

HALLDÓR HALLDÓRSSON

KRISTJÁN L. MÖLLER

Kristján tekur af allan vafa um að áætlanir um Dýrafjarðargöng standi þegar hann er spurður hvort komi til greina að hætta við framkvæmdina. Eins að margir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum hafi komið því á framfæri við sig að Dýrafjarðargöng séu mikilvægasta verkefnið í samgöngumálum á Vestfjörðum, svo hann þekki hug þeirra. „Hins vegar var mikil umræða um samgöngumál í vetur eftir snjóflóð í Súðavíkurhlíðinni. Þá höfðu margir samband við mig varðandi fyrirætlanir um göng í fjórðungnum og þeim var efst í huga snjóflóð og sú hætta sem þeim fylgja. Ég hugsaði með mér að það væri jákvætt að þessi umræða færi í gang um hvort Dýrafjarðargöng væru forgangsmál í því samhengi." Kristján segir að Vegagerðin hafi nýlega auglýst tillögu um matsáætlun um Dýrafjarðargöng og vonast til að engar tafir verði á að útboð fari fram.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Fjórðungssambands Vestfjarða, segir ummæli Kristjáns koma eins og þruma úr heiðskíru lofti og hann viti ekki hvað honum gangi til. „Ég er búinn að heyra í sveitarstjórnarmönnum vítt og breitt á Vestfjörðum og enginn þeirra kannast við að hafa rætt við Kristján á þessum nótum." Halldór segir að sú stefna hafi verið samþykkt á Fjórðungsþingi árið 1997 eftir tveggja ára yfirlegu að klára veg um Djúp og Barðastrandarsýslu inn á þjóðveg 1 og tengja á milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða.

Aðspurður um orð Kristjáns um að hann vilji umræður um samgöngumál til að ganga úr skugga um að Dýrafjarðargöng séu forgangsmál, segist Halldór ekki skilja af hverju. „Það eru samgöngubætur á milli þessara svæða sem eru lífsnauðsynlegar til að styrkja byggð á Vestfjörðum." svavar@frettabladid.is

SÚÐAVÍKURHLÍÐ 7. FEBRÚAR Snjóflóð féllu í vetur sem varð til þess að samgönguráðherra fékk áskoranir um jarðgöng sem taka af þennan erfiða vegarkafla.

MYND/HS

STAÐREYNDIR UM DÝRAFJARÐARGÖNG

- Jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verða 5 kílómetrar að lengd.
- Göngin hafa lengi verið á dagskrá en verið frestað ítrekað.
- Stefnt er að því að bjóða verkið út síðla árs 2009 eða í byrjun árs 2010.
- Þau verða opnuð fyrir umferð 2012 að óbreyttu.
- Með göngum leggst af vegur um Hrafnseyrarheiði sem er orðinn 50 ára gamall.
- Leiðin milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar eða Ísafjarðar og Reykjavíkur styttist um 30 kílómetra.

Ljósmyndaverslanir fá hrós fyrir góða þjónustu:

Fotoval og Beco þjónusta vel

Á föstudögum er venjan að hrósa fyrir gæði eða þjónustu. Jóhannes sendi okkur bréf:

Mig langar til þess að segja frá versluninni Fotoval í Skipholti en þeir eru frábærir. Gott dæmi er verðið á Nikon D3 sem er hágæðamyndavél. Hjá Ormsson kostar hún 689 þúsund en hjá Fotoval kostar hún 560 þúsund. Fotoval er ekki aðeins með framúrskarandi verð fyrir íslenskan markað heldur eru þeir einnig með frábæra þjónustu, þeir gera hlutina vel fyrir lítinn pening.

Beco á Langholtsvegi fá líka hrós frá sínum viðskiptavinum. Árni Sigurjónsson segist hafa fengið mjög góða þjónustu hjá Beco á Langholtsvegi.

Ég fór með Canonvél til þeirra sem var hætt að fókusa. Linsan reyndist vera gölluð og þurfti að skipta henni út sem hefði verið mjög dýrt, 25.000 krónur var mér sagt. Vélin var keypt erlendis og því ekki í ábyrgð hjá þessu fyrirtæki. Hins vegar buðust þeir til að kanna málið við Nýherja sem er með umboð fyrir Canonmyndavélar og þar féllust menn á að taka ábyrgð á minni vél. Við þetta má bæta að Beco endurgreiddi mér óumbeðið skoðunargjald sem annars er alltaf greitt fyrirfram þegar komið er með vélar til viðgerðar hjá þeim.

HELGA PÓREY
neytendur@frettabladid.is

Börkur segir sömu sögu af þjónustunni hjá Beco:

Þannig er mál með vexti að ég átti frábæra stafræna Canonmyndavél sem ég keypti í Danmörku fyrir 4 árum. Um daginn urðu allar myndir bleikskýjaðar. Ég fór með vélina til Canon-söluaðilans á Akureyri og var mér tjáð að eitthvert myndkort væri farið í vélinni og spurning hvort borgaði sig að gera við hana. Mér var nú samt sagt að hafa samband við Beco þar sem þeir væru einu aðilarnir sem gerðu við svona vélar. Vélin var svo send þangað og til að gera langa sögu stutta þá fékk ég nýja vél, miklu flottari, fyrir tilstilli Beco en Nýherji er umboðsaðili, þannig að einhvern heiður eiga þeir.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð

Fíton/SÍA

KYNNTU ÞÉR GLÆSILEGT LEIKÁR Í BORGARLEIKHÚSBLAÐINU

Og svo skella allir sér á áskriftarkort!
4 sýningar á einungis **8.900 kr.**

Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

Kynntu þér dagskrána

Borgarleikhúsblaðinu var dreift um land allt í dag með 24 stundum og Morgunblaðinu. Ef þú vilt fá sent eintak, hafðu þá samband við miðasölu okkar á midasala@borgarleikhus.is og við sendum þér blað um hæl.

Áskriftarkort

Hringdu núna í síma **568 8000** eða farðu á **borgarleikhus.is** og tryggðu þér kort

Borgarleikhúsið

NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

Minnihluti gagnrýnir Framsókn og Sjálfstæðisflokkinn harðlega

Nýr borgarstjóri vill stórauka samstarf flokkanna. „Eini leikurinn í stöðunni," segir Óskar Bergsson. „Ljótasti leikurinn," segir Dagur B. Eggertsson. „Framsókn hefur ekkert lært," segir Svandís Svavarsdóttir. „Óheilindi, svik og prettir," segir fráfarandi borgarstjóri.

REYKJAVÍK Mikið gekk á í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær, þegar fjórði borgarstjórinn á kjörtímabilinu, Hanna Birna Kristjánsdóttir, var kjörinn.

Stjórnarandstaða og fráfarandi borgarstjóri spöruðu ekki stóru orðin og ekki heldur Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknar og fyrrum félagi stjórnarandstöðu.

Hanna Birna borgarstjóri viðurkenndi mistök Sjálfstæðisflokksins á kjörtímabilinu. „Ábyrgðin var okkar." Hún reifaði nauðsyn þess að mynda nýja meirihlutann. Gagnkvæm virðing og málamiðlanir hefðu ekki verið til staðar milli sjálfstæðismanna og Ólafs F. Svo hafi verið komið að „við áttum ekkert val".

Á fundinum var mikið rætt um „ruglið" sem hefði einkennt kjörtímabilið og Hanna Birna vildi ekki lofa því að nú félli allt í ljúfa löð. Betra væri að lofa sem minnstu.

Hún biðlaði til allra flokka að auka samstarf í borgarstjórn og sagðist vilja formgera slíkt starf.

Ólafur F. Magnússon, fyrrum borgarstjóri, sagðist hafa verið leiddur til slátrunar af Sjálfstæðisflokki í þriðja sinn. Hann ræddi um „vélráð, óheilindi, svik og pretti" fyrrum samstarfsflokks síns. „En ég er ekki búinn, ég kem aftur."

Dagur B. Eggertsson, Samfylkingu, sagði að þau viðmið og vinnubrögð sem hefðu ríkt í Ráðhúsinu væru ekki til eftirbreytni. „Við eigum ekki að kenna börnunum okkar þetta," sagði hann. „Við viljum ekki svona samfélag [...] þar sem orð standa ekki".

Nú hefði ríkt sex mánaða stjórnarkreppa í boði Sjálfstæðisflokks, sem hefði horft í augu kjósenda og sagt þeim að allt væri í lagi. „Á að bjóða kjósendum upp á að Sjálfstæðisflokkurinn skipti um skoðun á sex mánaða fresti?" spurði Dagur.

Svandís Svavarsdóttir, VG, sagði smáflokka „auðveld fórnarlömb" Sjálfstæðisflokksins. Hún reifaði þá hugmynd að breyta sveitarstjórnarlögum, svo „sætir bitlingar" brjóti síður niður lítil framboð.

Hún styddi Hönnu Birnu til góðra verka, en ekki til að spilla félagsmálakerfi borgarinnar, né í því að auka misrétti eða spilla náttúruperlum.

Óskar Bergsson, úr Framsókn, svaraði fyrrum félögum sínum fullum hálsi og sagði meirihlutann myndaðan vegna „ákalls úr samfélaginu". Þetta hefði verið eini leikurinn í stöðunni.

Hann gerði lítið úr því að minnihlutinn þættist nú vammlaus og sakaði Dag B. Eggertsson um lýðskrum. Hann tæki eigin hagsmuni, eða Samfylkingarinnar, fram yfir hugsjónir félagshyggjufólks. Pólitík Samfylkingar væri „ómerkileg kjaftapólitík".

Á fundinn vantaði þau Sigrúnu Elsu Smáradóttur og Gísla Martein Baldursson.

klemens@frettabladid.is

FRÁ BORGARSTJÓRNARFUNDI Bekkur var ekki fullskipaður fyrr en ungliðar minnihlutans létu sjá sig. En stuðningsmenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks voru í meirihluta og klöppuðu fyrir sínu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MÁLEFNIN

- Aðgerðaráætlun vegna breytts efnahagsástands verði lögð fram fyrir 1. október.
- Metnaðarfull fjölskyldustefna.
- Rannsóknir vegna Bitruvirkjunar hefjist á ný.
- Lóðaúthlutanir til fólks og fyrirtækja til að auðvelda fólki að búa í borginni.
- Grænu skrefin stigin áfram. Aukin endurvinnsla sorps.
- Viðræður við ríkið vegna Sundabrautar og skipulagsvinna vegna Vatnsmýrarinnar á grundvelli hugmyndasamkeppninnar.
- Kröftug uppbygging, samhliða verndun, í skipulagsákvörðunum.
- Nýtt aðalskipulag á kjörtímabilinu.
- Sátt um REI með fjárfestingasjóði, öllum opinn.
- Bætt þjónusta, opnari stjórnsýsla.

EMBÆTTISSTÖRFIN

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, dæsti í miðri upptalningu sinni um skipan í nefndir. Honum hefur eflaust verið hugsað til upptökuvéla ríkisútvarpsins þegar hann sagði: „Þetta er nú ekki mjög áhugavert útvarpsefni."

Sjónvarpsfréttamaður hóf upptöku fullum hálsi af palli fjölmiðlanna og glumdi í salnum, meðan forseti borgarstjórnar las lágróma upp skipan í nefndir. Hastað var á fréttamann, nokkrum sinnum.

Flestir borgarfulltrúar styttu sér stundir á netinu, meðan á fundi stóð, og ófáir skoðuðu farsíma sína grannt. Júlíus Vífill blaðaði þó í stórri skruddu upp á gamla mátann. Kjartan Magnússon var áhugasamur og fylgdist með öllu sem fram fór.

TEKIST Á Í RÆÐUSTÓL

Dagur B. Eggertsson:
„Ég sé að hátt í 30 manns hafa svarað kalli nýs meirihluta [og mætt á pallana]."

„Óskar Bergsson hafði ekki sterk bein, skynsemi, þolinmæði eða sjálfstraust til þess að standa á þeim prinsippum sem hann sjálfur lagði niður í janúar."

Svandís Svavarsdóttir:
„Smáflokkar eru auðveld fórnarlömb [...] þeir fá völd ekki í gegnum fylgi, heldur fylgilag."

„Nýr meirihluti er myndaður eftir höfði fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins og ritstjóra Fréttablaðsins, þetta er meirihluti hans; stóriðju- og virkjanameirihluti Þorsteins Pálssonar."

Óskar Bergsson:
„[Ólafur F. Magnússon] er einn arfaslappasti guðfaðir sem sögur fara af."

„Allt tal [Dags] um kosningar er lýðskrum [...] það er ekki hægt að vera svo upptekinn fyrir framan spegilinn að vita ekki hvað er að gerast í kringum sig [...] fólk sem aðhyllist félagshyggju hefur alltof oft verið óheppið með foringja [...] Samfylkingin er að koma í veg fyrir að vinstri fólk geti starfað saman."

Dagur:
„Var ég ekki nógu góður við þig? [...] Ég get þó litið í spegilinn án þess að líta undan."

Svandís:
„[Óskar] er peð á taflborði Guðna Ágústssonar [...] ég vona að hann hafi fengið útrás fyrir móralinn. Óskar var að tala við samviskuna í sjálfum sér, ég vona að hann sofi betur í nótt."

Hann Birna Kristjánsdóttir:
„Ykkur líður ef til vill eins og þið séuð stödd í fjölskylduboði?"

HELSTU FORMENN RÁÐA

Fimm af fimmtán breytast ekki:

Borgarráð: Óskar Bergsson
- Var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Stjórn Framkvæmda- og eignasjóðs: Óskar Bergsson
- Var Jórunn Frímannsdóttir

Menntaráð: Kjartan Magnússon
- Var Júlíus Vífill Ingvarsson

Íþrótta- og tómstundaráð: Kjartan Magnússon
- Óbreytt (Í fjarveru Bolla Thoroddsen)

Skipulagsráð: Júlíus Vífill Ingvarsson
- Var Hanna Birna Kristjánsdóttir

Umhverfis- og samgönguráð: Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
- Var Gísli Marteinn Baldursson

Leikskólaráð: Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
- Óbreytt

Velferðarráð: Jórunn Frímannsdóttir
- Óbreytt

Mannréttindaráð: Marta Guðjónsdóttir
- Var Sif Sigfúsdóttir

Menningar- og ferðamálaráð: Áslaug Friðriksdóttir
- Var Þorbjörg Helga

Stjórnkerfisnefnd: Jórunn Frímannsdóttir
- Var Gísli Marteinn

FULLTRÚAR HJÁ HELSTU FYRIRTÆKJUM

Formaður stjórnar Faxaflóahafna: Júlíus Vífill Ingvarsson
- Óbreytt

Formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur: Guðlaugur G. Sverrisson
- Var Kjartan Magnússon

Formaður stjórnar Sorpu: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
- Óbreytt

Fulltrúi í stjórn Strætós: Jórunn Frímannsdóttir
- var Gísli Marteinn

GALLERY
TURPENTINE

KARÓLÍNA LÁRUSDÓTTIR

Í LEIT AÐ HIMNARÍKI

OPNUN SÝNINGAR
FÖSTUDAGINN 22. ÁGÚST
FRÁ KL. 17:00 - 19:00

GALLERY TURPENTINE INGÓLFSSTRÆTI 5 101 REYKJAVÍK 5510707 TURPENTINE.IS

Ungliðahreyfingar Samfylkingar og Vinstri grænna mótmæltu við Ráðhúsið:

Krýndu nýjan borgarstjóra

STJÓRNMÁL „Okkur líkar ekki sú pólitík sem fram fer í Ráðhúsinu," segir Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður Ungra Vinstri grænna en ungliðahreyfingar Samfylkingar og Vinstri grænna stóðu í gær fyrir óvenjulegum mótmælum fyrir framan Ráðhús Reykjavíkur.

Þar var meirihlutaskiptum í borgarstjórn mótmælt. Nýr borgarstjóri var valinn með stólaleik og í strætóskýli við Vonarstræti var fólki boðið að kjósa nýja borgarstjórn.

„Við erum svolítið að gera grín að þeim aðstæðum sem upp eru komnar," segir Auður. Hún segir meirihlutaskiptin vera lögleg en siðlaus. „Þetta er pólitík sem snýst um stóla en ekki hugsjónir eða borgarbúa."

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna, segir hreyfingarnar hafa staðið fyrir mótmælunum til að minna borgarbúa á slæm vinnubrögð í Ráðhúsinu að undanförnu.

Hún segir fólk hafa tilhneigingu til að finnast þrjár síðustu meirihlutamyndanir allar vera sami grauturinn en svo sé þó ekki. „Ég held að fólk nenni þessu kjaftæði ekki lengur en þá verðum við að hafa í huga að ef okkur þykir vænt um borgina okkar þá verðum við að halda áfram að láta í okkur heyra," segir Anna Pála.

„Við hvetjum borgarbúa til að muna eftir því sem gerst hefur á þessu kjörtímabili og kjósa samkvæmt því í næstu kosningum," segir Anna Pála. - ovd

NÝR BORGARSTJÓRI Anna Pála Sverrisdóttir krýndi Uglu Egilsdóttur nýjan borgarstjóra eftir að Ugla hafði unnið embættið í stólaleik utan við Ráðhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

40 ár í Norræna húsinu

Afmælisdagskrá 22.-31. ágúst **Nánari upplýsingar á www.nordice.is**

1968 VIÐBRÖGÐ VIÐ BYLTINGU

Föstudagur 22. ágúst kl. 20.00
Rithöfundarnir **Sigurður Pálsson** og **Þórarinn Eldjárn** líta aftur til '68, árs stúdentauppreisna, frjálsra ásta - ársins þegar Norræna húsið var vígt. Hljómsveitin **Pops** flytur vinsæl lög frá tímabilinu.

1978 NORRÆN SAMVINNA

Mánudagur 25. ágúst
12.00 Sænska vísnasöngkonan **Hanne Juul og tríó.**
20.00 Björgvin G. Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlanda og **Þorbjörn Broddason**, prófessor leiða umræður um Norræna húsið og norræna samvinnu. Stuðmennirnir **Egill Ólafsson** og **Valgeir Guðjónsson** flytja tónlist.

1988 FEGURÐ MÁLSINS

Þriðjudagur 26. ágúst kl. 20.00
Thor Vilhjálmsson vann bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1988. Hann rifjar upp þennan og fleiri bókmenntaviðburði ásamt **Halldóri Guðmundssyni** rithöfundi. **Tómas R. Einarsson** og félagar spila og **Ragnheiður Gröndal** syngur.

1998 UMHVERFI OG NÝSKÖPUN

Miðvikudagur 27. ágúst kl. 20.00
Umhverfismálin voru ofarlega á baugi árið 1998. Hefur einhver árangur náðst? Prófessor **Þorsteinn Ingi Sigfússon** og **Andri Snær Magnason** rithöfundur gefa álit. **Hjaltalín** spilar tónlist og sænska fjöllistakonan **Charlotte Engelkes** sýnir brot úr **einleiknum Sweet**.

2008 HANNAÐUR VERULEIKI

Fimmtudagur 28. ágúst kl. 18.30
Charlotte Engelkes flytur einleikinn Sweet sem er sambland af leikhúsi, kabarett og uppistandi. Tónlist frá **Retro Stefson, Reykjavík!** og **FM Belfast. Listahópurinn 128 hendur** sýnir í anddyri hússins.

2018 KOMANDI TÍMAR

Föstudagur 29. ágúst kl. 18.30
Næsta kynslóð tekur völdin í Norræna húsinu. Gjörningahópurinn **Kúmíkat,** hljómsveitirnar **Sykur, Ásgeir Eysteinn & Sæji** og danska sveitin **Skandals** leika framtíðarmúsík. Leikverk nemenda úr **Vinnuskóla Reykjavíkur.**

MENNINGARNÓTT

Laugardagur 23. ágúst, atburðir frá kl. 13.00
Flugdrekagerð fyrir börn, alþjóðleg ljóðahátíð **Nýhils**, gjörningur frá **Ísland-Panorama,** tónleikar **Steinunnar Soffíu Skjenstad** sópran og **Solmund Nystabakk** gítarleikara. **Pallborðsumræður** um torg í Reykjavík.

BUILDING - DESIGNING - THINKING

Laugar- og sunnudag, 30.-31. ágúst kl. 10.30
Þriðja alþjóðlega **Alvar Aalto-ráðstefnan** um nútíma byggingarlist í samvinnu við **Jyväskylä-háskólann** og **Alvar Aalto-akademíuna.** Ráðstefnan fer fram á ensku.

JAZZHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Laugardagur 30. ágúst kl. 19.00
Færeyska stórsveitin **Thórshavnar Stór Band** ásamt klarinettleikaranum **Hauki Gröndal**.

Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir góðan stuðning við afmælishátíðina:

VOX Restaurant / Bistro, Olís, Globus ehf,
Norræna Félagið og Statens Kulturråd í Svíþjóð

Aðgangur er ókeypis á afmælisdagskrá og sýningar. Bókasafn og sýningar eru opin alla daga vikunnar kl. 12-17. Bistro Alvar A er opið virka daga kl. 10-17, helgar kl. 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is sími: 551 7030

NORRÆNA HÚSIÐ

HANGANDI ÚR ÞYRLU Japanskir hermenn æfðu sig í að síga úr þyrlu á stórri heræfingu við rætur Fuji-fjalls. NORDICPHOTOS/AFP

Helsti leiðtogi breskra efasemdarmanna um Evrópusambandið:

Segir ESB snúast um völd en ekki lýðræði

UTANRÍKISMÁL „Það er einfaldlega ekki hægt að vera fullvalda lýðræðisríki með sjálfstjórn og samtímis í Evrópusambandinu. Svo einfalt er það," segir Nigel Farage, leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins.

Farage hélt í gær fyrirlestur í Þjóðminjasafninu, þar sem hann fjallaði vítt og breitt um Evrópusambandið og það litla álit sem hann hefur á því.

Hann ræður Íslendingum eindregið frá því að ganga í Evrópusambandið, enda segir hann Evrópusambandið alls ekki snúast um lýðræði heldur völd. „Ég þekki það af tíu ára setu minni á Evrópuþinginu, að þetta snýst allt um að gera Evrópusambandið að stórveldi á heimsvísu."

Þótt íslenska myntin sé lítil og óstöðug, þá segir hann stóru gjaldmiðlana ekki síður óstöðuga. Bæði evran og Bandaríkjadalur hafi sveiflast mikið og það síðasta sem Íslendingar ættu að gera sé að henda frá sér árinni í þeim stórsjó sem nú gengur yfir efnahag heimsins.

„Ef þið gangið í Evrópusambandið þá verðið þið eins og maður sem er staddur í brennandi húsi og kemst hvergi út," segir Farage ómyrkur í máli.

Breski sjálfstæðisflokkurinn (UK Independence Party) vann góðan sigur í Evrópuþingkosningunum árið 2004. Flokkurinn hlaut 2,7 milljónir atkvæða og 12 fulltrúa á Evrópuþingið, þar sem hann er þriðji stærsti flokkurinn frá Bretlandi. Í neðri deild breska þingsins á flokkurinn þó aðeins einn þingmann og tvo í lávarðadeildinni.

- gb

NIGEL FARAGE Finnur Evrópusambandinu flest til foráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

VIKA 29

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Rachid Benguella:

Hittir áhugavert fólk

„Hér á hótelinu þar sem ég vinn eru nokkrir fastagestir. Þar á meðal nokkrir eldri borgarar sem koma hingað reglulega, hittast hér, fá sér kaffi, te eða heitt súkkulaði og spjalla. Heimsóknir þeirra eru nokkuð reglulegar þótt þau komi nú oftar á veturna. Þetta er yfirleitt sama fólkið sem kemur en stundum er þó eitthvað af nýju fólki sem fylgir. Ég hef lítið getað kynnst þeim. Þau eru þó farin að kannast við mig og heilsa mér sum þegar þau koma. Annars var knattspyrnulið Aston Villa hérna á hótelinu um daginn. Einn af kostunum við að vinna á hóteli er að maður hittir áhugavert og stundum frægt fólk."

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

Á slóðum Arabíu-Lawrence

„Ég fór ásamt foreldrum mínum til Aleppo í Norður-Sýrlandi. Borgin er víst ein sú elsta í heimi. Stemningin var allt önnur en í Damaskus, að hluta til þar sem byggingarnar eru allt öðru vísi en einnig vegna þess hversu margir Kúrdar og Armenar búa í borginni. Aleppo er fræg fyrir góðan mat, pistasíuhnetur og sápu gerða úr ólífuolíu. Gömlu borgarmúrarnir eru ótrúlega vel varðveittir en borgin var mjög vinsæll áfangastaður ferðamanna á fyrri hluta síðustu aldar. T.E. Lawrence og rithöfundurinn Agatha Christie vörðu bæði nokkrum tíma í borginni og við heimsóttum hótelið sem þau gistu á. Agatha skrifaði hluta af bókinni Austurlandahraðlestin, eða Murder on the Orient Express, þegar hún bjó á hótelinu."

Algirdas Slapikas:

Menningarnótt undirbúin

„Ég er á fullu við að undirbúa menningarnótt í Reykjavík því við í Félagi Litháa á Íslandi fengum bás við Tryggingamiðstöðina á Ingólfstorgi," segir Algirdas. Í básnum ætla Litháar að kynna land sitt og menningu fyrir gestum menningarnætur milli klukkan þrjú og sex. „Við verðum með nokkur atriði og eitthvert nammi á borðum. Körfubolti er mjög vinsæll í Litháen og raunar er hann okkar þjóðaríþrótt. Við ætlum því að leyfa fólki að skjóta á körfur. Landsliðinu okkar í körfubolta gengur mjög vel á Ólympíuleikunum og er nú komið í undanúrslit eins og Íslendingar í handboltanum. Við erum einmitt að keppa við Spánverja í undanúrslitum í körfubolta á sama tíma og Íslendingar keppa við þá í handbolta. Ég fylgist með báðum leikjunum og vona auðvitað að bæði Litháar og Íslendingar vinni sína leiki."

LÖGREGLA MIÐLAR SÁTTUM Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson, fyrir miðju, segir það hafa gefið afar góða raun að láta sérþjálfaða lögreglumenn vera sáttamenn á sáttafundum. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Langflestir ánægðir með sáttamiðlunina

Sáttamiðlun, þar sem gerendur og þolendur í sakamálum eru látnir útkljá mál sín saman, hefur nú verið beitt um sextíu sinnum. Langflestir þátttakenda eru ánægðir með sáttafundina.

LÖGREGLUMÁL Vel á sjötta tug lögreglumála hafa verið tekin til svokallaðrar sáttamiðlunar eftir að sú leið var tekin upp hérlendis. Langflestir þátttakenda í sáttamiðlun eru ánægðir með ferlið, samkvæmt könnun lögreglu.

„Þetta er framtíðin," segir Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson, verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins hjá lögeglunni á höfuðborgarsvæðinu. Sáttamiðlun er bæði árangursríkari og ódýrari en að láta mál fara alla leið í dómskerfinu, en það tekur alla jafna um þrjár klukkustundir að ljúka máli með sáttamiðlun, en á bilinu tíu til tuttugu stundir án hennar.

Sáttamiðlun byggist á því að gerendur og þolendur í minni háttar sakamálum eru leiddir saman og látnir útkljá málið án þess að það fari nokkurn tíma fyrir dómstóla. Brotin sem þykja nægilega væg til sáttamiðlunar eru meðal annars minniháttar líkamsárásir og brot gegn valdstjórninni, þjófnaðir, eignaspjöll og hótanir. Leiðin á sér fyrirmyndir víða erlendis.

Lögregla hefur lagt spurningalista fyrir þátttakendur í ferlinu og hefur tekið saman niðurstöður þeirra fyrir tæplega helming málanna. Niðurstöðurnar sýna að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda í ferlinu, á bilinu 80 til 95 prósent, er ánægður með flest sem því við kemur, hvort sem um ræðir undirbúning fyrir fundinn, niðurstöðu hans, sanngirni sáttasamnings, fundarstað eða sáttamenn og hlutleysi þeirra.

Hafsteinn er sérstaklega ánægður með það hversu góða raun það hefur gefið hérlendis að láta sérþjálfaða lögreglumenn sjá um sáttafundi, en það tíðkast ekki á öðrum Norðurlöndum. „Lögreglumenn eru vanir að fást við gerendur og þolendur í brotamálum og þekkja innviði réttarkerfisins og okkur fannst þess vegna upplagt að nýta þeirra krafta," segir Hafsteinn.

Hafsteinn segir einnig mörg augljós dæmi um að sáttamiðlunin hafi forvarnargildi.

Ítarlegrar skýrslu um árangurinn af verkefninu er að vænta í haust og á Hafsteinn von á því að þar verði lagt til að skoða hvort unnt sé að nýta sáttamiðlum á fleiri dómstigum og hugsanlega í alvarlegri málum. Þannig yrði til dæmis unnt að leiða saman þolendur og gerendur á meðan dómsniðurstöðu eða beðið, eða jafnvel eftir að dómur fellur, og kynni það að hafa áhrif til refsilækkunar.

stigur@frettabladid.is

FLEST GENGIÐ AÐ ÓSKUM

Tilraunaverkefninu um sáttamiðlun var hleypt af stokkunum í október árið 2006, fyrst á höfuðborgarsvæðinu. Það var svo fært til annarra lögregluembætta í áföngum.

Nú hefur um 60 lögreglumálum verið beint í sáttamiðlunarfarveg um land allt. Nær öll málin hafa skilað tilætluðum árangri. Einungis eitt mál hefur komið upp þar sem málsaðilar náðu ekki sáttum á deilufundi og tvö þar að auki þar sem gerandinn uppfyllti ekki gerðan sáttasamning við þolanda.

Stefnt er að því að hækka á næstu árum hlutfall sakamála sem beint er í sáttamiðlunarfarveg.

Ný SUMARTILBOÐ

frábær



Stillanleg rúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	**259.900**
180x200	299.900	**279.900**
Scape	**Verð**	**Tilboð**
160x200	479.900	**459.900**
180x200	499.900	**479.900**

20% afsláttur af
hlífðardýnum og lökum
við dýnukaup

40% afsláttur
af flottu sængurverasettunum
í eftirfarandi stærðum:

140 x 220cm
200 x 200cm
200 x 220cm

10.000 kr. afsláttur af
öllum heilsurúmum

Sofia rúmstæði
með náttborðum
fyrir dýnu-stærð 160/180 x 200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900
Fataskápur
Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

Rúmstæði – 2 viðarlitir
fyrir dýnu-stærð 180
Tilboð **52.140** Verð áður 86.900
Fyrir Queen dýnu
Tilboð **47.940** Verð áður 79.900
Einnig til í 160 og King

Visco-X með botni og fótum
Hjónarúm stærð 180 x 210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90 x 210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150 www.svefn.is
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ



Ísland - Noregur. Árið 1973

Við höfum stutt íslenska landsliðið í tæpa hálfa öld.

STRÁKAR, TIL HAMINGJU MEÐ FRÁBÆRAN ÁRANGUR Í PEKING!



Icelandair hefur verið ötull stuðningsaðili íslenska landsliðsins í handknattleik í blíðu og stríðu í tæpa hálfa öld. Velgengni liðsins á Ólympíuleikunum í Peking er mikið fagnaðarefni. Við sendum liðsmönnum kærar kveðjur og við styðjum þá heils hugar til enn meiri afreka þegar dregur að úrslitum keppninnar.

Áfram Ísland - alltaf!

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

„ORÐRÉTT“

Hlemmur er víða

„Hann hefur hingað til verið eins og húsvörður á biðstöð þar sem setið er og beðið en kannski hann sé að átta sig á að þannig gengur þetta ekki fyrir sig.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, FORMAÐUR VG, UM FORSÆTISRÁÐHERRA

Fréttablaðið 21. ágúst.

Einfalt mál

„Ég tel að ef menn leika á eðlilegri getu og við náum alvöru leik þá óttast ég ekkert. Ég tel að þá höfum við alla burði til þess að ná góðum leik og góðum úrslitum á móti Norðmönnum.“

ÓLAFUR JÓHANNESSON, LANDSLIÐSÞJÁLFARI Í FÓTBOLTA

Fréttablaðið 21. ágúst

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ANDRÉ BACHMANN, TÓNLISTARMAÐUR OG BÍLSTJÓRI

Er að undirbúa jólahátíð fatlaðra

„Það er allt flott að frétta af mér. Haustið er að koma og það leggst vel í mig eins og ævinlega. Lífið og tilveran leggjast yfir höfuð vel í mig,“ segir André Bachmann, tónlistarmaður, strætisvagnabílstjóri og almennur gleðigjafi. André hefur dvalist töluvert á sjúkrahúsi í sumar en hefur jafnað sig fullkomlega að eigin sögn. Hann hefur nóg að gera við vinnu og fleira. „Ég gaf út disk um áramótin og hef verið að kynna hann síðan. Diskurinn heitir Með kærri kveðju og er fyrsti diskurinn minn í heil tólf ár, eða síðan ég gaf út plötuna Til þín árið 1996. Reyndar hef ég komið að útgáfu annarra diska á þessum tíma, og þá helst þeirra sem gefnir eru út til stuðnings góðra málefna,“ segir André. Hann þreytist að eigin sögn seint á því að láta gott af sér leiða. „Þessa dagana er ég að undirbúa jólahátíð fatlaðra og er þetta í 27. sinn sem ég vinn að þeirri hátíð. Ég lofa nokkrum góðum nöfnum, en vil ekki tjá mig um þau strax,“ segir hann og skellir upp úr.

„Svo eru skólarnir að hefjast og þá verður nú aldeilis nóg að gera í strætisvagnaakstrinum, með aukaferðum og hvaðeina. Það er aldrei að vita nema ég skelli mér í smá afslöppunarferð til Svíþjóðar fyrir jólin. Bróðir minn býr þar í smábænum Staffanstorp. Þangað reyni ég að fara fjórum til fimm sinnum á ári. Bærinn er vinalegur og þangað er alltaf gott að koma,“ segir André og snýr sér því næst að daglegu amstri, enda greinilega nóg um að vera hjá gleðigjafanum.

BORGARSTJÓRI

Embætti borgarstjóra var stofnað árið 1907 og ári síðar var Páll Einarsson skipaður fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur. Þrátt fyrir að Reykjavík væri aðeins 10 þúsund manna bær og yrði ekki formlega borg fyrr en 1964, reyndar eftir lögum frá 1962, var embættið kallað borgarstjóri.

Hanna Birna Kristjánsdóttir er 20. borgarstjórinn. Þegar Davíð Oddsson lét af störfum, árið 1991, höfðu 11, að honum meðtöldum, menn gegnt embættinu á 83 árum.

Á þeim 17 árum sem liðin eru síðan Davíð lét af störfum hafa 9 borgarstjórar gegnt embættinu; 4 sjálfstæðismenn, 3 fyrir R-listann, 1 samfylkingarmaður og einn fyrir F-lista og óháða.

SJÓNARHÓLL
UPPÞURRKUN SKERJAFJARÐARINS

VILHELM ANTON JÓNSSON
Tónlistarmaður.

Klikkuð hugmynd

„Mér finnst þessi hugmynd alveg klikkuð. Ég er hrifinn af öllum svona steiktum hugmyndum,“ segir Vilhelm Anton Jónsson um hugmyndir Björns Kristinssonar verkfræðings um að reisa varnargarð milli Seltjarnarness og Álftaness og þurrka upp Skerjafjörðinn til að afla nýs byggingarlands.

„Ég myndi vilja að þessi varnargarður yrði þannig úr garði gerður að hægt væri að virkja sjávarföllin til að búa til rafmagn handa þessari nýju byggð. Ef það væri gert finnst mér þessi hugmynd stórgóð. Þetta er alveg jafn raunhæft og allar þessar virkjanahugmyndir.“

Loks bætir Vilhelm við að sniðugt gæti líka verið að setja plexigler yfir Eyjafjörðinn.

Hringdu í síma
512 5050

ef blaðið berst ekki

Ólafur Ragnar og Dorrit heimsóttu Ólympíuþorpið

Ólafur Ragnar Grímsson er fyrsti íslenski forsetinn sem fer á Ólympíuleika. Forsetahjónin heilsuðu upp á íslenska hópinn í gær. Ólafur segir alla handboltastrákana geta lagt sig í forsetakosningum yrði kosið eftir mánuð.

KLOFAÐ Í VAGNINN Forsetafrúin sýndi fimi sína þegar hún klifraði á milli sæta í þessum forláta vagni sem flutti hjónin á milli staða í rigningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaief komu til Peking á miðvikudaginn. Þau skelltu sér á leik Íslands og Póllands fljótlega eftir lendingu og urðu vitni að frábærum sigri Íslands.

Í gær heimsóttu þau hjónin Ólympíuþorpið og virtust hafa afar gaman af. „Það er mikil upplifun að koma hingað. Bæði fróðleg og skemmtileg,“ sagði Ólafur Ragnar í samtali við Fréttablaðið en borgarstjóri Ólympíuþorpsins tók á móti þeim. Þar næst var haldið í vistarverur íslenska hópsins. Aðstæður kannaðar og spjallað við fólkið. Að lokum héldu þau hjónin í matartjaldið stóra með íslenska hópnum og snæddu með þeim hádegisverð. Ólafur Ragnar er fyrstur íslenskra forseta til þess að fara á Ólympíuleika. Ákvörðun hans um að koma til Kína var ekki öllum að skapi en forsetinn segist ekki skilja þann hugsunarhátt.

„Mér finnst skrítið að fyrirrennarar mínir og ég sjálfur hafi ekki fyrr komið á Ólympíuleika. Forsetinn er verndari íþróttahreyfingarinnar og hefur verið það frá stofnun lýðveldisins. Þetta er mesta íþróttahátíð heims og það er hreinlega undarlegt að forseti Íslands hafi ekki mætt hér áður,“ segir Ólafur Ragnar og bendir á að allir aðrir þjóðhöfingjar Norðurlandanna séu í Peking.

„Það hefði verið undarlegt ef forseti Íslands hefði ekki mætt. Það hefðu verið skilaboð um að íþróttirnar skiptu ekki máli eða það væri eitthvað rangt af hálfu Íslands að taka þátt í móti af þessu tagi. Ef Ísland tekur þátt í heimsmóti íþrótta af þessu tagi þá á forsetinn auðvitað að geta mætt. Þess utan þykir mér vænt um þetta verndarahlutverk. Að sýna íþróttafólkinu þá virðingu að koma hingað. Það snart mig þegar ég óskaði handboltastrákunum til hamingju með sigurinn að margir þeirra þökkuðu okkur fyrir að koma,“ sagði Ólafur Ragnar.

Vinsældir handboltastrákanna eru eðlilega miklar um þessar mundir. Hvernig heldur Ólafur Ragnar að forsetakosningar myndu fara ef það yrði kosið eftir mánuð og Ólafur Stefánsson myndi bjóða sig fram gegn honum?

„Ég held að hver sem myndi bjóða sig fram úr handboltalandsliðinu myndi örugglega vinna,“ sagði Ólafur léttur og hló dátt.

henry@frettabladid.is

VISTARVERUR HÓPSINS Ólafur Ragnar ræddi við íslensku Ólympíufarana í Ólympíuþorpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NAFNARNIR Forsetahjónin ásamt nafna forsetans, Ólafi Stefánssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áfram strákar!

Sendum öll styrkjandi hugskeyti til Peking í hádeginu í dag.
Kaupþing er stoltur styrktaraðili landsliðsins í handbolta.

KAUPÞING
Hugsum lengra

ENNEMM / SÍA / NM34792

FBL-GREINING: PAKISTAN EFTIR MUSHARRAF

Framhaldið óráðið

Pervez Musharraf sagði af sér sem forseti Pakistans í byrjun vikunnar. Leitin að arftaka hans er að hefjast, en óljóst er hvað tekur við.

Hvaða völd fær nýr forseti?
Musharraf var herforingi þegar hann gerði stjórnarbyltingu árið 1999 og tók sjálfur að sér stjórn landsins. Hann var áfram yfirmaður hersins allt fram á síðasta ár, þegar hann neyddist til að segja af sér hermennsku til að mega bjóða sig fram til nýs kjörtímabils sem forseti. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá, sem Musharraf átti sinn þátt í að semja, hefur forseti landsins mikil völd, en leiðtogar ríkisstjórnarflokkanna hafa heitið því að gera völd forsetans mun minni.

Hvað tekur við?
Margir vilja að Musharraf verði dreginn fyrir dóm fyrir að hafa misnotað völd sín, en fáir virðast þó búast við því að af því verði. Sjálfur ætlar Musharraf að búa áfram í landinu og virðist ekki hafa neinar áhyggjur af málshöfðun. Ólíklegt þykir að herinn muni skipta sér af stjórn landsins, þótt hann hafi beint eða óbeint stjórnað landinu meira og minna síðustu áratugina.

Hvað um dómarana?
Eitt af umdeildustu verkum Musharrafs á síðasta ári var að reka úr hæstarétti landsins dómara sem honum þóknuðust ekki, þar á meðal Iftikhar Chaudry, forseta hæstaréttar. Stjórnarflokkana greinir á um hvort þeir eigi allir að fá embætti sín eins og ekkert hafi í skorist. Sérstaklega hefur Chaudry verið umdeildur, bæði vegna pólitískra yfirlýsinga sem hann hefur gefið og vegna þess að hann dró í efa réttmæti þess að veita Asif Zardari, leiðtoga annars stjórnarflokkanna, uppgjöf saka svo hann gæti snúið heim úr útlegð fyrir þingkosningarnar.

FRÉTTASKÝRING: Flugslysið á Barajas-flugvellinum

FLUGTAK Farþegaþota í flugtaki yfir slysstað MD82-þotu Spanair-flugfélagsins á Barajas-flugvelli við Madríd í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flest flugslys verða í flugtaki eða lendingu

Flugslysið á Barajas-alþjóðaflugvellinum við Madríd á miðvikudag, þar sem 153 manns dóu, er eitt það mannskæðasta sem orðið hefur í Evrópu á síðustu árum og áratugum. Algengast er að slys verði í flugtaki eða lendingu.

Miðað við þá gríðarlegu aukningu sem orðið hefur í flugumferð eru flugslys mjög fátíð. Flugfarþegafjöldi í heiminum var um tveir milljarðar árið 2005. Meðalvöxtur á ári er talinn verða um fimm prósent og heildarfarþegafjöldinn verði þannig kominn í fjóra milljarða eftir um tvo áratugi. Með bættri tækni, bæði í flugvélum og á flugvöllum (svo sem til að stjórna blindflugslendingum), betri þjálfun flugmanna og flugumferðarstjóra og öðrum öryggisráðstöfunum er vonazt til að flugslysum fjölgi ekki í sama hlutfalli og flugumferðin eykst.

Meðal ráðstafana sem flugmálayfirvöld í Evrópu hafa gripið til í því skyni að minnka hættuna á slysum er að halda bannlista yfir flugfélög, hverra vélum er bannað að lenda á flugvöllum álfunnar. Á þessum lista Evrópusambandsins eru nú hátt í 90 flugfélög, flest afrísk.

Mannskæðasta flugslys í sögu farþegaflugs varð reyndar á spænskum flugvelli; þann 27. marz 1977 lenti Boeing 747-risaþota PanAm-flugfélagsins í árekstri við aðra eins risaþotu KLM-flugfélagsins þegar sú síðarnefnda var í flugtaki frá Los Rodeos-flugvelli á Tenerife á Kanaríeyjum. KLM-þotan skarst inn í búk PanAm-vélarinnar. Í slysinu fórust 583 manns.

Í Genf er stofnunin Aircraft Crashes Record Office (ACRO), sem heldur utan um allar tölulegar upplýsingar um flugslys í heiminum. Samkvæmt upplýsingum hennar var árið 2007 það öruggasta í flugi síðan árið 1963, talið í fjölda slysa. Þá urðu 136 flugslys, samanborið við 164 árið 2006. Dóu 965 manns í þessum 136 slysum síðastliðins árs. Talið í fjölda látinna var árið 2004 þó enn betra, þegar 766 manns dóu í flugslysum. Það var minnsta manntjónið sem orðið hafði í flugi á einu ári allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Mannskæðasta árið var 1972, þegar 3.214 manns fórust í flugslysum.

Nýleg flugslys í Evrópu

Mannskæð flugslys sem orðið hafa í Evrópu frá því um aldamótin eru eftirtalin:

22. ágúst 2006 í Úkraínu: Rússnesk Tupolev-vél með 170 manns um borð hrapar norður af Donetsk. Enginn kemst lífs af.

3. maí 2006 í Rússlandi: Airbus-þota hrapar í óveðri í Svartahafið, skammt undan Sotsí. Allir um borð, 113 manns, farast.

14. ágúst 2005 í Grikklandi: Farþegavél frá Kýpur með 121 manns innanborðs flýgur stjórnlaust yfir Grikklandi unz hún rekst á fjallshlíð norður af Aþenu. Allir um borð farast. Við rannsókn kemur í ljós að flugmennirnir höfðu misst meðvitund þegar þrýstingur féll snögglega í flugstjórnarklefanum vegna vanstillts ventils.

8. janúar 2003 í Tyrklandi: Farþegaþota Turkish Airlines með 76 manns um borð brotlendir við Diyarbakir. Þykkri þoku er kennt um.

1. júlí 2002 í Þýzkalandi: Á flugi yfir Überlingen í SV-Þýzkalandi rekast rússnesk farþegaþota og DHL-póstflutningavél saman. Allir sem um borð voru í báðum vélum, 71, farast, þar á meðal yfir 40 börn.

24. nóvember 2001 í Sviss: Lítil farþegaflugvél svissneska flugfélagsins Crossair hrapar í skóglendi í aðflugi að Zürich-flugvelli. 24 hinna 33 sem um borð voru farast.

8. október 2001 á Ítalíu: 118 manns farast á flugvellinum í Mílanó, þegar Cessna-einkaflugvél lendir í vegi fyrir farþegavél SAS-flugfélagsins, sem var á leið í loftið. Þykk þoka var þegar slysið varð.

4. október 2001 í Úkraínu: Rússnesk Tupolev-farþegaþota er skotin niður fyrir slysni yfir Svartahafi af æfingaeldflaug Úkraínuhers. 78 manns farast.

25. júlí 2000 í Frakklandi: Skömmu eftir flugtak frá París hrapar hljóðfrá Concorde-þota og brotlendir á hóteli. Alls farast 113 manns. Við rannsókn kemur í ljós að stykki úr sprungnum hljóðbarða lenti á eldsneytisgeymi sem orsakaði sprengingu.

Samkvæmt könnun á orsökum 1.843 flugslysa um allan heim á tímabilinu 1950 til 2006 skiptast orsakirnar svona niður:

53 prósent:	Mistök flugmanns
21 prósent:	Tæknileg bilun
11 prósent:	Veður
8 prósent:	Önnur mannleg mistök (flugumferðarstjórn, röng hleðsla flugvélar, mistök í viðhaldi, mengað eldsneyti, misskilningur vegna tungumála-örðugleika o.fl.)
6 prósent:	Hermdarverk (sprengja, flugrán, vél skotinniður)
1 prósent:	Aðrar orsakir

Í könnuninni voru slys herflugvéla, einkaflugvéla og leiguflugvéla ekki tekin með í reikninginn.

Mannleg mistök algengust

Um áttatíu prósent allra flugslysa verða í flugtaki eða lendingu og stór hluti þeirra er rakinn til „mannlegra mistaka“. Slys í miðju flugi eru sjaldgæf, en koma fyrir. Dæmi eru um að sprengja valdi slíku slysi, eins og tilfellið var með Lockerbie-slysið svonefnda árið 1988, eða árekstur í lofti eins og yfir Überlingen árið 2002.

Í samantekt sem Boeing-flugvélaverksmiðjurnar létu gera á orsökum 183 slysa á tímabilinu 1996 til 2005, þar sem farþegaþotur eyðilögðust, voru niðurstöðurnar þessar:

55 prósent:	Mistök flugáhafnar
17 prósent:	Bilun í flugvél
13 prósent:	Veður
7 prósent:	Ýmislegt/annað
5 prósent:	Flugumferðarstjórn
3 prósent:	Viðhald

Almennt ber að hafa í huga að flugvélaframleiðendur eru tregir til að fallast á að hönnun flugvélar geti átt þátt í orsökum flugslysa. Athyglisvert er að samkvæmt gögnum Boeing hefur hlutfall mannlegra mistaka minnkað stöðugt sem meintur aðalorsakavaldur flugslysa á síðustu árum. Á áratugnum 1988-1997 mælist þetta hlutfall samkvæmt tölum Boeing heil 70 prósent, en fyrir tímabilið 1996-2005 er það sumsé komið niður í 55 prósent.

Samkvæmt fyrstu vísbendingum orsakaðist slysið í Madríd á miðvikudag ekki af mistökum flugmannanna, heldur af því að eldur kom upp í öðrum hreyfli MD82-þotu Spanair-flugfélagsins. Vélin á að geta flogið á einum hreyfli, en hún skall í jörðina og splundraðist í eldhafi er hún var rétt að komast á loft. Rannsóknin beinist nú ekki sízt að því hvað olli því að eldurinn brauzt út.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Með bílinn handa þér

HINIR ÚTVÖLDU

AKA UM Á RANGE ROVER

Nokkur eintök á frábæru verði.
Með sérstöku samkomulagi við Land Rover getum við nú boðið afar hagstæð rekstrarleigukjör á nokkrum Range Rover bílum. Kynntu þér möguleikana - þú gætir komist í hóp hinna útvöldu. **Hafðu samband strax í dag.**

Range Rover

Hann er stóri bíllinn. Efstur í fæðukeðjunni. Klassískt útlit. Enginn sem átt hefur Range Rover vill sleppa af honum hendinni. Hann á orðsporið skilið. Flestir hugsa "lúxus" en eigendurnir hugsa "praktískur". Nýja Turbo Diesel V8 vélin er 15% kraftmeiri og 30% sparneytnari en forveri hennar. Hann er hagkvæmari en þú heldur. Kynntu þér leigukjörin í samningnum við Land Rover.

Lávarður götunnar

Range Rover er fyrsti valkostur þeirra sem vilja hámarks þægindi og óskorað afl utan vega og innan. Terrain-response kerfið er alvöru torfærukerfi sem vinnur með loftpúðafjöðruninni til að gefa fullkomna akstursánægju við allar aðstæður. Ökumaður situr hátt og vel fer um farþega í leðuklæddu og björtu innanrýminu. Enginn bíll skákar Range Rover þegar kemur að tækni, gæðum og rækt við smáatriði. Það er ástæða fyrir því að þessi sögufrægi breski jeppi heldur sínum sess, ár eftir ár. Spurðu bara eigendurna!

60 YRS

LAND ROVER

GO BEYOND

POTTAPLÖNTUR
Í BLÓMAVALI
Soldis
Silkitré & silkiblóm
30-50%
afsláttur

30-50%

AFSLÁTTUR

ÚTSALA

ALLAR
POTTAPLÖNTUR

HAWAIRÓS
749

FICUS GINSENG
VERÐ FRÁ 599

ERICA CALUNA
3STK 999

ORKIDEA
1299

ALPARÓS
499

KRÝSI Í KÖRFU
1999

ZAMIOCULCA
990

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.243 **-0,80%**

Fjöldi viðskipta: 145
Velta: 1.733 milljónir

MESTA HÆKKUN

CENTURY ALU	+2,08%
SPRON	+1,82%
FÆREYJABANKI	+1,38%

MESTA LÆKKUN

EXISTA	-5,99%
EIK BANKI	-5,02%
BAKKAVÖR	-3,47%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Hlutabréf í úrvalsvísitölu:Alfesca 6,73 -0,44% ... Atorka 5,44 0,00% ... Bakkavör 27,80 -3,47% ... Eimskipafélagið 14,20 0,00% ... Exista 8,00 -5,99% ... Glitnir 15,40 -0,65% ... Icelandair Group 19,15 -0,26% ... Kaupþing 708,00 -0,14% ... Landsbankinn 23,70 -0,63% ... Marel 86,60 -0,80% ... SPRON 3,36 +1,82% ... Straumur-Burðarás 9,47 -0,94% ... Össur 90,50 +1,23%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Harðnar á dalnum hjá Ungverjum

Á síðasta áratug hefur kvikmyndaiðnaður blómstrað í Austur-Evrópu þangað sem bandarísk kvikmyndaver flykktust, enda kostnaður mun lægri en vestanhafs. Ungverjar tóku nokkru síðar við sér en til dæmis nágrannar þeirra í Tékklandi, en síðan 2006 hafa þó verið byggð þrjú stór kvikmyndastúdíó í Búdapest. Nú hefur hins vegar harðnað á dalnum og mörg ungversk kvikmyndaver standa auð. Í fyrra eyddu erlend kvikmyndafyrirtæki 120 milljónum dollura, en í ár nemur eyðsla þeirra ekki nema 5,6 milljónum. Ástæðan er meðal annars rakin til þróunar á gengi Bandaríkjadals.

Fengu Hellboy ekki Tortímandann

Þá benda forsvarsmenn Korda Studios, sem er eitt þeirra kvikmyndavera sem orðið hefur hart úti, á að í lok síðasta árs hafi runnið út 20 prósenta skattaeftirgjöf til erlendra kvikmyndafyrirtækja í Ungverjalandi. Þess má geta að hér á landi geta erlend kvikmyndafyrirtæki sótt um endurgreiðslu 14 prósenta af útlögðum kostnaði. Hjá Korda hefur hins vegar ekki verið gerð mynd síðan tökum á Hellboy II lauk í desember í fyrra. Stjórnendur þar höfðu vonast til að krækja í fjórðu myndina um Tortímandann, Terminator Salvation, en hún verður tekin upp í Albaquerque, Nýju-Mexikó.

Minni hagnaður SP milli ára

SP-Fjármögnun hagnaðist um 416 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Það er 57 milljóna króna samdráttur frá sama tíma í fyrra.

„Ný útlán hafa minnkað en útlánasafnið okkar hefur lítið verið að dragast saman. Það hefur lítil áhrif á raunstærð efnahagsreikningsins til skamms tíma þó að ný útlán dragist saman í augnablikinu," segir Pétur Gunnarsson fjármálastjóri.

Framlag í afskriftareikning nam 147 milljónum og er það aukning um rúm 70 prósent á milli ára. Heildarvanskil í lok júní nema rúmum milljarði sem er 0,6 prósenta aukning frá ársbyrjun. **- ghh**

Enn kólnar fasteignamarkaður vestanhafs

Engin merki eru um að botninn sé í sjónmáli á fasteignamarkaði vestanhafs. Samkvæmt tölum sem samtök fasteignalánveitenda birtu á miðvikudag hefur umsóknum um fasteignalán enn fækkað, og hafa ekki verið færri síðan í desember árið 2000 og hefur fækkað um 61 prósent síðan í febrúar. Ástæðan er ekki síst strangari kröfur banka til lántaka. Athugun bandarísku Seðlabankans sýnir að 75 prósent banka hafa hert lántökuskilyrði sín.

Á sama tíma sækja færri um nýbyggingarleyfi, en samkvæmt tölum frá Hagstofu Bandaríkjanna, sem birtar voru á þriðjudag, hefur þeim fækkað um 30 prósent á síðasta ári, og hafa ekki verið færri í 17 ár. Þá kemur fram að ekki hafi verið byrjað á byggingu færri einbýlishúsa síðan 1982.

Samdráttur í nýbyggingum eykur þó líkur á að botninn náist á húsnæðismörkuðum, því mikið offramboð hefur verið á íbúðarhúsnæði í Bandaríkjunum. Sérfræðingar hjá Morgan Stanley telja þó að enn eigi eftir að draga úr nýbyggingum og botninum verði ekki náð fyrr en í byrjun næsta árs. **- msh**

Þýska fórnarlambið selt

Bandaríska fjárfestingarfélagið Lone Star greindi frá því á blaðamannafundi í Frankfurt í Þýskalandi í gær að samningar hefðu náðst um að kaup á 91 prósents hlut í þýska bankann Industriebank IKB.

Kaupin eru þrautalending til að forða þeim þýska frá gjaldþroti en hann hefur farið afar illa út úr gengishruni á verðbréfum tengdum undirmálslánum.

Erlendir fjölmiðlar eru sammála um að bankinn sé fyrsta evrópska fórnarlamb undirmálslánakreppunnar.

Samkvæmt upplýsingum Bloomberg-fréttaveitunnar nema afskriftir IKB til þessa um 10,3 milljörðum evra, jafnvirði 1.257 milljörðum íslenskra króna.

Þýski bankinn KfW, sem hefur gefið út einna mest af íslenskum krónubréfum og er í eigu ríkisins, hefur dælt fé í IKB til að rétta



BJÖRGUNARAÐGERÐIR Forsvarsmenn Lone Star, KfW og IKB greindu frá bankasölunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

lausafjárstöðu hans við. Hann sat orðið á 45,5 prósentum hlutafjár hans og var stærsti hluthafinn þar til í gær. KfW hefur hins vegar vilja losa sig við hlutinn í tæpt ár. Leitað var eftir því að fá um 800 milljónir evra fyrir hlutinn. Upphæðin sem Lone Star greiðir mun ekki vera nálægt því, að sögn Bloomberg. **- jab**

Álfyrirtæki vill kaupa í orkuframleiðslu á Íslandi

Norðurál hefur leitað hófanna um að eignast hlut í Hitaveitu Suðurnesja og hefur rætt þetta við eigendur hennar. Forstjóri Norðuráls neitar því að nokkuð hafi verið rætt.

„Ýmsir hafa nálgast okkur, þar á meðal Norðurál," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ og stjórnarformaður Hitaveitu Suðurnesja.

Reykjanesbær er stærsti hluthafinn í Hitaveitunni, á tæplega 35 prósenta hlut.

Áhugi Century á íslenskri orkuframleiðslu er ekki alveg nýtilkominn, því nefna má að í fyrrahaust lýsti félagið áhuga á að eignast hluti í Reykjavik Energy Invest.

Samkvæmt heimildum Markaðarins í fráfarandi stjórn Orkuveitunnar hafa Norðurálsmenn einnig sýnt hlut Orkuveitunnar áhuga.

Orkuveita Reykjavíkur má ekki eiga meira en 10 prósenta hlut í Hitaveitunni, af samkeppnisástæðum. Hún á hins vegar 16,58 prósent og hefur gert samning við Hafnarfjörð um kaup á 14,5 prósenta hlut til viðbótar.

Lúðvík Geirsson, bæjarstóri í Hafnarfirði, man ekki eftir því að Norðurál eða Century hafi sóst eftir hlut bæjarins.

„Það hefur ekki verið rætt," segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, spurður um hvort þreifingar hafi verið um að Norðurál kaupi einhvern hlut í Hitaveitunni. „Það eru hans orð. Ég hef ekkert meira um það að segja," segir Ragnar, um ummæli Árna Sigfússonar.

ORKULINDIN Í SVARTSENGI Álframleiðandinn Norðurál hefur sýnt áhuga á að kaupa sig inn í Hitaveitu Suðurnesja. Því neitar hins vegar forstjóri Norðuráls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Norðurál er í eigu bandarísku fyrirtækisins Century Aluminium. Það er skráð í kauphöllina hér á landi og á Nasdaq í Bandaríkjunum. Um þriðjungur heildarframleiðslu Century verður til á Grundartanga.

Ætla má að hlutir í Hitaveitu Suðurnesja séu dýrir. Ríkið fékk 7,6 milljarða króna fyrir fimmtán prósenta hlut sinn í Hitaveitunni í fyrra. Orkuveitan bauð annað eins í álíka stóran hlut Hafnarfjarðar.

Heimildarmenn hafa sagt Markaðnum að Norðurál hafi þreifað fyrir sér um að komast í hluthafahóp Geysis Green Energy, sem á 32 prósent í Hitaveitunni. Ólafur Jóhann Ólafsson, stjórnarformaður frá miðjum júlí, kannast ekki við að rætt hafi verið við hann um að Norðurál kæmi þangað inn. „Það hafa margir sýnt okkur áhuga en Century er ekki í þeirra hópi."

Hömlur eru á fjárestingu erlendra aðila, utan evrópska efnahagssvæðisins (EES), í íslenskri orkuvinnslu, samkvæmt lögum. Fyrirtæki utan EES munu geta fjárfest hér í gegnum dótturfyrirtæki innan EES. Hins vegar virðist þetta ekki vera með öllu bannað, því Geysir Green Energy er til dæmis að hluta í eigu Bandaríkjamanna. **ingimar@markadurinn.is**

VINNINGSHAFAR Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, Margeir Ásgeirsson, Sigurbjörn Ingimundarson, Árni Hermann Reynisson, Hrönn Arnardóttir, Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir alþingismaður, Rakel Dögg Guðmundsdóttir, Jóhann Níels Baldursson og Hildur Árnadóttir, stjórnarformaður Bakkavarar.

Mídas fékk hálfa milljón

Frumkvöðlaverðlaun Guðfinnu S. Bjarnadóttur voru veitt í annað sinn fyrr í vikunni og var það verkefnið Mídas fjármálaskóli ehf. sem hlaut fyrstu verðlaun. Skólanum er ætlað að skipuleggja og halda fjármálanámskeið fyrir ungmenni á aldrinum 12 til 18 ára. Gert er ráð fyrir að skólinn þrói eigið kennsluefni ásamt netleik sem kennir ungu fólki að ráðstafa fjármunum á sem bestan hátt.

„Hugmyndin að þessu verkefni kviknaði á námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja í Háskólanum í Reykjavík. Um leið og við fórum að skoða hugmyndina þá sáum við betur og betur hversu mikil þörf er á einhvers konar fjármálaskóla fyrir ungt fólk. Þetta er ekki einfalt fyrir fullorðna og hvað þá fyrir ungmenni," segir Hrönn Arnardóttir sem er einn af höfundum verkefnisins.

Bankar og önnur fjármálafyrirtæki hafa verið með fjármálafræðslu sem hefur sérstaklega verið beint til ungmenna. Höfundarnir telja að óháður aðili sé betur til þess fallinn að veita slíka ráðgjöf en best af öllu væri ef slík fræðsla færi fram innan grunnskólanna. Hópurinn fékk 500.000 krónur í verðlaun fyrir viðskiptaáætlunina. „Við erum að skoða hvað við gerum í framhaldinu, það er allt óráðið ennþá," segir Hrönn. **- ghh**

Baugur vill kaupa glæsiverslunina Saks

Baugur hefur áhuga á að eignast Saks en fyrir á félagið tæplega níu prósenta hlut í fyrirtækinu. Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, hefur staðfest þennan þráláta orðróm í samtali við Markaðinn. Saks er án efa ein þekktasta glæsiverslun heims og er eitt af Fortune 500 fyrirtækjunum. Hingað til hefur Baugur ekki einblínt á svokallaðar „high end"-verslanir, þ.e. verslanir með dýran varning. Jón Ásgeir segist hafa trú á þessari tegund verslana þrátt fyrir erfiða tíma, og hann stefni m.a. að því að gera House of Fraser meira í líkingu við Saks. Hann segir að tiltölulega auðvelt sé að fara með verslun á borð við Saks í útrás, ólíkt mörgum öðrum keðjum, vegna þess hversu þekkt vörumerkið er um allan heim. Að undanförnu hafa verslanir Saks verið opnaðar í Mexíkó og Mið-Austurlöndum en í Bandaríkjunum er einnig að finna 53 búðir í 25 fylkjum.



SAKS 5TH AVENUE Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, segist trúa á svokallaðar „high end"-verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jón Ásgeir gefur ekki upp hvernig kaupin yrðu fjármögnuð en bætir við að of snemmt sé að segja til um hvort af þessu verði.

Saks tapaði tæpum 2,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi. Gengi bréfa Saks hefur fallið um 50 prósent frá áramótum en hækkaði þó skyndilega um tíu prósent við opnun markaða í gær. Gera má ráð fyrir að orðrómur um hugsanleg kaup Baugs hafi valdið þeirri hækkun. **- ghh**

MAÍSRÆKT Lögum samkvæmt þarf að blanda allt bensín sem selt er í Bandaríkjunum með etanóli, sem framleitt er úr maískorni. MARKAÐURINN/AFP

Metuppskera af maís í Ameríku

Nú stefnir í metuppskeru maískorns í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir að aukin uppskera geti orðið til þess að eitthvað dragi úr verðbólguþrýstingi í heiminum. Þar hefur hátt verð matvæla þrýst á, sem og orkuverð.

Þótt verð á maískorni hafi lækkað í kjölfar fregnanna er það enn hátt í sögulegu ljósi. Í sumar fór verðið hæst í átta dali sekkurinn og óttast var að það færi í 10 dali. Sekkurinn kostar nú 5,54 dali.

Sérfræðingar segja að lægra kornverð geti aukinheldur slegið á verðbólgu í Bandaríkjunum og þar með stuðlað að styrkingu Bandaríkjadals, sem getur leitt til lægra olíuverðs. **- msh**

VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

ENNEMM / SÍA / NM83161

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

BÓNUS FERSKUR KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
í álbakka **539 kr./kg.** MERKT VERÐ 899 KR./KG.

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

Búrfells samlokuálegg
138 kr.pk. MERKT VERÐ 230 KR.PK.

Bónus hangiálegg í sneiðum
aðeins **1798 kr./kg.**

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

Ferskar grísalundir
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR./KG.

Ferskt grísagúllas
1122 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

Ferskt grísasnitsel
1122 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

Ferskar grísakótilettur
1068 kr./kg. MERKT VERÐ 1779 KR./KG.

Ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.

Ferskar grísarifjur
659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

Ferskt grísasnitsel í raspi
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ferskar grísakótilettur í raspi
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ferskir grísaskankar
179 kr./kg. MERKT VERÐ 298 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

25%
AFSLÁTTUR

KS FROSINN LAMBAHRYGGUR
975 kr./kg. MERKT VERÐ 1298 KR./KG.

1079

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1079 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR

KB FERSKT UNGNAUTAHAKK
798 kr./kg. MERKT VERÐ 1330 KR./KG.

863

OS SKÓLAOSTUR
STÓRT STYKKI
20% LÆGRA VERÐI 863 kr./kg.

98

Myllu heimilisbrauð hálft
385g 98 kr stk.

898

Bónus hamborgarhryggur
898 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR

Holta blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

115

Pepsi MAX 2 ltr. 115 kr.
Egils 7-up 2 ltr. 115 kr.

499

KS frosið lambasúpukjöt
1.FLOKKUR 499 kr./kg.

25%
AFSLÁTTUR

KF kofareykt sveitabjúgu
299 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

Ali ferskur grísahnakki úrbeinaður
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

499

Ali ferskur grísabógur
499 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru flengingar viðurkennd uppeldisaðferð á Íslandi?

Brotið á börnum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Viðhorf til réttinda barna hafa góðu heilli tekið stakkaskiptum undanfarna áratugi. Litið er svo á að almenn mannréttindi eigi líka við um börn. Íslendingar hafa einnig staðfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu sömu stofnunar og kveður að auki á um vernd barna.

Fyrir fáeinum áratugum þótti eðlilegt, og jafnvel nauðsynlegt, að beita börn líkamlegum refsingum. Nú eru barsmíðar á börnum ekki lengur viðurkennd uppeldisaðferð hér á landi þó að ekki þurfi að leita langt suður í Evrópu til að hitta fyrir allt önnur viðhorf til líkamlegra refsinga. Í Bretlandi til dæmis skirrast foreldrar ekki við að slá til barna sinna, jafnvel þannig að á þeim sjáist, á almannafæri. Þar áttu kennarar einnig fyrir fáum árum erfitt með að kyngja því að mega ekki beita nemendur líkamlegum refsingum.

Sé það svo að dæma megi eftir íslenskum lögum á þann veg að niðurstaðan brjóti í bága Barnarsáttmála Sameinuðu þjóðanna er ljóst að þeim lögum verður að breyta.

Á Íslandi, og raunar á Norðurlöndunum öllum, þykja barsmíðar á börnum hins vegar ekki góð latína. Því kom sýknudómur sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra nú um miðjan mánuðinn nokkuð á óvart.

Maður var ákærður fyrir að hafa tvisvar til þrisvar sinnum rassskellt bræður, fjögurra og sex ára, „á beran rassinn, með þeim afleiðingum að þeir hlutu roða á rassinn, og fyrir að hafa að því loknu borið olíu á rassinn á þeim“. Samkvæmt dóminum voru drengirnir rassskelltir í refsingarskyni fyrir óþekkt eða eins og segir: „Þá verður að miða við það að tilefni flenginganna hafi verið að drengirnir höfðu verið óþekkir […]“.

Niðurstaða dómsins er: „Almennt séð varðar það við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga að slá mann nauðugan á rassinn með flötum lófa svo að undan roðnar. Til þess er hins vegar litið að hugsanlega tíðkast eitthvað, eða hefur tíðkast, að flengja börn.“

Að mati dómsins liggur ekki fyrir að drengirnir hafi skaðast andlega eða líkamlega vegna flenginganna og þó að skoðun dómara sé sú að óheppilegt og óæskilegt sé að flengja börn þá telur hann „varhugavert að slá því föstu hér að það falli ætíð undir það að vera yfirgangur, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi í skilningi nefnds ákvæðis“.

Í 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kveður á um að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu, og í þeirri 37. segir að börn megi ekki beita ómannúðlegri meðferð eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu. Þennan sáttmála hafa íslensk stjórnvöld staðfest og ljóst er að umræddur dómur er skýlaust brot á honum. Ljóst er að dómurinn gengur gegn báðum þessum greinum.

Sé það svo að dæma megi eftir íslenskum lögum á þann veg að niðurstaðan brjóti í bága Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er ljóst að þeim lögum verður að breyta. Virðing við mannréttindi barna er ein af meginstoðum siðaðs samfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sama hvað

„Skilið valdinu, það er okkar,“ skrifaði unga fólkið í Samfylkingunni og VG á borða sem lagður var á stéttina utan við Ráðhúsið í gær. Þessi sérstöku skilaboð koma ekkert sérstaklega á óvart. Ungt fólk í Samfylkingunni og VG virðist ekki skilja hvernig valdi er ráðstafað í stjórnmálunum og telur það eiga að liggja hjá sér og engum öðrum. Úrslit kosninga og pólitískar ákvarðanir réttkjörinna fulltrúa skipta engu.

Reiðinni beint í ranga átt

Auðvitað hafa ungu vinstrimennirnir fullan rétt og fulla ástæðu til að vera fúlir yfir stöðu mála í borginni. Og þeir hafa milljón leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri. En má biðja um að þeir geri það með sæmilega vitrænum hætti? Kjarni málsins er hins vegar þannig vaxinn að ungt, fúlt fólk í Samfylkingunni og VG ætti að beina reiði sinni að þeim kjósendum sem ekki kusu þá flokka í kosningunum síðustu og veittu þeim styrk til að mynda saman meirihluta.

Ha?!

Á borgarstjórnarfundinum í gær ávarpaði Hanna Birna Kristjánsdóttir fólk á pöllum Ráðhússins og sagði að því liði hugsanlega eins og það væri í fjölskylduboði. „Svo náin eru samskiptin og svo heitar eru ávirðingarnar,“ sagði hún. Rétt er hjá Hönnu Birnu að ávirðingarnar voru heitar. Fólk hreinlega mokaði út úr fjósum sínum og sturtaði yfir pólitíska andstæðinga. Merkilegt er að heyra að samskiptin í fjölskyldu borgarstjórans nýja séu með þeim hætti.

bjorn@frettabladid.is

SPOTTIÐ

Hvaða nauður?

Þegar ekki er nauðsynlegt að breyta, er nauðsynlegt að breyta ekki, sagði breskur íhaldsmaður fyrir nokkrum öldum. Umræðurnar um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu sæta furðu. Hvaða nauður knýr okkur þangað inn? Ég skil vel Frakka, Þjóðverja og Ítali, þegar þeir stofnuðu ásamt nokkrum minni þjóðum vísi að þessu sambandi með Rómarsáttmálanum 1957. Þessar þjóðir þráðu að hætta því borgarastríði, sem staðið hafði í Evrópu öldum saman með misjafnlega löngum hléum. Ég skil líka vel þjóðir Mið- og Austur-Evrópu, sem flýttu sér í Evrópusambandið, þegar þær losnuðu undan sósíalismanum. Þær hafa augastað á mörkuðum í Vestur-Evrópu og sækja í það skjól, sem sambandið veitir vonandi fyrir rússneska birninum, en nú rymur hátt í honum.

Það var þó ekki Evrópusambandið, sem tryggði frið í Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari, heldur Bandaríkjamenn með sína mörg hundruð þúsund hermenn í álfunni og öflugt vopnabúr heima fyrir. Enn á Evrópusambandið í erfiðleikum með að marka stefnu og framfylgja í öryggismálum. Smáþjóðir utan Evrópu, sem óttast rússneska björninn eða kínverska drekann, setja frekar traust sitt á Bandaríkin en Evrópusambandið. Er það af ótta við Evrópusambandið, sem Rússar hafa enn ekki árætt að hernema Georgíu alla eða Kínverjar að leggja undir sig Taívan? Samt sem áður eru stjórnmálarökin fyrir Evrópusambandinu skiljanleg, eins langt og þau ná.

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
Í DAG | Evrópusambandið

Engin sérstök viðskiptarök hníga hins vegar að Evrópusambandinu. Þjóðir heims græða vissulega allar á frjálsum viðskiptum og verkaskiptingu, eins og Adam Smith sýndi fram á. En þær geta stundað slík viðskipti án alþjóðastofnana eins og Evrópusambandsins. Við þurfum þess ekki með til að kaupa kaffi frá Brasilíu eða selja fisk til Japans. Það er líka áhyggjuefni, að Evrópusambandið hefur nokkra tilburði til að hlaða tollmúra í kringum Evrópu, þótt viðskipti innan múranna séu vissulega frjáls. Tollmúrarnir koma sér illa fyrir fátækar þjóðir í suðri, sem þurfa einmitt að selja Evrópubúum vöru og þjónustu til að geta brotist til bjargálna.

Reynslan ein mun hins vegar skera úr um, hvort Evrópusambandið verði síðar meir lokað ríki eða opinn markaður.

Engin nauður knýr Íslendinga, Norðmenn eða Svisslendinga inn í Evrópusambandið. Þetta eru þrjár ríkustu þjóðir Evrópu, sem yrðu að leggja miklu meira í sjóði sambandsins en þær fengju úr þeim. Þær hafa allar tryggt aðgang að Evrópumarkaði, Íslendingar og Norðmenn með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, Svisslendingar með tvíhliða samningi, sem er í raun jafngildur EES-samningnum. Engin þessara þjóða telur sig af öryggisástæðum þurfa að ganga í Evrópusambandið. Tvær aðrar ástæður eru til þess, að Íslendingar ættu að vera enn tregari til aðildar en Norðmenn og Svisslendingar. Við yrðum í fyrsta lagi að afsala okkur yfirráðum yfir Íslandsmiðum, þótt við fengjum eflaust fyrir náð að veiða einir hér fyrsta kastið. Og í öðru lagi yrði sjálf aðildin okkur dýrkeypt. Við yrðum að ráða fjölda fólks í vinnu við að sækja ráðstefnur og fundi og þýða ræður og skýrslur.

Er hér ef til vill komin skýringin á hinum undarlega áhuga sumra á aðild að Evrópusambandinu? Sjá hinar talandi stéttir á Íslandi þar ný atvinnutækifæri? Fólkið, sem vill frekar sækja ráðstefnur um nýsköpun en skapa eitthvað nýtt?

Líkt og undanfarin 24 ár er nauðsynlegt að loka nokkrum götum á meðan Reykjavíkurmaraþon Glitnis fer fram 23. ágúst nk. Einnig má búast við truflun á umferð víðar um borgina

LOKANIR Á GÖTUM FRÁ KL. 01-16

Lækjargata.
Fríkirkjuvegur.
Sóleyjargata.
Sæmundargata.
Geirsgata.
Kalkofnsvegur.
Sæbraut að Laugarnesvegi.

EINSTEFNA FRÁ KL. 08-15

Vestur Ægisíðu og Nesveg.
Austur Eiðsgranda.
Austur Mýrargötu.
Austur Sæbraut milli Laugarnesvegar og Holtavegar.
Suður Engjaveg frá Gnoðavogi.

TRUFLUN Á UMFERÐ FRÁ KL. 08-12

Skothúsvegur, Suðurgata að Melatorgi og Lynghagi. Suðurströnd, Lindarbraut og Norðurströnd. Hringtorg vestast á Hringbraut, Ánanaust og Hringtorg við enda Mýrargötu. Skothúsvegur, Suðurgata, Hringbraut, Bræðraborgarstígur, Vesturgata, Hafnarstræti. Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar. Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar. Gatnamót Suðurlandsbrautar og Grensásvegar. Engjavegur við Fjölskyldugarð. Álfheimar við Glæsibæ og Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 25 ÁRA 23. ÁGÚST 2008

www.marathon.is

Barilla · asics · SUZUKI · REYKJAVÍKURMARAÞON · GLITNIR · margt smátt · WWW.ICELANDAIR.IS

Ekkert barn á að þurfa að lifa í ótta vegna eineltis

UMRÆÐAN
Ingibjörg Helga Baldursdóttir skrifar um einelti

Er nokkuð fallegra
en litla barnið þitt
á leið í skólann
í fyrsta sinn
með allt of stóra skólatösku
og pínu kvíða í augnaráðinu.
,,
Og svo leit barnið upp
og brosti
úr augum þess
mátti greina virðingu
og stolt
,,
Er eitthvað sem fyllir
hjarta manns
meiri gleði,
en hamingja
þess sem við elskum
mest af öllu í lífinu
barnanna okkar.

Inga Bald

Að gefnu tilefni sem foreldri barns sem sætti miskunnarlausu einelti í grunnskóla, þar sem níðst var kerfisbundið á tilfinningum þess, sál og líkama þá er það mér mjög mikilvægt að deila með ykkur hugleiðingum mínum um einelti.

Við foreldrarnir berum ábyrgð á börnum okkar og kennum þeim muninn á réttu og röngu. Við kennum þeim hvernig koma á fram við náungann, sýna hvert öðru virðingu, ást og skilning. Við kennum þeim kurteisi, mannasiði, borðsiði og fara eftir reglum samfélagsins.

Börnum þarf að líða vel í skólanum til þess hreinlega að geta lært, til þess að ná árangri í því sem þau eru að ástunda. Börnin þurfa að hafa trú á því að þau geti náð árangri og hafa sjálfstraustið í lagi.

Það er samt, því miður, ekki sjálfgefið að barninu líði vel í skólanum. Barnið getur lent í því að vera hundsað. Skólinn getur orðið líkastur martröð fyrir það. Barnið getur kviðið fyrir að fara í skólann eða einhverja ákveðna tíma, eignast ekki vini í skólanum, finnst það ekki geta gert neitt rétt eða almennilega og finnst það ómögulegt. Þá þarf barnið hjálp.

INGIBJÖRG HELGA BALDURSDÓTTIR

Ef þig grunar að barnið þitt sé lagt í einelti í skólanum, settu þig strax í samband við umsjónarkennara barnsins og skólastjórnendur. Fáðu svör þannig að hægt sé að styrkja barnið eins og hægt er í vanmáttarkennd þess og vanlíðan. Í öllum skólum á að vera til eineltisáætlun og hana á að nota, það er ekki nóg að veifa henni bara framan í foreldra og lýsa því yfir að hér sé einelti ekki liðið. Það þarf að herða baráttuna við eineltið mikið. Það er ekki nóg að tala um það heldur þarf að ná til gerendanna og ekki síst foreldra þeirra til að stöðva þá. Að sama skapi er mikilvægt að foreldrar gerenda taki á vandanum og viðurkenni hann. Ekki hugsa: Mitt barn gerir ekki svona! Oft gera foreldrar sér enga grein fyrir því að börn þeirra taka þátt í einelti en það er á þeirra valdi að stöðva það. Ekki skella skollaeyrum við vandanum – til þess er alltof mikið í húfi.

Í nágrannalandi okkar hefur það t.d.verið tekið til bragðs að láta barnaverndaryfirvöld fást við meintan geranda með góðum árangri. Þá er öll fjölskylda gerandans sett undir smásjá barnaverndaryfirvalda og félagsleg hegðun og atferlið skoðað ofaní kjölinn.

Við foreldrar viljum börnum okkar allt það besta og leiðbeinum þeim eftir okkar bestu vitund og getu. Geta okkar er misjöfn og oft vitum við ekki betur. Barn sem leggur annað eða önnur börn í einelti, veit ekki betur, það er ekki betur upplýst. Gerandinn kemur oft frá heimili þar sem hann er sjálfur beittur andlegu og / eða líkamlegu ofbeldi og fær útrás fyrir skömm sína og reiði með því að niðurlægja aðra og meiða. Gerandinn þarf leiðsögn og hjálp og sama má segja um foreldra hans sem vita ekki betur, afneita ástandinu og neita að horfast í augu við raunveruleikann.

Við foreldrar þolendanna getum lagt lóð á vogaskálar jafnréttisins með því að finna hvert annað inni í skólunum og standa saman sem hópur. Kallið hópinn saman og vinnið saman sem ein heild. Oftar en ekki er það svo að meintur gerandi leggur fleiri en einn og fleiri en tvo í einelti. Fáið styrk frá hvert öðru, þá eruð þið ekki lengur ein.

Með því að vinna saman sem hópur við að ná til gerendanna og til foreldra þeirra, þrengir að gerendum, fylgjendunum fækkar, þeir skammast sín flestir og fara, ásamt þöglu áhorfendunum sem þora ekki að segja frá. Gerandinn einangrast í atferli sínu, færri vilja taka þátt í þessum ljóta leik og fleiri vilja vera á vaktinni.

Ég veit hversu mikill léttir það er að losna undan einelti og út úr eineltisumhverfinu. Því miður. Að barn losni undan einelti, að barn losni undan gerendanum er dásamleg tilhugsun sem allir starfsmenn skólanna myndu fagna.

Ég veit til þess að kennarar hafa verið áminntir fyrir hörku, gagnvart vinnu sinni með meinta gerendur. Gerendur sem hafa valtað yfir allt og alla og eru búnir að reyna á þolrif allra starfsmanna skólanna.

Sjálf spyr ég af hverju gerandinn er ekki rekinn úr skólanum eða sendur í annan skóla eins og gert er með þolendurna.

Kannski af því að það myndi enginn skólastjórnandi vilja taka við gerandanum með hans ferilskrá? Nei, ég bara spyr. Af hverju að verðlauna gerendurna endalaust með því að flytja þolendur á milli skóla, bæja eða landshluta. Einn enn farinn, hvað eru margir eftir?

Það er engin skömm að því að eiga barn sem er lagt í einelti. Hins vegar er það sárara en orð fá lýst. Börn sem eru lögð í einelti hafa ekkert til þess unnið og allir geta orðið fórnarlömb þess.

Ef þú lesandi góður ert í þeirri stöðu sem ég er að lýsa á einn eða annan hátt þá mátt þú ekki gefast upp. Það er bannað. Ef við stöndum ekki með börnunum okkar og berjumst gerir enginn það fyrir okkur, því það gerist ekkert sjálfkrafa.

Höfum í huga að afneitun hjálpar engum.

Afneitun gerir ekkert fyrir lítið, hrætt einmana barn með kramið hjarta sem skilur ekki hvað það er að gera rangt.

Ráðleggingar

1. Skrifaðu dagbók og færðu inn allt sem kemur uppá jafnt inni í skólanum sem utan hans. Skrifaðu fullt nafn viðmælanda þíns.

2. Skráðu allar þínar símhringingar í skólann, viðtöl þín við umsjónarkennarann eða skólastjórnendur.

3. Skráðu hjá þér allar ferðir til sérfræðinga. Fáðu uppáskrifað mat þeirra og/eða álit.

4. Ef þér er boðið í viðtal við sérfræðing á vegum skólans eða skólaskrifstofunnar fáðu þá undirritað af viðkomandi sérfræðingi hvað hann ráðlagði.

5. Fylltu alltaf alla pappíra þar sem þú ert að sækja þjónustu eða hjálp, samviskusamlega og nákvæmlega út lið fyrir lið.

6. Taktu engu sem sjálfgefnu eða sjálfsögðu þegar þú þarft á hjálp eða stuðningi að halda, þá verður þú ekki fyrir eins miklum vonbrigðum og sársauka.

Einelti hefur skelfilegar afleiðingar fyrir börn og oft vinna þau sig aldrei almennilega frá því – jafna sig jafnvel aldrei. Í tilfelli sonar míns urðu afleiðingarnar þær að hann hafði á endanum ekki lengur bolmagn til að takast á við lífið – svo brotinn var hann eftir áralangar misþyrmingar.

Þetta bréf er skrifað í þeirri von að bæði foreldrar og skólayfirvöld opni augu sín og takist á við þá miklu vá sem eineltið er. Það er í okkar valdi að stöðva eineltið.

Því mundu ... næsta fórnarlamb gæti orðið barnið þitt!

Höfundur er grunnskólakennari.

Til varnar umhverfisráðherra, Íslandi og íbúum þess

UMRÆÐAN
Björgvin Hilmarsson skrifar um umhverfismál.

Á dögunum var á Húsavík haldinn fundur þar sem Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra gerði grein fyrir úrskurði sínum um að framkvæmdir tengdar álveri á Bakka þyrftu í sameiginlegt umhverfismat. Allmargir hafa hallmælt Þórunni og sjá nú svart yfir því að hugsanlega verði einhver seinkun á því að enn ein mengandi álbræðslan verði að veruleika og æfir yfir því að náttúran fái að njóta vafans.

Heyrst hafa þau rök að þessi ákvörðun kveði á um aðgerð sem eigi sér ekki hliðstæðu á Íslandi, eins og það sé nánast guðlast að slíta sig úr viðjum vanans. Það er erfitt að sjá hvernig tímamótaákvörðun sem þessi geti verið annað en af hinu góða og ætti að lofa Þórunni fyrir þor hennar frekar en hitt. Ég vil kalla þetta framför í umhverfismálum á Íslandi, eitthvað sem við þurfum sárlega á að halda enda erum við, þvert á það sem margir halda, langt á eftir mörgum okkar nágrannaþjóðum þegar kemur að virðingu fyrir náttúrunni, endurvinnslu, sjálfbærri þróun og öðru slíku. Hverjum sem ferðast út fyrir hina íslensku landssteina verður þetta ljóst á skömmum tíma.

Eins og Þórunn bendir á er það beinlínis í starfslýsingu umhverfisráðherra að framfylgja lögum um náttúruvernd og augljóslega er það hlutverk umhverfisráðherra að bera hag náttúrunnar fyrir brjósti. Þórunn segist með úrskurði sínum vera að framfylgja lögum en einhverjir hafa þó bent á að úrskurðurinn geti hugsanlega verið ólögmætur. Ekki er ég nógu fróður um þau lög sem gilda í þessu sambandi og get

BJÖRGVIN HILMARSSON

því ekki dæmt um lögmætið. En ég tel hiklaust að ef úrskurður hennar í þessu tilfelli reynist brjóta í bága við lög sé rétt að breyta þeim sömu lögum hið snarasta. Auðvitað á að meta stórar framkvæmdir heildstætt og þannig gera það mögulegt að meta heildaráhrif þeirra. Hvað sem úr verður þá mun þessi úrskuður koma af stað umræðu um lög sem að þessu snúa og hvernig þau beri að túlka og er það hið besta mál.

Komið hefur fram að búið er að eyða um fimm milljörðum nú þegar vegna álvers á Bakka. Hvernig dettur mönnum í hug að henda svona gríðarlegum fjármunum í framkvæmd sem ekki er víst að verði nokkurn tímann af? Það er ekki einu sinni ljóst hvort næg orka finnst á svæðinu til að knýja álverið. Eitt er að leggja fé í að rannsaka svæði sem þarf hugsanlega að raska, gera forathuganir og kanna hitt og þetta sem er jú nauðsynlegt til að meta umhverfisáhrif af einhverju viti. En fimm milljarðar eru eitthvað meira en það, ekkert klink til að leika sér með. Undir venjulegum kringumstæðum ætti þetta að koma manni verulega á óvart en gerir það því miður ekki í þessu tilfelli. Undanfarið hafa framkvæmdir verið keyrðar svo mikið áfram og í þær dælt svo miklum fjármunum að það virðist nánast ómögulegt að stoppa þær af vegna skriðþungans, hvað sem tautar og raular.

Nú veit ég að á Húsavík eru ekki allir sáttir við hugmyndir um álver á Bakka. En lítið sem ekkert heyrist í því fólki. Getur verið að á Húsavík ríki sami andinn og á Reyðarfirði og nágrenni í aðdraganda og meðan á framkvæmdum við álverið þar stóð, að menn séu nánast útskúfaðir fyrir það eitt að andmæla ríkjandi skoðunum eða voga sér að efast um eitthvað sem hinir mál(m)glöðu verksmiðjuvinir predika um?

Eins sorglegt og það nú er, virðist umhverfismat einungis vera formsatriði, því jafnvel þótt það reynist neikvætt virðist það ekki skipta miklu máli eins og dæmin sanna svo glöggt hér á landi. Eins hafa friðlýsingar landsvæða lítið að segja, virðast nánast orðin tóm. Nú lítur út fyrir að Bitruvirkjun sé komin aftur á kortið þrátt fyrir neikvæðan úrskurð Skipulagsstofnunar sem sýnir að lítil virðing er borin fyrir úrskurði hennar svo ekki sé talað um metfjölda athugasemda frá almenningi í þessu tilviki. Ekki er hægt að sleppa því að nefna fyrirhugaða framleiðsluaukningu í álverinu í Straumsvík, þrátt fyrir að stækkun hafi verið slegin út af borðinu í atkvæðagreiðslu íbúa Hafnarfjarðar.

Nú eru blikur á lofti í orkumálum heimsins. Þegar hátæknifyrirtæki sem stunda lítt mengandi iðnað, til dæmis netþjónabú, sem ef marka má ráðamenn bíða í röðum eftir að fá áheyrn okkar og ekki síst þegar útlit er fyrir að orkuverð almennt fari ört hækkandi, er aldrei meiri ástæða en nú til að hinkra við og hugsa málin vandlega. Að ana út í hlutina með þvílíku offorsi eins og við Íslendingar höfum gert á síðustu árum er nánast glæpsamlegt gagnvart komandi kynslóðum sem og okkur sjálfum. Það er því rík ástæða til að fagna tímamótaúrskurði umhverfisráðherra og líta á hann sem stórt skref fram á við.

Höfundur er líffræðingur.

Bankarnir stunda fjársvik*

UMRÆÐAN
Jón Daníelsson skrifar um banka.

JÓN DANÍELSSON

Á þessari miklu upplýsingaöld, þegar hægt er að fá hvers kyns upplýsingar beint í símann og fylgjast jafnharðan með allra nýjustu fréttum á netinu, er að sjálfsögðu ekkert einfaldara en að fylgjast líka með gengi gjaldmiðla og reyna að sæta að lagi að kaupa ferðagjaldeyrinn sinn þann daginn sem krónuræfillinn okkar sveiflast upp um fáeina aura.

Skyldi maður ætla.

Bankarnir birta samviskusamlega gengi helstu gjaldmiðla á forsíðunni og uppfæra það jafn samviskusamlega á nokkurra mínútna fresti. Þarna má sem sagt auðveldlega sjá til dæmis hve margar krónur þarf að borga fyrir svo sem 805 bresk pund ef maður ætlar að skella sér til Bretlands.

Skyldi maður ætla.

En málið er bara ekki svona einfalt. Ég varð óneitanlega nokkuð hissa þegar kona mín og sonur komu úr gjaldeyriskaupaferð í hádeginu þann 11. ágúst. Konan keypti 620 pund í Landsbankanum, sonurinn 185 pund í SPRON. Bæði þurftu að borga talsvert fleiri krónur en reiknivélarnar á forsíðum þessara banka á netinu gefa upp.

Á heimasíðu Landsbankans mátti sjá að sölugengi pundsins væri kr. 157,45 en SPRON var til í láta hvert pund á kr. 156,64. (Skylt er taka fram að tölurnar gátu rokkað til um nokkra aura í takt við vísana á klukkunni). En þegar pundin voru keypt heimtaði Landsbankinn kr. 160,75 fyrir stykkið. SPRON lét sér nægja kr. 159,10.

Þannig beinlínis stálu* þessir bankar samtals rétt ríflega 2.500 krónum í tveimur litlum gjaldeyrisfærslum. Þeir auglýsa lægra verð en þeir taka á kassanum. Safnast þegar saman kemur, gæti ég trúað.

Hjá Neytendasamtökunum fékkst upplýst að þjófnaðurinn* teldist líklega lögmætur. Með því að smella á þar til gerða hnappa á heimasíðunum, má nefnilega finna svokallað „seðlagengi“ sem líklega yrði kallað „kassaverð” í matvörubúðum, ef þær tækju upp svipaða viðskiptahætti. Og þar er munurinn á kaup- og sölugengi ekki í kringum 0,5% eins og auglýst er á forsíðunni, heldur nálægt 4%. Þetta er um áttfaldur munur. Og skyldi verða afgangur af gjaldeyrinum þegar heim er komið, geta bankarnir svo stolið* aftur af þessum sömu peningum.

Til að halda mér innan ramma meiðyrðalaga, þótti mér tryggara að stjörnumerkja nokkur orð í þessum greinarstúf. Ég bið Fréttablaðið að halda þessum merkingum og birta neðanmáls eftirfarandi skýringu: „*Stjörnumerkt orð eru hér ekki notuð í skilningi laga.“

Til að gæta samræmis við starfshætti bankanna fer ég líka fram á að neðanmálsskýringin verði prentuð með mjög smáu letri - og jafnvel á einhverri allt annarri síðu.

Höfundur hefur aldrei unnið í banka.

Áfram Ísland

79.989 kr.

Fullt verð ~~99.989~~

32 tommur

LCD með V-Real

Panasonic TX32LM70F
32" V-Real LCD breiðtjald • Uppl. 1366x768 p. • V-Real - einstök gæði • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • VIERA Link • Backlight Control • 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

Hágæða prentari

Canon iP4500
Prentar 10x15 blæðandi myndir á 21 sek. og 31 á mín. í sv/hv • Hágæða 9600x2400 dpi upplausn • Canon FINE 1pl hágæða smádropatækni • Prentun beint á DVD/CD • PictBridge tengi • Single Ink fimm lita kerfi • ChromaLife100 • USB 2.0

11.989 kr.

Fullt verð ~~16.989~~

Pottþétt vél í skólann

Acer Extensa 5220-301G08Mi
2.0GHz intel Celeron M 550 örgjörvir með 1MB flýtiminni • 1GB DDR 667MHz minni stækkanlegt í 2GB • 80GB SATA harðdiskur • 15,4" skjár • DVD skrifari • Intel GMA X3100 PCI-Express skjákort með allt að 384MB skjáminni • Innbyggð vefmyndavél í skjá • Windows Vista Home Basic stýrikerfi

59.989 kr.

1200sn þvottavél

Indesit WIN122
1200 snúninga og 5kg þvottavél • Rafeinda/mekanískur kerfisveljari • Hitastillir 0-90° • Hámarksvinda 1200 snúningar • Tekur 5kg af þurrum þvotti • Ullarvagga/handþvottur • Time4You, 4 hraðkerfi • Sport, kerfi fyrir skó og íþróttafatnað • Þvotthæfni A • Orkunýting • Vinduhæfni B • Stærð (bxhxd): 85x59.5x52.5sm

54.989 kr.

Fullt verð ~~64.989~~

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI

Kaffivél sem síður vatnið

Philips HD5405
Kaffivél Café Gourmet • Síður vatnið • 1300w kaffivél • Síður vatnið • 1l glerkanna fyrir 8-12 bolla • Dropastoppari

12.989 kr.
Fullt verð ~~14.989~~

Lúxus kaffivél með snertiskjá

Gaggia Platinum Vision
Digital snertiskjár • Framhlið úr stáli • Rafstýrð hækkun á bollahaldara • 2 katlar úr ryðfríu stáli • Kvörn úr stáli • Tekur einnig við möluðu kaffi • Panarello flóunarstútur • Hitaplata fyrir bolla • 250g baunahólf • 1,7 lítra vatnstankur • 14 bolla korgskúffa

99.989 kr.
Fullt verð ~~139.989~~

Hársett

Melissa 635085
1800w hárblásari • Ion tækni sem afrafmagnar hárið • 2 hraðastillingar og kaldur blástur • Sléttujárn með keramik húð • Hitastillir frá 80° til 230°C • Keramik krullujárn • 33mm breidd • Stiglaus hitastillir • Hárbursti fylgir

3.989 kr.
Fullt verð ~~6.989~~

Ryksuga

Panasonic MCE7113
1600W ryksuga • 320W sogkraftur • 4 filtera kerfi • 5 metra snúra • Þyngd 4.1 kg •Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka

5.989 kr.
Fullt verð ~~7.989~~

20 lítra örbylgjuofn

United MWO7103
20 lítra örbylgjuofn • 700w Örbylgjuofn • Snúningsdiskur • Afþýðingarmöguleiki

5.989 kr.
Fullt verð ~~7.989~~

15 sporgerðir

Elna ELNA2110
Saumavél með 15 sporgerðir • Sporval með stilliskífu • Nál stillanleg frá miðju • Innbyggð spóluvinda • 5 saumfætur og Overlock

19.989 kr.
Fullt verð ~~22.989~~

90sm gaseldavél

Indesit KP958
90sm gaseldavél • Multifunction blástursofn með ljósi, tímarofa og grilli • Vönduð pottjárn yfir brennurum • 4 brennarar og þar af 1 tvöfaldur

99.989 kr.
Fullt verð ~~119.989~~

110 lítra frystikista

Scancool SB115
110 lítra frystikista • Orkunýting C • Frystigeta 6.5kg á sólarhring • Mál (hxbxd): 86x55x58 sm

24.989 kr.
Fullt verð ~~27.989~~

144sm með frysti

Bauknecht KDA2455
144sm kæliskápur með frysti • Glerhillur • 235 lítrar brúttó • Kælir 178 lítrar og frystir 50 lítrar • 2 Hurðir og frystir fyrir ofan kæli • Orkunýting A • 4 hillur í kæli • Mál (hxbxd): 144x55x61.4sm

49.989 kr.
Fullt verð ~~59.989~~

Evrópsk dýpt - Stállitaður

Whirlpool 20RUD3
Tvöfaldur 178sm ísskápur • 490 lítra-335L kælir, 155L frystir • Total No Frost • Orkunýting A+ • 4 glerhillur • 3 skúffur í kæli • Kalt vatn, klakar og ískurl úr hurð • Rafeindastýring - sjálfv. afþ. • Filter eyðir bakteríum og lykt • Frystigeta: 12kg á dag • Mál (hxbxd): 178x90,2x70,9

199.989 kr.
Fullt verð ~~249.989~~

MAX RAFTÆKI

Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 28. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

LANDBÚNAÐUR verður í brennidepli um helgina á landbúnaðarsýningu á Hellu sem haldin er í tilefni af hundrað ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands. Sýnd verða tæki og vélar, afurðir og búfé, og kynntar vörur og þjónusta sem tengist landbúnaðinum. Landbúnaðarsýningin stendur frá föstudegi til sunnudags og er í senn fagsýning fyrir landbúnaðinn og neytendasýning fyrir almenning.

ALLT

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Einstakur endir á menningarnótt

frábært flugeldaútsýni og næg bílastæði

Perlan býður ykkur velkomin á menningarnótt. Hefjið menningarröltið á belgískum vöfflum á 4. hæð Perlunnar eða njótið flugeldanna frá höfninni yfir 4ra rétta kvöldverði á veitingastaðnum á 5. hæð. **Hjá Perlunni eru næg bílastæði!**

4ra rétta tilboð

Léttreyktur lax með granateplum og wasabi-sósu
Rjómalöguð humarsúpa með grilluðum humarhölum
Lambahryggur með lambaskanka og rósmarínsósu
Banana- og súkkulaðifrauð með vanillusósu

6.490 kr.
Með 4 glösum af víni 9.990 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Jökull Sólberg eldaði gómsætar amerískar pönnukökur. „Jamie Oliver mælir með bláberjum eða ferskum maís með. Þá skal meðlætinu stráð á ósteiktu hliðina rétt áður en pönnsunni er snúið við," segir Jökull.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Afslappandi að elda

Jökull Sólberg er mikill áhugamaður um eldamennsku og hefur gaman af því að skoða uppskriftabækur og horfa á matreiðsluþætti. Hann eldaði ameríska pönnukökur eftir uppskrift frá Jamie Oliver.

„Ég er oft beðinn um að gera þessar pönnukökur, þetta er einfaldur og fljótlegur bakstur," segir Jökull Sólberg Auðunsson vefhönnuður um ameríska pönnukökurnar sem hann bakaði. „Uppskriftin er úr Happy days, bók Jamie Olivers. Byrjað er á því að salta örlítið þrjár eggjahvítur og stífþeyta þær. Þá er þremur eggjarauðum, 115 g af hveiti, einni kúfaðri teskeið af lyftidufti og 140 ml af nýmjólk blandað saman í skál og hvíturnar felldar inn í deigið. Panna er smurð og þremur hringjum af deigi hellt út á. Þegar loftbólur myndast er pönnsunum snúið við og þær steiktar þar til orðnar gylltar báðu megin. Best er að bera kökurnar fram með hlynsírópi úr glerflöskunum."

Jökull er mikill áhugamaður um eldamennsku. „Ég hef mjög gaman af því að elda. Pabbi minn er meistarakokkur og hefur smitað mig eitthvað," segir Jökull sem er nokkuð duglegur að bjóða fjölskyldu og vinum í mat. „Maður á margar góðar stundir við að undirbúa matinn, mér finnst afslappandi að elda."

Jökull kveðst horfa mikið á sjónvarpsstöðina BBC Food og hefur gaman af kokkum eins og Gordon Ramsey. „Mér finnst líka mjög gaman að skoða matreiðslubækur en ég er samt pínu þrjóskur gagnvart uppskriftum; ég skoða margar þeirra og fer kannski eftir þeim til að byrja með en hætti því síðan."

Jökull gerir þó fleira en að elda. Hann endurgerði heimasíðuna www.dv.is sem nú er komin í loftið og var einnig að ljúka við aðra heimasíðu í samstarfi við föður sinn, www.skrinukostur.is. „Þessi heimasíða er gerð til að halda utan um innkaup, matseðla og uppskriftir í mötuneytum. Þannig getur fólk borið saman útgjöld milli mánaða og séð hvað hver og einn réttur kostar á mann. Heimasíðan hjálpar þannig fólki við að taka meðvitaðar og hagstæðar ákvarðanir út frá rekstrinum." *mariathora@frettabladid.is*

MATUR

BLÁBERJATÍMINN er að byrja því bláber þroskast yfirleitt seint í ágúst. Bláber eru holl en þau eru auðug af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum.

Kræsingar í Köben

Copenhagen cooking Madfestival stendur nú yfir í Kaupmannahöfn. Veitingastaðir víðs vegar um borgina kynna mat og meðlæti og segja aðstandendur hátíðarinnar gæðin á heimsmælikvarða.

Hátíð kræsinga stendur nú yfir í Kaupmannahöfn eða Copenhagen cooking Madfestival. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin og hefur hún vaxið jafnt og þétt með árunum. Yfirskrift hátíðarinnar í ár er Eldhús norðursins og munu yfir 30 veitingahús og krár kynna kræsingar. Tilgang hátíðarinnar segir Thomas Meier Lorenzen, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, einfaldlega vera að kitla bragðlaukana.

„Hér gefst tækifæri til að njóta þess breiða úrvals og gæða sem dönsk veitingahús hafa upp á að bjóða. Það sem er sérstakt við matarflóruna hér í Kaupmannahöfn eru einstök gæði en í borginni eru fleiri Michelin-stjörnur en í Róm, Madrid, Berlín og Vín.“

Thomas segir einnig mikla möguleika felast í smurbrauðinu sem Danir eru frægir fyrir og nýjar og spennandi útfærslur verði að finna á hátíðinni.

Meðal þeirra veitingastaða sem bjóða í mat eru Ensemble, Formel B, Salt og MR en sá veitingastaður er einmitt Michelinstjörnuhafi. Á þessum veitingastöðum verður hægt að kaupa sælkeramálsverð á 375 danskar krónur. Dagskrá verður í Tívolí en einnig verða viðburðir um alla borg.

Hægt að nálgast dagskrána á vefsíðunni www.copenhagencooking.dk.

heida@frettabladid.is

Undirbúningur hátíðarinnar hefur staðið í hálft ár en um 30 veitingastaðir taka þátt í dagskránni. MYND/WONDERFUL COPENHAGEN

Hægt er að bragða á ljúffengum kræsingum víðs vegar um Kaupmannahöfn fram til 31. ágúst. MYND/SØLLERØD KRO

Matarflóran í Kaupmannahöfn er einstök í gæðum en í borginni eru fleiri Michelin-stjörnur en til dæmis í Róm. MYND/CLAES BECH POULSEN

Kjúklingabaunabuffin eru meðal hollusturétta sem framleidd eru hjá Grími kokki.

Buff í matinn

Grímur kokkur setti nýlega á markað kjúklingabaunabuff.

Kjúklingabaunabuffið er meðal rétta í hollusturéttalínunni sem framleidd er hjá Grími kokki. Kjúklingabaunabuffin innihalda meðal annars kjúklingabaunir, brokkolí, brún hrísgrjón og sólþurrkaða tómata og eins og aðrar vörur frá Grími kokki er ekkert MSG í þeim.

Buffin eru kælivara og fást fullelduð í sex stykkja pakkningum í öllum helstu matvöruverslunum en aðeins þarf að hita þau í ofni, heilsugrilli eða steikja þau létt á pönnu áður en þeirra er neytt.

- mmf

HÁTÍÐIR verða haldnar um helgina, menningarnótt eins og flestir vita og fyrir þá sem vilja fara úr bænum eru lokadagar tíu daga hátíðar á Austfjörðum, Ormsteitis.

Unnur María Bergsveinsdóttir segir að fjölskyldan geti komið í upptökukofann og sagt sögu sína á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sögum kynslóða safnað

Menningarnótt verður haldin hátíðleg í borginni á morgun og setur Miðstöð munnlegrar sögu upp upptökuver á horni Túngötu og Aðalstrætis í tilefni af því þar sem einstaklingar, ættingjar og vinir geta komið og sagt sögur úr frístundum sínum í borginni.

„Við erum að safna sögum af því hvernig er að vera Reykvíkingur og búa í borginni en yfirskrift verkefnisins er Reykjavíkursögur," segir Unnur María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og verkefnastjóri Miðstöðvar munnlegrar sögu, og bætir við að leitað sé að sögum frá borgarbörnum jafnt stórum sem smáum.

Unnur María segir að Reykjavíkursögur sé þriggja ára verkefni sem unnið sé í samstarfi við Reykjavíkurborg en nú er annað ár þess. „Við höfum verið með lítinn upptökukofa á bæði menningarnótt og Vetrarhátíð og hlustað á og tekið upp sögur fólks."

Að sögn Unnar Maríu er leitað að sögum fólks úr frítíma þess, hvernig það eyðir tímanum og hvort borgin hafi áhrif á frístundir Reykvíkinga. „Þetta virkar þannig að fólk skýst bara inn í kofann og segir okkur frá. Sumir koma með ákveðna minningu en aðrir koma bara og spjalla. Síðan fá allir sendan disk með upptökunni sinni," upplýsir Unnur María en hluti af upptökunum verður einnig settur inn á heimasíðu Miðstöðvar munnlegrar sögu, www.munnlegsaga.is, þar sem hægt verður að nálgast þær í haust.

Unnur María segir að Reykjavíkursögukofinn hafi verið vinsæll í fyrra og hún hafi tekið eftir því að fólk hafi yfirleitt gaman af því að segja sína sögu. „Munnleg saga byggir á að ná persónulegri sýn á hversdaginn og atburði sem rata ekkert endilega inn í Íslandssögubækur."

„Við höfum sérstaklega boðið ættingjum að koma og spjalla saman því það er gaman að sjá sögu fólks af ólíkum kynslóðum og fyrir ættingjana að bera saman sögu sína," segir Unnur María aðspurð hverjir geti komið í kofann til hennar. „Í fyrra kom þriggja ára stelpa með mömmu sinni. Mamma hennar er úr Breiðholti og hún sagði frá því hvernig það var að alast þar upp fyrir tuttugu til þrjátíu árum. Stelpan kom svo með sína útgáfu af því hvernig það er að vera þriggja ára Breiðholtsbarn í dag." Kofinn verður á horni Túngötu og Aðalstrætis á milli 12 og 18 á morgun.

martaf@frettabladid.is

Gestir eru boðnir velkomnir í Skaftholt í Gnúpverjahreppi á morgun á opnum degi. MYND/SKAFTHOLT

Heimboð í sveitina

Skaftholt í Gnúpverjahreppi heldur opinn dag á morgun og er tilvalið að taka sunnudagsbíltúrinn snemma og bregða fjölskyldunni úr borg.

„Fólk getur komið og séð staðinn og hvað við erum að fást við," segir Guðfinnur Jakobsson, bóndi í Skaftholti, sem býður fólk velkomið heim til sín á morgun.

„Við erum með lífræna grænmetisræktun og búskap hérna," upplýsir Guðfinnur og bætir við að ýmislegt sé unnið úr afurðum dýra á bænum meðal annars ostar úr mjólkinni.

Að sögn Guðfinns er opinn dagur í Skaftholti árlegur viðburður sem í mörg ár hefur verið haldinn seinustu helgina í ágúst þó nú sé hann aðeins fyrr. „Ástæðan fyrir opnum degi var fyrst og fremst sú að það er svo margt fólk sem langar til að koma, sjá hvað er hérna og hvað við erum að gera."

Aðspurður segir Guðfinnur opna daginn hafa verið vinsælan hingað til og að margt fólk hafi kíkt í heimsókn. *- mmf*

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

MÖGULEIKI Á 100% LÁNI ÁN ÁBYRGÐARMANNA

YAMAHA TTR 90 100% LÁN Í BOÐI. Árgerð 2008, ekinn -1 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 250.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 100% LÁN Í BOÐI

Tilboð 699.000.- þús

Möguleiki á 100% láni SUZUKI MARAUDER 800 ALLT AÐ 100 % LÁN. Árgerð 2004, ekinn 2 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 890.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 890 þús! Lán 760 þús!

Möguleiki á 100% láni SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4. Árgerð 2003, ekinn 101 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.090.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

100% lán Erlent 3.300.000

Ekkert út aðeins yfirtaka FORD F350 CREW 4X4 KING RANCH EKKERT ÚT !!!!. Árgerð 2005, ekinn 94 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 100% erlent lán

Tilboð 750.000.- nývirði 968 þús.

ekið aðeins eina klst HONDA CRF 450 R MEÐ DEMPARASTYRI. Árgerð 2008, ekinn 1 klst., BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 750.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Möguleiki á 100% láni

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

100 % Lán Ford Ranger árg. 2003, 4x4 dísel, ek 130 þ.km, einn eigandi frá upphafi, dráttarkrókur o.fl. V.880.000.- Listaverð: 1.280. þús.,s. 567-2000 og 698-0066.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!

Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Fleiri útfærslur í boði. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax !

Nýskráður 11.2001. Upptekin vél frá IH í 105þ.km , ekinn núna 123þ.km - ABS hemlar - Álfelgur - Dráttarbeisli - Fjarstýrðar samlæsingar - cd - Glertopplúga - Hiti í sætum - Hraðastillir -Intercooler - Kastaragrind - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Rafdrifið sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Varadekkshlíf - Veltistýri - Þjónustubók. Fallegur jeppi ! Ný 35“ dekk. Verð aðeins 2.490 þ.

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

TILBOÐ 4.890 þ.

CHRYSLER 300C SRT8 árg 2006, ek 34.þ km, 6.1 L Hemi vél, 450 Hestöfl, 4,7 sek 0-100 km, Sjálfskiptur, Navigation Skjár, 20“ SRT Felgur, Topplúga, Allt rafdrifið, Leður, Tölvukubbur, Aksturstalva, Filmur, Kraftpúst, Ásett Verð 5.990.þ 100% Lán. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140434 S: 5672700

TILBOÐ 1.690 þ.

FORD ESCAPE XLT árg 8/2004, ek 39.þ km, 3.0L Sjálfskiptur, Dráttarkúla, Filmur, A/C, 6CD, Ásett Verð 2.190. þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111450 S: 5672700

TILBOÐ 390 þ.

OPEL VECTRA CARAVAN CD, árg 8/2000, ek 101.þ km, 1.6L SJÁLFSKIPTUR, Spoiler, Ásett Verð 490 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111408 S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Okkur vantar allar tegundir bíla á skrá og á staðinn. T.D. Audi A3, Volvo og Skoda. X4 ehf. S: 565-2500. www.x4.is

X4 ehf
Nethylur 1, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opið virka daga 10-18 Vantar bíla á söluskrá og á staðinn.
www.x4.is

M.Benz R350 AWD, árg.2006, ek.42þús. km, Sjálfsk. Topplúga, Leður, Rafmagn og fl. Stgr.Tilboð 4990þús.kr, Ásett Verð 5490þús.kr.!!!

VANTAR BÍLA Á STAÐINN !!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Ford Econline 250 árgerð 1995, 6 cyl., extra langur, ekinn aðeins 95 þús.km., 6-9 manna, dráttarkúla, sk.'09. 100% lánað. Verð kr. 650.000. S 821 6292.

VW Transporter diesel árgerð 2002, turbo intercooler, 6 manna, álpallur, ný tímareim, sk.'09, verð kr. 1.180.000,- 100% lánað. S. 821 6292 & 562 1717.

Kia 2500 diesel árgerð 2006. Vinnuflokkabíll, 6 manna, ekinn 52 þús., verð kr. 1.590.000,- 100% lánað. S. 821 6292 & 562 1717.

Ford Transit vinnuflokkabíll árgerð 2008, 6 manna, diesel, 110 hestöfl, (stærri vélin) nýr óekinn, verð kr. 3.790.000,- m.vsk. (kostar nýr 4,1). S. 821 6292 & 562 1717.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Til Sölu Ford Ranger 4x4 V6 3.0 Árg.'00 Keyrður 130þ.mílur. Skoðaður '09. Lítur ótrúlega vel út, ásett verð er 750.000.- Tilboð 590 þús. Hrannar s. 863 5325..

Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala

Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300

Land Rover Discovery 4,4 V8 árg. 2006 ekinn 38þ.km. Topplúga leður. Einn með öllu. ATH skipti. S. 898 2811.

Opel Astra OPC 2007

ek.26þkm, 241hö, 6 gírar, túrbína, 18“ low profile, leður, eyðir um 11L/100km, Verð: Yfirtaka + 800Þ, Afb.39þús. Er í sal Bíll.is s.577-3777.

38“ Toyota Tacoma TRD 2006 ekinn 46 þ. Ný dekk, milligír, 9,5“ Cruiser afturdrif, læstur framan/aftan, loftpúðafjöðrun, aukatankur. Flottur bíll með öllu. Upplýsingar í 6964403

Audi A3 árg. 2000, ek. 109 þús. Mjög góður og sparneytinn bíll, flottir aukahlutir, þú siglir flott í gegnum kreppuna á þessum bíl!! ásett 750þ, gott STGR verð!!! Uppl. í síma 691 9616 og arnggud@verslo.is

Yamaha R6 2006 til sölu

Gullfallegt hjól með flækjum og fleiru. 130.000 út og yfirtaka frá TM. Allar upplýsingar í síma 6994997 eftir kl 17

Eðal bíll

Pontiac Trans am firebird formula lt1 '96. Einn eigandi. Ek. 30 þ. Uppl. í s. 893 5060.

Til sölu Hyundai Getz. Árg. '04 ssk. 1600 ek. 42 þús. ásett v. 1250 þ. fæst á 890 þ. Uppl. í s. 898 8835.

BMW M5 ÁRG 06 2005 EKINN 22Þ KM.Innfluttur af umboði.EINN MEÐ ÖLLU.Ath öll skipti.898-2811.

38“ LC120

2005 model, sjálfsk, ekinn 100þkm, loftlás að framan, grillgrind, kastarar, kassi á afturhurð, aukatankur ofl Verð 5,690 uppl s 618-4444 og 697-7777

Sprinter árg. '99, Diesel er með palli og sturtu. Verð 1490þús. Uppl. í s. 698 5362.

Toyota Avensis '99 ek:144þ. rafm í rúðum ofl.Sumard á álfelgum+vetrad á álfegum.verð 470þ. áhv250þ vaxtalaust lán afb 17þ á mán. uppl:8214031

Tilboð - Tilboð

Nissan Navara '05. Sjálfssk. Ek. 115þ. Mjög heill bíll. Áhv. 1,9m. Tilb.verð 2,3m. Ásett verð 2,8m. Uppl. í s. 616 1977

Yfirtaka á láni. Toyota Corolla árg.04 ek.90þ b.sk. uppl í s:8973209

Toyota Auris '08 sjsk., ek. 9 þús. V. 2.820 þús. Áhv. lán 2.620 þús. Uppl. gefur Alda í 895 0488 og Skoda Fabia '08 beinsk. ek. 9 þús.Yfirt. á láni 2.165 þús. Uppl. gefur Bjarki í 659 9489.

Peugeot árg. '05, beinsk. Ek. 60 þ. V. 5,4 millj. S. 848 4974.

Óska eftir 2-4 m kr. bíl í skiptum fyrir nýuppgerða 2-3 ja herbergja íbúð á svæði 101. íbúðin er í leigu til 1/6/09 leiga 120 þ. á mán. áhv. 18,4 m í nýju láni frá ILS. mism. greiddur með bíl. Uppls í S: 898-5254.

Arctic claw neld/vetrardekk 225/70/16 kostar nýtt 74 þ. fæst á 50 þ. 4x 15“hondu álfelgur 2 þ. stk. S. 863 7779

0-250 þús.

Til sölu Toyota Carina Station '93. Skoðaður '09. Verð 130 þ. Upplýsingar í síma 697 4000.

Ford Escord '91, skoðaður '08; fæst fyrir lítið; uppl. í s. 847 4405.

250-499 þús.

Toyota Corolla árg '98. Ek 104 þús. V. 290 þús. Uppl í s 863 3243.

500-999 þús.

Til sölu VW Polo 2003 4 dyra, keyrður 85 þ Rauður, snyrtilegur og sparneytinn. Verð 690þ. GSM 857-5549

Renault Clio 2002. Vel við haldið hjá viðurkenndum verkst. Vetrardekk. Staðgr.550 þús. Sjöfn 8919003

1-2 milljónir

Hyundai Sonata árg '05. Ek 43 þ. Fæst gegn yfirtöku á láns. Uppl í s. 8481718

2 milljónir +

Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Bílar óskast

Ódýr bíll óskast má þarfnast lagfæringar verð 30 til 70 þús uppl í síma 8204640

Óska eftir Ameríkskum bíl frá 0 - 100þús. Allt skoðað. Uppl. í s. 899 4096

Óska eftir bíl á yfirtöku láns á verðbilinu 1-1,5 milljón. Ekki eldri en árg. 2004 og keyrður undir 70 þús. km. Uppl. í síma 694 4666, Hrönn.

FÖSTUDAGUR

22. ÁGÚST 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

AFTUR Í SKÓLANN
Góð vinnuaðstaða heimafyrir

MARGRÉT UNA
Fyrirsæta stofnar netsamfélag

Láta gott af sér leiða

Landsþekktar konur leggja kynsystrum sínum í Jemen lið með glæsimarkaði í Perlunni

þinn líkami, þitt líf

ný námskeið að hefjast!
skráning & nánari upplýsingar
www.ropeyogasetrid.is

ROPE YOGA

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Björg Magnúsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

„Ég held innflutningspartí númer þrjú í nýju íbúðinni minni í kvöld og fagna góðri vinkonu minni, Tinnu Bergs.
Ég get svo ekki beðið eftir því að vakna eftir fegrandi svefn á laugardagsmorgun og lesa blöðin frá a til ö undir rammsterkum kaffibolla. Dagurinn verður stór dagur í lífi mínu en þá ætlar Stúdentaráð að vera hluti af menningarnæturdagskrá á Háskólatorgi. Stúdentaráðsliðar verða með áskoranakeppni og hyggst ég til dæmis skora á fólk í æsilegum kleppara. Kvöldið verður eflaust ljúf flugeldasýning og hreinn menningarblómi.
Á sunnudaginn er svo aldrei að vita nema ég gangi á Esjuna með Gjörningaklúbbnum mínum.“

Hönnunin birt á tískubloggi

Á danska tískublogginu www.gademode.dk birtist nýverið ljósmynd af hönnun Örnu Sigrúnar Haraldsdóttur. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar á síðunni þar sem gestir hrósa flíkinni í hástert Arna Sigrún útskrifaðist af fatahönnunarbraut Listaháskóla Íslands í vor og var ein þriggja útskriftarnema sem tóku þátt í nýyfirstaðinni tískuviku í Kaupmannahöfn í formi keppni á milli nema af Norðurlöndunum.

„Ég vissi ekki af þessari mynd fyrr en núna,“ segir Arna þegar blaðamaður spyr hana frétta. „Ég held að hún hafi verið tekin baksviðs, rétt fyrir sýninguna.“

Arna segir að hönnun sín hafi vakið athygli gesta en að línan sé hins vegar ekki mjög söluvæn og flíkurnar áberandi og öfgakenndar. „Þetta var þess vegna kannski ekki beint rétti vettvangurinn fyrir mig,“ segir Arna, sem er með ýmsilegt á prjónunum. „Ég er búin að taka að mér hin og þessi verkefni í sumar og er einnig með stórt leyniverkefni í bígerð,“ segir Arna. *- sm*

Kjóll Örnu Sigrúnar hefur vakið mikla athygli á erlendri tískusíðu. MYND/VALLI

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag
365 prentmiðlar

Ritstjórn
Sunna Dís Másdóttir
sunna@frettabladid.is
Alma Guðmundsdóttir
alma@frettabladid.is
Marta María Jónasdóttir
martamaria@frettabladid.is

Forsíðumynd
Valgarður Gíslason

Útlitshönnun
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir

Auglýsingar
Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is
sími 512 5462

Föstudagur
Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

Margrét Una fyrirsæta á nýjum vettvangi:

Opnar netsamfélag

Margrét Una Kjartansdóttir, betur þekkt sem Malla, er vel þekkt fyrir fyrirsætustörf sín bæði hér á landi og erlendis. Síðastliðið ár hefur hún lagt stund á sálfræði og tölvunarfræði í Columbia University í Bandaríkjunum meðfram fyrirsætuverkefnum, en Margrét er einnig framkvæmdastjóri nýs netsamfélags sem opnaðist nýverið og nefnist rate.is.

„Þetta er ein af fáum netsíðum sinnar tegundar á Íslandi, en hingað til hefur íslenskt netsamfélag að mestu notast við enskumælandi alþjóðlegar síður eins og Myspace og Facebook til þess að eiga í samskiptum við aðra notendur,“ útskýrir Margrét, en rate.is hefur verið í undirbúningi í rúmt ár og er alfarið á íslensku.

„Rate.is er sýndarsamfélag þar sem fólk getur sýnt sig og séð aðra á netinu, birt myndir sem aðrir geta skoðað, gefið myndum annarra notenda stig, fundið nýja vini með svipuð áhugamál, spjallað og spilað leiki svo eitthvað sé nefnt. Aðaláhersla okkar er lögð á myndir notenda og stigagjafir fyrir myndir, en þaðan dregur síðan nafn sitt,“ bætir hún við.

„Samfélög eins og Rate.is gera fólki mögulegt að kynnast öðrum og halda sambandi við vini, sama hvar á landinu þeir búa, hvaða skóla eða vinnustað þeir eru á. Við vonum að sem flestir skrái sig og fólk eigi eftir að hafa gaman af, en aðgangur er ókeypis svo allir geta stofnað sína eigin síðu,“ segir Margrét að lokum.

Margrét Una er rekstrarstjóri íslenska netsamfélagsins rate.is sem er álíka og Facebook eða Myspace.

SALON REYKJAVÍK

SALON REYKJAVÍK - HÁRGREIÐSLA

Við á Salon Reykjavík óskum eftir nema til starfa sem lokið hefur 1. og 2. bekk í skóla, meistara eða svein.

Áhugasamir hafið samband í s: 568-5305, e-mail salon@salon.is eða kíkja við að Grandagarði 5.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

intercoiffure MONDIAL
PARIS · TOKYO · LONDON · ROMA
NEW YORK · BERLIN

HELGA BJÖRNSSON FATAHÖNNUÐUR Í PARÍS

Hannar búninga fyrir Óperuna

„Þetta er mín uppáhaldsvinna. Maður fær mikið frelsi og ég hef voðalega gaman af þessu,“ segir Helga Björnsson hátískuhönnuður um búningahönnun fyrir óperuna Cavalleria Rusticana sem verður frumsýnd 19. september næstkomandi með Kristján Jóhannsson í fararbroddi.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem Helga hannar fyrir Íslensku óperuna, en hún hefur verið búsett í París í rúm fjörutíu ár, eða frá því að hún lauk listnámi með áherslu á fatahönnun þar í borg.

Helga vann um langt skeið fyrir tískuhúsið Louis Féraud, þar sem hún hannaði meðal annars föt og fylgihluti fyrir tískusýningar tvisvar á ári. Hún hefur einnig hannað búninga fyrir sýningar á borð við Silkitrommuna, Aurasálina og Hjálparkokkana, en það var Sveinn Einarsson, leikstjóri Silkitrommunnar, sem bað Helgu um að hanna búninga fyrir Cavalleria Rusticana sem hann leikstýrir nú.

„Þetta verk átti að snúast um fólkið í tískuheiminum og þá datt Sveini í hug að hafa samband við mig. Ég byrjaði að teikna um miðjan júlí og sendi allt til Íslands á undan mér, svo það var búið að vinna úr teikningunum að mestu leyti þegar ég kom til landsins. Núna er ég að vinna við búningana á saumastofu og ég ætla að vera á staðnum og fylgjast með framvindunni alveg fram að frumsýningu,“ segir Helga að lokum.

Helga Björnsson fatahönnuður hannar nú búninga fyrir Íslensku óperuna í fyrsta sinn, en hún starfaði meðal annars um árabil fyrir franska tískuhúsið Louis Féraud í París.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

XPS

intel Core™ 2 Duo inside™

Do More

GERÐU NÁMIÐ ENN SKEMMTILEGRA!

XPS M1330 – ÞUNN, LÉTT OG ÖFLUG FARTÖLVA FYRIR NÁMSMENN Á ÖLLUM ALDRI

XPS M1330 xpsm1330#13

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista Home Premium
- 13,3" Ultrasharp (1280x800) TrueLife skjár
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 4 litir í boði: rauð, svört, blá og bleik
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

169.900 kr.

6.723 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

DELL

* FYRIRVARAR:
Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

fatastíllinn

Katrín Inga Jónsdóttir listamaður

Íslensk hönnun flottust

Katrín Inga Jónsdóttir, listamaður og nýbökuð móðir, útskrifaðist af myndlistardeild LHÍ í vor. Í sumar hefur hún notið þess að vera í barneignarfríi og verið að vinna að samstarfsverkefni fyrir sýningu sem verður opnuð í septemberbyrjun í Galleríi Suðsuðvestur í Keflavík. Í haust sest hún aftur á skólabekk og ætlar að leggja stund á listfræði í Háskóla Íslands og segist hún hlakka mikið til.

Hvernig mundir þú lýsa stílnum þínum? Ég hef mikið klæðst notuðum fötum. Það urðu þó kaflaskipti í lífi mínu þegar ég varð ástfangin af sambýlismanninum mínum og hóf nám í LHÍ, þá þróaðist stíllinn í kvenlegri átt frá því að hafa verið stelpu/stráka stíll. Nú eru önnur kaflaskipti þar sem ég er útskrifuð og nýbúin að eignast barn og því fylgir nýr stíll, stílhrein og kvenleg jakkaföt.

Hvaðan sækirðu þér innblástur þegar kemur að fatastílnum? Ég sæki innblástur víða að, til dæmis í fjölmiðla, fólkið í kringum mig, sambýlismanninn minn og svo spila tilfinningarnar sem ég hef gagnvart sjálfri mér og umhverfinu hverju sinni líka inn í fatavalið. **Hvar verslarðu helst?** Rauða krossinum, Hjálpræðishernum, Kolaportinu, Góða hirðinum og Spúútnik. Sambýlismaðurinn dekrar oft við mig og þá eingöngu með nýjum og stórglæsilegum fatnaði og fylgihlutum.

Áttu þér einhvern uppáhaldshönnuð? Nei, en mér finnst flestir ef ekki allir íslenskir hönnuðir vera að hanna geðveika hluti.

Uppáhaldsfatamerki? Aftur. Af því að fötin eru flott og nafnið endurspeglar hugmyndafræðina bak við hönnunina – það er hrein snilld.

Bestu kaupin? Allt sem sambýlismaðurinn hefur keypt handa mér. Takk, ást.

Verstu kaupin? Þegar ég kaupi notaðar flíkur sem passa ekki alveg eða ég er ekki alveg viss með en kaupi samt og nota svo aldrei.

Fyrir hverju ertu veikust? Öllu því sem gerir mig sexí og þar spila háhælaðir skór stóra rullu.

Uppáhaldsbúðin? Allar búðir sem selja íslenska hönnun, því íslensk hönnun er töff.

Nauðsynlegt í fataskápinn? Fullt af þægilegum nærbuxum, eitt stykki kúl stutterma bolur og einar þægilegar gallabuxur.

Hvað dreymir þig um að eignast núna? Sexí undirföt sem fást alveg örugglega í Systrum.

Hvernig er heimadressið þitt? Thaibuxur og eitthvað mjög flegið að ofan svo ég nái auðveldlega og fljótt í brjóstin á mér þegar prinsinn byrjar að gráta.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1 Svartir hælaskór með semelíuskreyttum hæl sem ég fékk í jólagjöf frá sambýlismanni mínum. **2** Svartur regnjakki sem er keyptur í DKNY London. **3** Svartur Aftur-kjóll **4** Taska sem sambýlismaðurinn minn keypti handa mér í London, hringurinn er hraunsteinn úr Gullkúnst Helgu. **5** Kjóll sem vinkona mín gaf mér og leggingsbuxurnar eru frá Aftur og skórnir eru úr KRON. **6** Munstraður kjóll sem er úr Rokki og rósum. **7** Þetta eru meðgöngubuxur, ótrúlegt en satt, sem keyptar eru í Topshop í London. Eru mikið notaðar. **8** Eyrnalokkar úr Góða hirðinum sem ég keypti á 200-kall. **9** Þetta er kjólapeysa sem ég keypti í Lykkjufalli, mjög þægileg gjafapeysa. **10** Nike Plus-skór sem tala við iPodinn minn, þetta er einkaþjálfarinn minn í dag. Skórnir voru keyptir í Maraþon.

Hagkaup Holtagörðum

Stærsta og glæsilegasta snyrtivöruverslun landsins!

Í Holtagörðum færð þú eftirfarandi merki:

Biotherm
Bobbi Brown
Clarins
Chanel
Clinique
Dior
Elizabeth Arden
Estee Lauder
Guerlain
Helena Rubinstein
Kanebo
Lancome
Marbert
Origins
Shiseido
YSL

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Arabísk stemning mun ráða ríkjum í Perlunni laugardaginn 30. ágúst þar sem SÚK-glæsimarkaður mun fara fram. Tilgangurinn er að styrkja konur og börn í Jemen sem búa við bág kjör, en Jemen er fátækasta ríki arabaheimsins. Margir landspekktir aðilar hafa lagt sitt af mörkum með því að gefa fatnað, skó, skart og aðra vandaða hluti sem munu verða til sölu á markaðnum.

Láta gott af sér leiða

Árið 2005 hlaut Jóhanna Kristjónsdóttir verðlaun fyrir bók sína Arabíukonur. Fyrir verðlaunaféð, sem var 350 þúsund krónur, stofnaði hún sjóðinn til styrktar jemenskum stúlkum. Jóhanna nefndi sjóðinn Fatímusjóðinn eftir unglingsstúlkunni Fatímu sem hún kynntist þegar hún vann að Arabíukonum en henni fannst átakanlegt að sjá hve staða fólks, einkum kvenna, var bágborin og hvað stjórnvöld gerðu fátt til að bæta þar úr.

Í Jemen búa 22 milljónir manna og þar er atvinnuleysi ákaflega mikið vandamál. Fjölskyldur eru stórar og algengt að hjón eigi tíu til fjórtán börn og þótt skólaskylda sé að nafninu til er henni ekki framfylgt af yfirvöldum að gagni svo talið er að um 60 prósent stúlkna og kvenna í landinu séu ólæsar.

Mikið vatn er runnið til sjávar frá því að Jóhanna stofnaði Fatímusjóðinn og með hjálp konunnar Nouriu Nagi, sem rekur miðstöð fyrir börn í Sanaa, og fleira góðs fólks hefur verið komið á laggirnar stuðningskerfi fyrir börn svo þau geti notið skólagöngu. Með því að greiða upphæð sem svarar um 270 dollurum á ári getur barn komist í skóla í miðstöðinni, fengið skólabúning, skólavörur, reglulega læknisskoðun, aðstoð við heimanám tvisvar í viku auk kennslu í handmennt og tónlist sem er almennt ekki í boði í skólum í Jemen. Einnig fá börnin flíkur fyrir hátíðir og fjölskyldur barnanna eru studdar með matargjöfum þegar mjög illa stendur á, sem er oftar en ekki. Í miðstöðinni hefur einnig verið boðið upp á fullorðinsfræðslunámskeið fyrir konur þar sem þær læra meðal annars að lesa, sauma, vinna á tölvur og fá fræðslu um hreinlæti og ungbarnavernd.

Alls njóta nú um 250 börn stuðnings og 24 konur sækja námskeið, en 350 börn eru á biðlista og stöðin hefur sprengt húsnæðið utan af sér vegna þess hve aðsókn hefur aukist. Markmiðið er að miðstöðin geti sinnt 400 börnum og 40 konum og því er orðið tímabært að kaupa stærra húsnæði. Áætlað er að ný miðstöð muni kosta um 30 milljónir með tækjum og búnaði. Allur ágóði af SÚK-glæsimarkaðnum mun renna óskiptur til húsakaupanna og uppbyggingar skólans.

Allir þeir sem geta lagt til vandaðan fatnað eða muni sem hægt er að selja á markaðnum geta látið gott af sér leiða með því að koma þeim í Síðumúla 15, milli klukkan eitt og sex, fyrir 29. ágúst næstkomandi, en nú þegar hafa landsþekktir einstaklingar á borð við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, Björgúlf Guðmundsson, Sævar Karl og Svövu Johansen lagt sitt af mörkum með því að gefa hluti sem munu verða til sölu á glæsimarkaðnum í Perlunni 30. ágúst milli klukkan tíu og sex. Föstudagur hitti nokkrar af þeim góðkunnu konum sem láta ekki sitt eftir liggja og forvitnaðist um þá muni sem þær leggja til.

Brynja Nordquist flugfreyja gefur Karen Millen kápu, gyllta sandala og glæsilegan silfurhring með steinum. Myndir Valgarður Gíslason.

Brynja Nordquist flugfreyja

„Ég var nýbúin að gefa helling af fötum þegar haft var samband við mig út af glæsimarkaðnum, en það var ein kápa sem ég hafði ekki tímt að láta af hendi þá sem ég ákvað að gefa við þetta tækifæri," segir Brynja Nordquist um Karen Millen-kápu sem hún gefur og mun verða til sölu á markaðnum.

„Ég keypti kápuna fyrir nokkrum árum, en hún er svona koníakslituð sparikápa með háum kraga og var frekar dýr á sínum tíma," segir Brynja, sem gefur einnig ónotaða gyllta sandala, skreytta steinum og silfurhring úr Kúltúr. „Ég á alltaf tækifærisgjafir og þar á meðal voru þessir litlu skór, en hringinn hef ég átt í þó nokkurn tíma og er svona stór og flottur kokteilhringur," bætir hún við.

Aðspurð segir Brynja glæsimarkaðinn strax hafa vakið athygli sína eftir að hún fékk boð um að mæta á

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

SKÓLINN BYRJAR Á NÝ

66°NORÐUR SJÓARA TÖLVUTASKA

VATNSHELD

Nú bjóðum við uppá vatnshelda tölvutösku undir verðmætin þín. Límdir saumar og vasi að framan með vatnsheldum rennilás. Handfang og ól yfir öxlina sem hægt er að taka af. Renndur vasi að innanverðu. Fóðrað umslag fyrir tölvu sem hægt er að taka úr töskunni.

VATNSHELT

Verð: 8.600 kr.

66° NORÐUR



Ragnhildur Gísladóttir tónlistarkona gefur handgert hálsmen sem hún hannaði og bjó til sjálf.

Facebook.

„Ég hafði þá lesið viðtal við Jóhönnu þar sem hún sagði frá markaðnum og það vakti áhuga minn að lesa um það starf sem hún hefur unnið í Jemen. Ég ber mikla virðingu fyrir Jóhönnu og hennar starfi og ef ég get látið gott af mér leiða geri ég það,“ segir Brynja að lokum.

Ragnhildur Gísladóttir tónlistarkona

„Ég gef hálsmen sem ég bjó til sjálf. Ég byrjaði að búa til svona hálsmen í fyrra og í framhaldi af því hefur Bryndís dóttir mín einnig verið iðin við hálsmenagerð. Þau eru öll mismunandi og hvert þeirra hefur eitthvað sérstakt við sig. Ég hef aldrei látið þau af hendi þar til nú, en það eru aðeins ég og Bryndís sem höfum gengið með þau hingað til. Hálsmenin eru búin til úr tré-, plast- eða glerkúlum sem eru svo handmálaðar,“ segir Ragnhildur Gísladóttir sem er önnum kafin við að semja tónlist fyrir hin og þessi tækifæri.

„Mér finnst glæsimarkaðurinn mjög skemmtileg aðferð til að safna pening fyrir góðan málstað. Fólk gefur mjög vandaða hluti, svo maður getur keypt eitthvað spennandi í staðinn fyrir það sem maður gefur,“ segir Ragnhildur sem ætlar að vera viðstödd markaðinn í Perlunni 30. ágúst.

Sóley Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri gefur pallíettutopp og tvo kjóla.

Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona gefur útskriftarskóna og kápuna sína.

Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri Ölgerðarinnar

„Ég ætla að gefa þrjár flíkur, einn pallíettutopp, en honum hefur ávallt fylgt mikil gleði og ég er viss um að skemmtunin mun fylgja honum áfram. Þetta er bolur sem ég hef notað mikið og hefur farið víða. Ég gef líka mjög fallegan og klassískan kjól og æðislegt dress frá ömmu minni, en hún var mjög mikil galaskvísa í gamla daga og ég á mikið af fötum af henni,“ segir Sóley.

Aðspurð segist hún að sjálfsögðu ætla að mæta á glæsimarkaðinn. „Ég var búin að sjá þetta í fréttunum þegar það var hringt í mig og ég beðin um að taka þátt. Ég vildi að sjálfsögðu vera með því þetta er frábært framtak og það er ótrúlegt að sjá hversu stórir hlutir geta gerst þegar svona sterkar og framtakssamar konur taka sig saman. Konur láta hlutina gerast,“ segir Sóley að lokum.

Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona

„Ég ætla að gefa útskriftarskóna mína sem ég var í þegar ég útskrifaðist úr LHÍ. Þeir kostuðu alveg helling, en þar sem ég er svo léleg í að ganga á hælum notaði ég þá aðeins í þetta eina skipti. Ég gef líka útskriftarkápuna mína sem er úr Karen Millen. Upphaflega hafði ég hugsað mér að gefa líka útskriftarkjólinn minn og gefa þannig allt dressið, en ég fann því miður ekki kjólinn,“ segir Elma Lísa sem er nýkomin frá Finnlandi þar sem hún var að sýna leikritið Hér og nú.

„Ég hef lesið Arabíukonur eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur, en ég vissi ekki af Fatímusjóðnum þegar ég var beðin um að taka þátt í markaðnum. Mér finnst þetta gott málefni sem ég vil endilega styrkja og ég vona að sem flestir mæti á glæsimarkaðinn og leggi málefninu lið,“ segir Elma Lísa að lokum.

VÍK

Flíspeysa

Verð:
12.500 kr.

TEYGJAST Á FJÓRA VEGU

Einstaklega fljót að þorna

66° NORÐUR

KALDI

Ullarblanda

Verð:
Vettlingar 4.200 kr.
Húfa 6.100 kr.

Hlýtt og mjúkt

Ver háls, kinnar og enni

66° NORÐUR

VATNAJÖKULL

Primaloft

Verð:
32.500 kr.

Hlýr, léttur og notalegur

66° NORÐUR

tíska

ferskleiki dagsins í dag

NÝ TEGUND AF NAGLALAKKI

Nú er komin á markaðinn ný tegund af naglalakki frá Lancome. Lakkið sjálft kemur í litlum krukkum, en með fylgir lítið plastáhald sem notað er til að dreifa lakkinu yfir nöglina. Með áhaldinu þarf aðeins eina til tvær strokur á hverja nögl, ekkert fer út fyrir og lakkið þornar á örskotsstundu.

LEYFÐU SUMRINU AÐ LIFA INN Í HAUSTIÐ

Vincenzo Baroney-ilmur, sturtusápa og body lotion er nýjasta línan í Pier bath & body deildinni. Vörurnar eru fáanlegar í vanillu, kókos og mangó og eru tilvaldar fyrir þá sem kjósa náttúrulegan ilm. Þeir sem vilja sitt lítið af hvoru er hægt að blanda lyktunum, enda passa þær einstaklega vel saman og útkoman verður skemmtilega exótísk. Freistandi vörur á frábæru verði fyrir þá sem vilja halda í ferskleika sumarsins.

STÓRBROTIN BÓK

Áhrifarík uppvaxtarsaga frá Bandaríkjunum – seigla og lífsvilji í miskunnarlausu umhverfi.

Sláandi frásögn um brotna fjölskyldu sem hrekst á milli staða og er hvergi velkomin, saga um fátækt, vanrækslu og óbugaða trú á lífið.

„Glerkastalinn er ekkert annað en stórbrotin bók.“
Entertainment Weekly

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Ilse Jakobsen flytur í nýtt húsnæði í Garðabæ:

Opna nýja og stærri verslun

„Við erum að opna með allt nýtt, bæði haust- og vetrarlínu, en svo koma nýjar vörur vikulega fram að jólum,“ segir Ragnheiður Óskarsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Ilse Jakobsen, en í dag verður verslunin opnuð á nýjum stað, í verslunarkjarnanum í Litlatúni í Garðabæ. „Ég sá Ilse Jakobsen-vörurnar úti í Danmörku á sínum tíma og fannst merkið mjög flott, í kjölfarið opnaði ég verslunina fyrir þremur árum á Garðatorgi, sem varð fyrir valinu þar sem ég bý rétt hjá. Þetta átti aðeins að vera smá föndur til að byrja með, en við fengum æðislegar móttökur strax frá fyrsta degi. Vörumerki Ilse hefur líka verið að stækka ört á síðustu árum svo nú erum við að stækka við okkur,“ útskýrir Ragnheiður, en Ilse Jakobsen er ein af þremur vinsælustu skóhönnuðum í Skandinavíu. Verslanir vörumerkisins eru nú orðnar tuttugu talsins í Skandinavíu og í Evrópu og við skólínuna hafa bæst föt, töskur og fylgihlutir. „Nú erum við að fá aðra fatalínuna sem hún hannar. Bolirnir frá henni eru mjög vinsælir, en svo eru skórnir og stígvélin sívinsæl,“ segir Ragnheiður að lokum.

Ragnheiður Ólafsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Ilse Jakobsen, ásamt dóttur sinni, Ástu Ólafsdóttur verslunarstjóra.

Svört, hnésíð Dúnúlpa, með prjónaermum og kraga.

Nylon-taska, með lakkhöldum og hólfum að framan er partur af töskulínu Ilse.

Handgerðu gúmmístígvélin eru þekktustu skór Ilse. Þau eru án gerviefna og fóðruð að innan með ull. Stígvélin koma í öllum litum, bæði há og lág og án reima.

Leðurlakkstígvél með svartri teygju sem gefa eftir við kálfann, einnig úr haustlínunni.

heima

gleði og glysgjörn húsráð

FLOTT GLÖS

Fallega skreytt glös, líkt og þessi vín- og bjórglös úr Casa, geta sett heilmikinn svip á veisluborðið og vakið eftirtekt veislugesta. Þau eru líka tilvalin gjöf við öll tækifæri, hvort sem um ræðir afmæli, brúðkaup eða innflutningsteiti.

Tanimbar-skrifborð og stóll í stíl. Fæst í Pier.

RIAU-vinnustöðin hefur margvíslegt notagildi. Hún hentar vel í opnu rými því hægt er að loka henni og þá lítur hún út eins og skápur. Fæst einnig í Pier.

ILMUR OG BIRTA FYRIR HEIMILIÐ

Leyfðu ljúfum ilmi að leika um heimilið með spreyi eða ilmolía úr Pier sem gefur milda lykt á meðan viðarstangirnar draga í sig olíuna. Enginn verður svikinn af buttercream vanilluilminum, sem hefur slegið í gegn.

Nú þegar dimm haustkvöld eru skammt undan er líka um að gera að byrgja sig upp af kertum til að lýsa upp skammdegið. Í Pier fást flott ilmkerti í öllum stærðum og gerðum, en ilmur af bökuðu engiferi, vanillu og latté er sérstaklega freistandi.

Góð vinnuaðstaða heimafyrir:

Aftur í skólann

Þegar tekið er að hausta og skólarnir byrja á ný, líður ekki á löngu þar til heimavinna og bókalestur verður daglegt brauð. Þá er lífsnauðsynlegt að hafa góða aðstöðu heimafyrir, hvort sem er fyrir heimanám eða aðra skrifstofuvinnu innan veggja heimilisins. Fallegt og stílhreint umhverfi getur skipt sköpum þegar löngum stundum er eytt við skrifborðið og ekki er síður mikilvægt að hafa skipulagið á hreinu þegar kemur að bókum og pappírum. Föstudagur fór á stúfana og skoðaði nokkur flott skrifstofuhorn sem gefa góða hugmynd að kjörinni vinnuaðstöðu heimafyrir.

Kläppe-skrifborðsstóll úr IKEA er þæginlegur að sitja í á löngum vinnudögum, með stillanlegri sætisdýpt og innbyggðum stuðningi fyrir bakið.

Jonas-hornborð úr IKEA veitir gott borðpláss í vinnurýminu og hægt er að festa útdraganlega plötu annaðhvort hægra eða vinstra megin.

Homedesk-vinnuborð með geymsluhólfum fyrir smáhluti. Ofan á er Gibigiana-lampi en stóllinn er íslensk hönnun og heitir Skatan. Fæst í hnotu, tekk og svörtu í Saltfélaginu.

Sapporro-skrifborð og stóll úr Pier er bæði lítið og nett og passar nánast hvar sem er.


LANCÔME
PARIS
Þú ert einstök, þú ert
MAGNIFIQUE
ANNE HATHAWAY
Lancome.com

Borgin mín TÓKÝÓ

GAUTI FRIÐRIKSSON starfsmaður CCP

MORGUNMATURINN:
Í Harajuku-hverfi er staður sem heitir Fujimama's, sem býður upp á Eggs Benedict og besta kaffi borgarinnar. Annars er lítið mál að hlaupa út í næstu sjoppu og kaupa innpakkaðar samlokur sem eru bragðbetri en þær ættu með réttu að vera.

SKYNDIBITINN:
Tan tan men er tiltekin tegund af ramennúðlum sem er gerð með sesamfræjum og hökkuðu svínakjöti í þykkri dimmrauðri súpu og má finna víðs vegar um bæinn. Ef ég væri ekki kvæntur konunni minni myndi ég sennilega giftast tan tan men.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:
Mango Tree er veitingahús á 35. hæð í skýjakljúfahverfinu Marunouchi. Ljósadýrð fyrir utan stendur í mótsögn við dökka viðaráferð og hlýja lýsingu inni fyrir – og ekki skemmir maturinn fyrir heldur.

LÍKAMSRÆKTIN:
Við vorum svo heppin að búa í námunda við nýlega opnaða stöð í keðju sem heitir Ichigeki. Spánnýr búnaður og lóð af öllum gerðum ásamt einkaþjálfurum, heitum böðum og gufu.

UPPÁHALDSVERSLUNIN:
Keðjuverslunin Don Quixote leggur upp úr því að eiga nokkurn veginn allt sem fólk gæti mögulega vantað. Átta hæðir, þröngir gangar og hillur sem svigna undan breiðustu vöruflóru sem hægt er að ímynda sér.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:
Við litla hliðargötu í Ebisu-hverfi má finna veitingastaðinn Good Honest Grub. Hann er rekinn af frábærum kokki frá Nýfundnalandi sem leggur mikið upp úr hollustu og gæðum og er með nýja og frumlega rétti á boðstólum á hverjum degi.

BEST VIÐ BORGINA:
Tvímælalaust fjölbreytileikinn, hvernig öllu ægir saman. Það er eins og hafi verið tæmt úr dótakassa með leikföngum frá tíu mismunandi plánetum og það kallað borg.

HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM:
Byrja á smárölti um Shibuya-hverfið þar sem finna má fjölförnustu gatnamót í heimi auk ótal skemmtilegra verslana og bygginga. Þaðan má ganga áleiðis upp í tísku- og listahverfið Harajuku, þar sem allt morar í marglitum og margvíslegum mannverum, og njóta síðan síðdegisins í Yoyogi Park. Það er stærsti, og að mínu mati fallegasti, almenningsgarður borgarinnar. Þegar kvölda tekur er upplagt að hitta góða vini á einum af mýmörgum izakaya-stöðum í borginni, þar sem bjór og smáréttir eru bornir á borð án afláts þar til allir eru saddir.

Bjarki Snædal rekstrarstjóri og Jón Davíð Davíðsson verslunarstjóri Urban.

BÆTIST Í FLÓRUNA HJÁ NTC

„Það vantaði fataverslun fyrir stráka á þessum aldri og meira úrval af fatnaði í þeirra stærðum," segir Henný Bjarnadóttir, markaðsstjóri NTC-verslunarkeðjunnar, en í gær var nýjasta búðin í keðjunni opnuð. Hún ber heitið Urban og hana er að finna á þriðju hæðinni í Kringlunni.

„Þetta er búð fyrir stráka á aldrinum tólf ára og allt upp í tvítugt," segir Bjarki Snædal, rekstrarstjóri Urban. „Við verðum með ný merki í bland við það sem við höfum verið með, svo sem G-Star, Diesel junior, Björkvin, Levi's, Kawasaki og WESC," bætir hann við.

KVK-OPNUN Á MENNINGARNÓTT

Stöllurnar í kvk fluttu nýverið verslun sína að Laugavegi 58 þar sem þær eru nú með vinnustofu sína, hanna og framleiða allan fatnað sjálfar. Á menningarnótt ætla þær að vera með opið og munu Tíu dropar sjá um veitingasölu fyrir utan verslunina milli klukkan fjögur og tíu, þar sem hægt verður að kaupa girnilegar muffins og heitt kakó.

„Þetta er alltaf mikið tilhlökkunarefni hjá okkur, en við höfum verið með opið til klukkan tíu á menningarnótt undanfarin ár og reynt að skapa kósí stemningu," segir Íris Eggertsdóttir hönnuður og annar af eigendum kvk. Klukkan hálf níu hefjast svo tónleikar fyrir utan verslunina með elektrópoppbandinu Sometime, sem mun spila fram eftir kvöldi.

Íris Eggertsdóttir, hönnuður hjá kvk.

SKÓLAR

Heilsuleikskólinn Kór – Kópavogi
Skemmtileg störf í boði
Eingreiðslur fyrir framtíðarstarfsmenn
sem sækja um fyrir 1. sept.

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur. Við leitum að leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki.

Við óskum eftir starfsfólki til framtíðarstarfa sem getur hafið störf nú þegar eða í haust.

Hafðu samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Kópavogi þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar www.skolar.is eða hafa samband við Bjarney leikskólastjóra í síma 570-4940. Einnig er hægt að senda tölvupóst á skolar@skolar.is

JAMIS BICYCLES

adidas

Columbia Sportswear Company

ROLLERBLADE

USA PRO

PUMA

casall

ESPRIT

Lokastökkið á útsölunni

Útsölulok Útilífs eru í Holtagörðum

Sportfatnaður – Barnafatnaður
Sundfatnaður – Skór – Útivistarfatnaður

Aðeins 4 verð í markaðshorninu
500 – 1000 – 2000 – 3000 kr.

***30 til 40% afsláttur** af öllum reiðhjólum og línuskautum*

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 43250 08/08

Jeppar

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Chevrolet Astro, 93árg, 140þús km, 35" ný dekk, flottur í toppstandi, svefnpláss fyrir2, dana 44/ford 9" hásingar, tilboð óskast 8665960

Útsala-Toyota Tacoma 2005 35" breyttur læstur aft+fram, 4,30 drif, kastarar + grind, V6-246 hö, eyðsla 14-17 l. loftkæling, cruis controll, 6 diska magasín, vhf talstöð, GPS tengin, ekinn 40 þ ný skoðaður, góður bíll skoða skipti á ódýrari jeppa. Verð 3,1 milljón uppl. 8964436

Lærðu að stunda jóga heima hjá þér. 10 vikna námskeið í Lækjarskóla með Guðjóni Bergmann. Skráning á www.gbergmann.is.

Viltu læra spænsku? Byrjendanámsk. hefst 8. sept. Uppl. á www.fruminerva.is og s. 8682859

Ford Bronco '72. 6 cilendra. Beinsk. Þarfnast lagfæringa. Verð 80þús. Dodge Ram charger. 38" breyttur. Þarfnast lagfæringa. Verð 200þús. Skipti á amerískum bíl. Uppl. í s. 899 4096

Pallbílar

Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

Vörubílar

Til sölu Bens Actros 2655 árg 2007. A.D.R bíll og Kruz vagn 2007. upp 695 6520.

Húsbílar

Fiat Joint J357 árg. 04 ek. 15 þ. Selst með öllu, tilbúinn í fríið. Hefur staðið í upphituðu húsi milli sumra. TOPPEINTAK! V. 4,4 millj. Verður til sýnis föstud. - sunnud. í Rvk. S. 898 2717.

Mótorhjól

Nýtt Kawasaki KVF 4x4 fjórh. utanvegaskráð ek. 0km. með öllum aukabúnaði, töskur, álhlífar á undirvagni, warn spil, álfelgur og 27" radial dekk. Staðgreiðsluverð 1200.000, verð í umboði rúm 1400.000. Upplýsingar í síma 699 5595.

Tilboð !
KTM 250 cc árg. '03, tvígengis, hjól í mjög góðu standi. Selst á 250 þ. S. 863 3492.

Honda CBR 600cc, árg. '01 ek. 26 þús. selst á gjafa verði 389 þús. Mjög gott byrjenda hjól. Ekkert áhvílandi, uppl. S. 822 0147.

Honda CBX 1000 super sport 1981 Hjólið er gangfært en þarfnast aðhlynningar. Flutt inn frá USA 2007 Verð; 750 000 kr Triumph Speed triple 955i Street fighter 2004 Hjól í góðu lagi, þarfnast sprautunnar. Verð; 850 000 kr. Uppl. í s. 8569305

Ertu með stað til að geyma hjólið yfir veturinn?Hafðu samband við okkur ! 4900 á mán.. S. 696 0738.

Fjórhjól

Honda árg '07 450 TRX 2WD lítið ek. í toppstandi. Fæst á yfirtöku 800 þ. S. 892 6993.

Hjólhýsi

T@B '04 ísskápur 12v/gas/ac, gaseldavél fortjald, gashitari, vaskur Verð 1,0m S. 661 4358

Wilk 540 árg'92 með fortjaldi, er ný skoðað verð 600þ eða tilboð. S. 664 0307.

Fellihýsi

Til sölu CHALET A LINER árg. 2003 14 fet, með sólarsellu og fortjaldi. Verð kr. 1.000.000. Upplýsingar í síma 892 2874 eftir kl. 16:00

Vinnuvélar

Bílaþjónusta



Eldsneytis Sparari!
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS

Hjólbarðar

Notaðar Benz álfelgur á sumardekkjum 235/60. 16" 4 stk á 32 þús. Einnig 185/60. 14" sumardekk 4 stk á 6 þús. Hafþór s 849 3241,552 7403.

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Imprezu '97. Accent '95. Vinstra framljós á BMW X3 '03-'06. Uppl. í s. 896 8568.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Vy-þrif ehf.
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

Ræstingar

Almenn þrif í heimahúsum, skrifstofum og öðru sem við kemur hreingerningum. Uppl. í s. 897 3422 & 846 5652.

Garðyrkja

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Haustklippingar runna
Garðsláttur, alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

HAUSTKLIPPINGAR. Klippum runna og fellum tré. Hofsvík ehf. S. 699 8509.

Fjármál

Stofnun fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar, bókhaldsþjónusta, samningar við lánardrottna, viðskiptaáætlanir, samningagerð atoz@atoz.is s: 771 45 45

Málarar

Múrum og málum !
Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s.661-7000

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Inni-/útimálun
30 ára starfsreynsla. Vönduð vinnubrögð. Snyrtileg umgengni. Örugg mæting. Sanngjarnt verð. Björn s. 847 5012.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

Búslóðaflutningar !
Búslóða flutn., vörufl., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Besta verðið !! Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Húsaviðhald



Steinsögun, kjarnaborun, múrbrot.
Upplýsingar í síma 692 3237.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Húsaviðgerðir og málun
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Trésmíði
Tek að mér allt almennt viðhald húsa, trésmíði og m.fl. S. 662 6092.

Ryð og lekavarnir á þökum
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Tölvur

Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987.

Visa/Euro
Ef þig vantar hlustanda eða ráðgjöf, andleg leiðsögn, fyrirbænir, tarot. Fullur trúnaður. Er við alla virka daga frá hádegi til 01 & um helgar frá kl. 12-03. Visa/Euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

661 3839 - Símaspá
Tímapantanir alla daga eftir kl. 13

Til sölu

Þjónusta

Veisluþjónusta

Stórar sem smáar veislur
Tökum að okkur stórar sem smáar veislur, allt frá 10-200 manns. Þjónum mikið í heimahús. Veisluþjónustan LB Baldurshagi. Nánari upplýsingar í síma 567 2025 & 848 0185.

Rafvirkjun

Trésmíði

Trésmíðameistari
Trésmíðameistari getur bætt við sig verkefnum.
Uppl. í s. 867 7753, Haraldur Bjargmundsson.

KEYPT & SELT

Til sölu

Skrifstofuhúsgögn til sölu
Glæsileg borð og hillur úr hlyn ásamt skrifstofustólum. Nánari uppl. í s. 898 6106.

Rena fiskabúr, 350l með öllu + stand. Gróður og fiskar geta fylgt með. Italiano Orginal Subaru felgur 5 arma, 5x100. 215 45 17. Tilboð Óskast. S. 847 7520.

Eftirlitsmyndaélar, mikið úrval kerfa. Leiga eða sala. videocom.is s. 588 8850.

Amerísk þvottavél
Amerísk þvottavél og þurrkari. V. 55 þús. Uppl. í s. 847 5545.

stubbahus.is
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Hljómtæki

Hljóðkerfi - 2x400w hátalarar+standar, Yamaha 12/4 mixer, mic+standur, + kaplar. Nýtt kostar yfir 400.000þús - 1árs gamalt, lítið notað selst á 300.000. www.kjalfell.is uppl. 863-6002 (Kristján)

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Stórútsala á gæludýravélmeninu Pleo. Aðeins 25000 kr jón 6961311

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Óska eftir mótatimbri/dokaborðum til kaupa, 1"x6" & 2"x4" Uppl. í S. 861-2628

Til leigu ál-dokamót 40lm í tvöföldun, byggingakrani og traktorsgrafa s. 8652954.

Til sölu notað: Dokar, zetur „2x"4 + ýmisl. timbur Gott verð. S: 8650046

Verslun



Sparið með netverslun www.isbutrade.com Flott barnaföt, skór á aðeins kr. 1990.

Ýmislegt

NUDDPOTTUR - rafm. nýl. 6 manna til sölu. Frá Cal Spa (Vatnsvirkinn). 375þús. (nýr ca. 800þús.) S:8650046

HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

5-7 kíló á 9 dögum með Aloe Vera. Nánari uppl. í síma 77 22 885, Sigríður.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Microsoft kerfisstjóranám hefst 1. sept. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is - S. 863 2186.

Kennsla

Nuddnám
www.nudd.is Uppl. í s. 557 5000 og 895 7333. Nuddnám Akureyri-Rvk.

HEIMILIÐ

Húsgögn

STÓLAR TIL SÖLU
Á nokkra fallega stóla með snúningi. Gott verð. Uppl. í s. 898 5878.

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is

Til sölu 3mán.English Springer Spaniel hvolpur, rakki, allveg frábær, rólegur og góður fjölskyldu og veiðihundur, uppl. í síma 896-8212

Til sölu Poodle hvolpar hvítir. Uppl. í s. 896 2114.

Cavalier Hvolpar til sölu 2 rakkar. Annar með yfirbit og selst með gódum afslætti. U.i sima 8465310

Ýmislegt

Heitur pottur til sölu Rafm.pottur, ca. 1 1/2 árs,5 manna, m/loki, þrepi og nuddi. Verð 350. þús. Uppl. í síma 821-7216

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn

Silunganet
Heimavík. Sími 892 8655.

Góðir maðkar
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu í Vesturbæ
Björt og snyrtileg 2ja herb. 60fm. íbúð í tvíbýli á góðum stað í vesturbænum til leigu. Hentar vel fyrir einstakling, par eða par m/ungt barn. (Íbúðin leigist með húsgögnum og húsbúnaði.)
Nánari upplýsingar í síma 897 0120.

Free rent in august
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Til leigu í Kópavogi
Nýuppgerð 4ra herbergja íbúð í Kópavogi. Leigist með eða án einhverra húsgagna. Uppl. í s. 823 6233.

Frítt í ágúst
Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

3 herb. 108 fm íbúð til leigu í Kórunum. Laus strax. Uppl. í s. 691 2938.

5 herb. íbúð í Sigtúni, 120 fm, 160 þ. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 893 6513.

Til leigu 2ja herb. ca 60 fm. íbúð við Kaplaskjólsveg. Íbúðin er laus nú þegar. Leiguverð 110 þ. á mánuði. Tryggingar er krafist. Snyrtileg umgengni er nauðsynleg. Uppl. hjá pall@rausn.is

3 herb. íbúð á einstökum stað í Þingahverfi 203 Kóp. 130 fm. Leiga 150 þ. Innifalið hiti og rafmagn. Laus 1. sept. Uppl. í s. 897 9908.

Til leigu 90 fm skrifstofuhúsnæði í miðbæ Rvk. Uppl í s 414 8200.

Til leigu gott 110fm iðnaðarbil við Skemmuveg. Vinsamlegast hafið samband í síma 894-5125.

Björt og falleg 3 herb íbúð í Hraunbæ til leigu. 96 fm á 2 hæð. Laus strax. 130þús á mán. uppl. 6913977

Til leigu 350 m2 einbýlishús í Kóp. leiga 250 þ. mán, eitthvað af húsg. getur fylgt, laust strax. uppl. s 860 8810

Lítið herbergi inni í íbúð með aðgangi að öllu í til leigu á 42þ. í Kóp s. 8616034.

3. herb 60 fm íbúð í 101, í vesturbænum. 2 svefnherb. Sérinngangur, garður. Rólegur staður. verð 140.000 á mán. Reglusemi áskilin. Uppl: pks@simnet.is

65 fm2, 2hrb í 101. Allt innifalið, húsgögn, þvottavél og þurrkari fylgja en ekki rúm. 140 þús/mán, 1x mán fyrirfram og bankatrygging upp á 500 þús. Hafið samband við Gunnar - gunnar.gudjonsson@mac.com

Til leigu, í 6-12 mán. Nýstandsett 4ja herb. íbúð í Hjaltabakka. Laus strax. Leiga 150þ. + hússj. og rafm. Uppl. í s. 616 1977

Glæný, björt, stórglæsileg 4 herb. 150 fm íbúð á efri hæð í Ásahverfi í Garðabæ til leigu. Bílageymsla. Verð eftir samkomulagi. ekkert fyrirfram. Uppl. gefur Haukur í s. 659-4406.

Til leigu 62fm 2ja herbergja íbúð á 4.hæð Boðagranda. Innif hússjóður og rafm. 125 þús S: 8678097

4 herb íbúð á jarðhæð í Norðlingaholti. Stutt í leikskóla og skóla. Þvottahús í íbúð, staði í bílageymslu. Leiga 168'000/mán. Uppl í selvad@ymail.com

Vantar, fallega, skemmtilega og fjárhagslega heilbrigða leigjendur í 90 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í einbýlishúsi í Grafarholti. Langtímaleiga, 130.000 á mánuði. Hafið samband við eiganda í s. 660 0088

Til leigu 3ja herb. íbúð á Kirkjuvöllum, Hfn. Verð 150.000.- Uppl. 8976530/8679969

Íbúðaskipti milli íslenskra eldri borgara. Höfum fullbúna íbúð á besta stað í Albufeira, göngufæri í strönd,búðir og Laugaveginn. Óskum eftir fullbúinni íbúð á Höfuðborgarasvæðinu frá haustinu 2008. Símar 00351-968569300 eða 00354ö8687722.

Til leigu 50 fm.2 herb.íbúð við Háteigsveg,leigist með húsgögnum. Innif.rafm.og hiti verð kr.100.000 pr.mán Uppl.í síma 696-8253 mill 17 og19

Reyklaus kjallaraíbúð til leigu í 111. Leigist aðeins rólegum einstaklingi frá 1.september n.k. Reglusemi og góð umgengni algjört skilyrði. Leiga 80 þús. ingagunna@hive.is

Falleg 3ja herb. íbúð í Seljahverfi til leigu. Laus 1.Sept. 130 þús. á mán. með hita og rafmagni. S. 557 2262 & 849 7166.

Öldugata 101 Rvk. íbúð með 4 herb. til leigu. 150 þ. á mán. Tilvalið fyrir námsmenn eða fjölsk. Laus strax. Uppl. í s. 846 8746 eða 866 5772.

3ja herb. íbúð til leigu í Hafnafirði. Verð 120þús. Uppl í s. 865 1349

60 fm. 2-3 herb. íbúð í Reykjanesbæ til leigu strax. Uppl. í s. 848 7159.

Óska eftir 2-4 m kr. bíl í skiptum fyrir nýuppgerða 2-3 ja herbergja íbúð á svæði 101. íbúðin er í leigu til 1/6/09 leiga 120 þ. á mán. áhv. 18,4 m í nýju láni frá ILS. mism. greiddur með bíl. Uppls í S: 898-5254.

Húsnæði óskast

1-2 herb. íbúð í Foldahverfi í Grafarvogi. Uppl. í s. 691 5308 e. kl. 17.

Óska eftir 2 herbergja eða stúdío íbúð á höfuðborgasvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 8568.

Reglusamt ungt par í námi óskar eftir 2 herb. íbúð í breiðholti eða nágrenni. greiðslugeta 60-90 þús. skilvísum greiðslum heitið uppl. Gunnar s:8937147

Er tvítug, reglusöm og reyklaus og kem utan af landi. Er að byrja í lðnskólanum í Hafnarfirði og sárvantar einstaklingsíbúð. Nánari uppl. eru í s. 690 4681 e. kl. 18.

Sumarbústaðir

Til leigu
Vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Fjölbreytt afþreying. Uppl. í síma 663 2712.

Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

Til leigu rúmlega 11m2 skrifstofuhúsnæði með aðgangi að eldhúsi, snyrtingu og setustofu á 3 hæð í Mjódd. Upplýsingar frá kl. 9-14 virka daga í síma 587 7171.

270 fm atvinnuhúsnæði á Hvaleyrabraut í Hjf til leigu. 4 m lofthæð, háar innkeyrsludyr. Laust 1. sept. S. 696 1770.

100 fm skirfstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Þjónusta

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Vantar þig geymsluhúsnæði undir tjaldvagna kr. 9 þ., fellihýsi 13 þ., húsbíla og hjólhýsi frá kr. 17 þ. allan veturinn. S. 892 4791, eftir kl. 20, Ólafsfirði.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

HÚSVAGNAGEYMSLA
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Bílskúr

Bílskúr til leigu í Fljótaseli - Seljahverfi.
25 fm með hurðaopnara og stóru geymslulofti, vinnuborð með vaski er til staðar. 35.000 á mánuði.
Upplýsingar í síma 699 4997.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Glænýtt einbýlishús, á einni hæð í Orlando til leigu. Stutt í verslanir,garða og golfvelli. Uppl:8975520

Room for rent-105
Til leigu herb. á góðum stað í bænum. Rólegt hverfi og stutt í allar áttir. Að. að sam. eldh. að. , baði og þvottavél. Laust strax. Uppl. s. 863 3328/846 0408

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Nings Veitingahús
Nings veitingahús óska eftir duglegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða vaktavinnu. Aldurstakmark 18 ár. Íslenskukunnátta skilyrði.
Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is

Hjá Jóa Fel Holtagarðar
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarið hjá Jóa Fel Holtagörðum og Kaffihúsið í Smáralind.
Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is

MOSFELLS BAKARI

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

MOSFELLS BAKARI

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.

FYLGIFISKAR
Sérverslun með sjávarfang

Fylgifiskar óska eftir starfsmanni í sölu- & afgreiðslustörf í verslunum sínum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt & byrjað sem fyrst. Uppl. í síma 533-1300 f.h.

Argentína Steikhús
Argentína steikhús óskar eftir nemum í matreiðslu. Upplýsingar veitir Daniel Sigurgeirsson yfirmatreiðslumaður í síma 660 6068 og 551 9344 og á staðnum milli kl 13 - 18 alla virka daga.

BISON
Vantar fólk í hlutastarf í Kringlunni og Smáralind. Upplýsingar í síma 581 2300.

Söluturn
Starfskraftur óskast strax til starfa í söluturn alla virka daga frá kl. 12-18. Ágætislaun fyrir hressa og þjónustulundaða manneskju. Einnig vantar manneskju af og til á kvöldin og um helgar. Tilvalið fyrir skólafólk sem vill vinna sér inn smá vasapening.
Uppl. í s. 892 2365.

Energia kaffihús/veitingahús Smáralind
Vantar aðstoðarmanneskju í eldhúsið. Ekki yngri en 20 ára. Þarf að geta byrjað strax.
Nánari upplýsingar í s. 664 0664, Guðný.

Gallery fiskur
Þjónustufólk óskast í sal!
Starfsfólk óskast í fullt starf
08-16 virka daga
þjónusta og aðstoð í eldhús
Umsóknir sendist á galleryfiskur@galleryfiskur.is

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

Pylsuvagninn Laugardal
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði kvöld og helgarvaktir. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir skulu sendar á ottar@foodco.is

pítan
Aðstoðarveitingarstjóri kvöld- og helgar hlutastarf, 65% Hentar sérstaklega vel fólki í háskóla, unnið er 15 daga í mánuðinum, ca. 115 tíma á mánuði. Hæfniskröfur: Mjög góð mannleg samskipit, 23 ára eða eldri, snyrtimennska, heiðarleiki, stundvísi. Mjög samkeppnishæf laun, skemmtilegur vinnustaður, rótgróinn og traustur rekstur. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

50-70% Sölustarf í verslun
Vinnutími frá 14-18 alla virka dag og 11-17 annan hvern Laugardag. Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og tilfallandi störf. Farið er fram á lágmarks kunnáttu á tölvur, jákvæðni og góða þjónustulund.
Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Umsókn sendist á rumgott@rumgott.is Uppl. í síma 544 2121.

OLIVER BAR CAFÉ GRILL
aðstoð í eldhús óskast. Help in kitchen needed. Contact 694 7116, Atli.

Veitingahúsið - Lauga-ás.
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 8:30-16:30. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

Sjávarkjallarinn Ræstingar
Vinnutími er alla mán-fös frá 7:30 - ca. 11:00 (u.þ.b. 45% starf) Góð laun.

Hæfniskröfur

- hentar best 35-45 ára

- heiðarleiki

- rösk og vönduð vinnubrögð erlendir umsækjendur þurfa að vera með góða íslenskukunnáttu og með gildandi atvinnu- og dvalarleyfi

Nanari upplýsingar veitir Valtýr 661-9912 alla virka daga milli 10-12 og 14-18, valtyr@sjavarkjallarinn.is

Gullnesti Grafavogi
Auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf.
Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.

sbarro

Hefur þú áhuga á ítalskri matargerð?
Sbarro auglýsir eftir duglegu starfsfólki í hlutastarf um kvöld og helgar. Hentar vel með skóla. Sveigjanlegur vinnutími og skemmtilegur vinnustaður. Íslenskukunnátta nauðsynleg.
Nánari upplýsingar veitir Steingrímur í síma 696-7021. Umsóknareyðublöð á staðnum og sbarro.is

Prikið auglýsir.
Vantar starfsfólk í vetur á dagvaktir. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Áhugasamir hafið samband við Þórhildi í síma 694 5553.

Bakarí í Kópavogi
Starfskraftur til afgreiðslu starfa í bakarí. Vinnutími 6:30-13:00 og 13:00-18:30 og aðra hvora helgi. Ekki yngri enn 18 ára. Icelandic speaking only.
Uppl. í s. 899 8212.

NK Kaffi Kringlunni
Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa og í sal í fullt starf. Einnig vantar fólk um helgar.
Uppl. á staðnum og síma 568 9040 & 693 9091.

Afgreiðsla
Óskum eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu frá kl. 8 - 17 á Select við Laugaveg. Nánari upplýsingar veitir Óskar stöðvarstjóri í s. 561 9926 eða á starf@skeljungur.is.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select.

Vaktstjóri
Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Select stöðina við Smáralind. Nánari upplýsingar veitir Jóna stöðvarstjóri í síma 554 2280 eða á starf@skeljungur.is.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select.

Kvöld og helgarvinna

Upplagt fyrir skólafólk
Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Only icelandic speaking.
Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.

Þjónusta

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is
FLESHLIGHT.IS

Bakaríið Hagamel 67
Óskar eftir að ráða duglega og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Unnið er á vöktum eftir nánara samkomulagi.
Nánari uppl. veita Gunnar í s. 8978 101 og Steinar í s. 860 3147.

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óska eftir konu til að gæta eins árs gamalli stúlku hluta úr degi. Uppl. í s. 891 6529 Sigríður.

Múrarar Verkamenn
Menn óskast til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 893 5017.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til starfa við úthringingar. Aukastarf með góðum tekjumöguleikum. Uppl. gefur Ingibjörg í síma 661 2826 & eli@tmi.is

Vaktstjóri & veislustjóri
Erum að leita að hressu og barngóðu starfsfólki í hlutastarf á virkum dögum e.h. og um helgar. stjornustelpur@stjornustelpur.is S. 555 6565

Trésmíðafyrirtæki óskar eftir vönum Verktökum SL ehf S: 894-3203

Byggingarvinna - Egilsstaðir
Vantar menn í einingarverksmiðju og almenna byggingarvinnu. Malarvinnslan Hf. Uppl. veitir Ragnheiður s. 860 0120.

Óska eftir vönum smiðum til framtíðarstarfa uppl. í s. 660 1697. Building company seeks experienced carpenters info tel. 660 1697 BG Smíðar ehf.

Starfsfólk óskast til garðyrkjustarfa og landbúnaðarstarfa. Uppl í s 894 3005.

VANTAR FÓLK Í ELDHÚS! REYNSLA ÆSKILEG. UPPL. Í S: 866-7629. SANTA MARÍA-LAUGAVEGI 22A.

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR DUGLEGA KONU VERSLUN Í FIRÐI HAFNARFIRÐI ER TIL SÖLU. BESTI TÍMINN FRAMUNDAN. AUÐVELD KAUP, EINUNGIS YFIRTAKA. UPPL. Í S. 865-6774

Smiðir óskast strax.
Við óskum eftir smiðum, vönum smíði timburhúsa og viðhaldsverkum, svo sem ísetningu glugga og útihurða ásamt fjölbreyttri smíðavinnu á verkstæði. Nánari uppl. í síma 566 6630 og 696 1120 og 696 1182.

Need polish workers. tel. 894 7010.

Strafsmenn óskast til útiverka. S. 894 7010.

Gröfumaður og bílstjóri óskast. S. 894 7010.

Fólk vantar í fiskvinnslu í Hafnarfirði. Mikil vinna framundan. Upplýsingar veitir Gunnar í síma 660-2760

Potrzebuje do pracy w przetwórni rybnej w Hafnarhiordzie praca przez caly rok Gunnar tel 660-2760

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meirapróf bílstjórar, velamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Seljavegi 2 (Héðinshúsinu) Rvk. flytur frá og með 1. júní að Borgartúni 6. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

Jæja stelpur mínar þá er langbesta hrossið í bænum að ganga út. En ekki örvænta, kallinn verður á kæjanum í kvöld og ef að þið eruð heppnar fáið þið að bjóða mér í glas. Sjáumst, Dr.Flame

Einkamál

Dömurnar á Rauða Torgi
Undanfarið hafa hátt í 15 yndislegar dömur skemmt sér konunglega við spjall og símaleiki. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (visa, mastercard). Raudatorgid.is

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666 & 908 2000
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Útsala

Náttúrulækningabúðin
www.ullogsilki.is
Útsalan er hafin
Brjóstagjafafatnaður í úrvali Gott verð
Hliðasmára 14 • 201 Kópavogur | Opið mán-fös 11-18 og lau 11-17
Sendum fritt um land allt

Fundir / Mannfagnaður

Aðalfundur 2008
Aðalfundur Þingeysks sagnagarðs verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju laugardaginn 6. september kl. 14:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.
Nýir félagar eru velkomnir á aðalfundinn og þá sem fyrir eru hvetjum við til þess að mæta.
Sjá má frekari upplýsingar um Þingeyskan sagnagarð á **www.sagnagardur.is.**

Stjórnin.

Atvinna

Foldaskóli
Logafold 1, Grafarvogi, 112 Reykjavík.

Laus störf á komandi vetri

Umsjónarkennari í 1. bekk
Stuðningsfulltrúi á unglingastigi (70% starf)
Skólaliði við ræstingar og gæslu.

Nánari upplýsingar hjá Kristni Breiðfjörð skólastjóra í síma 540 7600 & 664 8180. Kolbrúnu Ingólfsdóttur aðstoðarskólastjóra 664 8183 Jóni Gunnari umsjónarmanni skóla 664 8182

Atvinna

VANTAR ÞIG
SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

GRUNNSKÓLAR GARÐABÆJAR
Laus störf skólaárið 2008-2009

Flataskóli (565 8560, sigurveig@flataskoli.is)
- Stuðningsfulltrúi 75% starf
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili

Garðaskóli (590 2500, throstur@gardaskoli.is)
- Sérkennari/kennari í 100% starf
  Kennsla og umsjón með fámennum hópi nemenda

Hofsstaðaskóli (565 7033, margreth@hofsstadaskoli.is)
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Sjálandsskóli (590 3100, helgi@sjalandsskoli.is)
- Íþróttakennari 50% starf
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Umsóknir berist skólastjóra viðkomandi skóla sem veitir nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 25. ágúst nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og viðkomandi stéttarfélags

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningarsvið

www.mos.is
MOSFELLSBÆR
Þverholti 2 • 270 mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Varmárskóli
Kennarar og annað starfsfólk óskast til starfa – viltu komast á flug með okkur í vetur?

Grunnskólakennara vantar í eftirfarandi:
- Umsjónarkennara í 3. bekk
- Tónmenntakennsla, 50% starf (möguleiki á fullri stöðu með öðrum fögum)

Þá vantar:
- Leikskólakennara í 5 ára deild

Einnig vantar:
- Starfsfólk í frístundasel (frá kl: 14-17)

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla. Þá er stefnt að öflugu starfi í umhverfismennt, heilbrigði og hollustu á næsta skólaári. Við leitum að konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki.
Stefnt er að því að auka útikennslu í fögru umhverfi Varmárskóla og vel útbúinni íþróttaaðstöðu sem þar er. Verið er að hanna glæsilegt útikennslusvæði og Ævintýragarður Mosfellsbæjar verður við túnfótinn hjá okkur.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 og 863 3297 (thorhildur@varmarskoli.is) og Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 og 899 8465 (thoranna@varmarskoli.is). Upplýsingar um starf við leikskóladeild og frístundasel veitir Steinunn Geirdal í síma.: 694-7383 (steinunn@varmarskoli.is).

Auglýsir laust til umsóknar starf
Skrifstofustjóra/skrifstofufulltrúa

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Um er að ræða fullt starf á fjármála- og þjónustusviði stofnunarinnar og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Verksvið:
- Vinna við fjárhags- og viðskiptamannabókhald,
- Rekstur skrifstofu og kaffistofu starfsmanna,
- Ýmis önnur verkefni tengd rekstri stofnunar og þjónustu við starfsmenn.

Menntun og reynsla:
Háskólapróf í viðskiptafræði eða önnur menntun á sviði reksturs og bókhalds sem nýtist vel í starfi. Bókhaldskunnátta. Þekking á Oracle-fjárhagskerfi ríkisins og rekstrarumhverfi ríkisstofnana kostur. Góð almenning tölvuþekking.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.
Umsóknarfrestur er til 25. ágúst n.k. Umsóknir berist skrifstofu safnsins að Suðurgötu 43, 101 Reykjavík.
Upplýsingar veitir Anna G. Ásgeirsdóttir sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs í síma 530-2200 (anna@thjodminjasafn.is). Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar.
Ýtarleg auglýsing um starfið er birt á www.starfatorg.is.

Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun og höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 og þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Verðhrun!

Hágæða Philips heimabíó

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100



Philips HTS8100
Heimabíókerfi • Fjölkerfa DVD með Progressive Scan • Ambisound - Alvöru heimabíóhljómur - 1 hátalari • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • Video Upscaling í 720p/1080i/1080p • DCDI er skerpir mynd og liti • Soft dome tweeters • DoubleBASS • Smart Surround - sjálfstilling • Útvarp með stöðvam. • 1 hátalari og bassabox • Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS • USB • Aux in og Digital Coaxal in ofl

139.989 kr.
Fullt verð ~~189.989~~

10 milljón punkta

Canon Ixus 85 IS
10.0 megapixlar • 3x optical Image Stabilizer linsa • Motion Detection • Face Detection • DIGIC III örgjörvi • iSAPS • 2.5" PureColor LCD skjár • VGA hreyfimyndataka með hljóði ofl.

39.989 kr.
Fullt verð ~~49.989~~

8 milljón punkta

Olympus FE310SIL
8 milljón punkta uppl. • 5x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.2 - 31mm • 2,5" LCD skjár • Face Detection • Digital Image Stabilisation • Hreyfimyndataka með hljóði • USB 2 • Tekur xD kort ofl.

14.989 kr.
Fullt verð ~~16.989~~

Fjölkerfa DVD

Toshiba SD180
Fjölkerfa DVD spilari • Progressive Scan • Dolby Digital og DTS • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi ofl.

7.989 kr.
Fullt verð ~~9.989~~

DVD með hörðum disk

Philips DVDR3570H
Fjölkerfa DVD spilari með upptöku á innbyggðan 160GB harðan disk • Beint á DVD af harða disknum með einum takka • Allt að 180 tíma upptaka á harðan disk • Tekur upp á DVD+R/RW,DVD-R/RW og DVD Dual Layer • Færa má efni á milli DVD, USB og HDD • FlexTime (hlé á útsendingu) • Dolby Digital • i-Link (DV, Firewire, IEEE1394) og USB 2.0 tengi • 2 Scart, Component, SVHS og CVBS og Digital Coaxial tengi

39.989 kr.
Fullt verð ~~49.989~~

12 og 220v

3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

LCD með innbyggðum DVD spilara

United TVD7056
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • 1440x900 p.uppl. • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir

600w DivX heimabíó

Philips HTS3357
Heimabíókerfi með fjölkerfa DivX DVD spilara • 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari • Video Upsacaling í 720p/1080i • 2 framhát. á gólf, miðja, 2 bakh. og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með 40 stöðvaminnum • USB og Line-In að framan • SCART (með RGB) og HDMI tengi • Digital Coaxal tengi ofl.

39.989 kr.
Fullt verð ~~49.989~~

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

Panasonic TH42PV70F
42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma breiðtjald • 1024x768 p uppl. • V-Real 2 Engine • Advanced 3D Colour •Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó • V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • Textavarp ofl

Full HD LCD

Philips 42PFL7403D
42" LCD Pixel Plus 3 Full HD breiðtjald • Upplausn: 1920x1080 p • Perfect Pixel Plus 3 HD • HD Natural Motion og Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 28.500:1 og svartími: 3ms • 100Hz Clear LCD • Ljósskynjari og Active Control • Innb. digital DVB-T móttakari • 30w Nicam Stereó • BBE Virtual Dolby Digital • 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt. • Coax út og USB • Textavarp ofl.

2009 línan

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

PC leikir 1.989 kr.

Verð á einu stk.

PS3 leikir 3.989 kr.

Verð á einu stk.

Xbox 360 leikir 3.989 kr.

Verð á einu stk.



PSP leikir 2.989 kr.



Verð á einu stk.

2.989 kr.

Verð á einu stk.

Einnig fullt af góðum PS2 leikjum á 989 kr. stk.

Hundruðir DVD titla í boði!

DVD myndir 989 kr.

Kauptu tvær ... og fáðu þriðju fría

MAX RAFTÆKI

Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 28. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Geir býr til nýtt góðæri

UMRÆÐAN
Ragnar Halldórsson skrifar um forsætisráðherra.

Það eru háskalegir tímar í íslensku efnahagslífi. Öll heimili og fyrirtæki Íslands tapa peningum og eru að sligast, bogna og jafnvel brotna undan þungri greiðslubyrði, dýrtíð og samdrætti. Og þá er auðvitað reynt að finna sökudólg til að beina spjótum sínum að. Bara einhvern. Og helst að koma sökinni á hann. Núna er það Geir H. Haarde forsætisráðherra. Sem er að vissu leyti skiljanlegt. Geir er jú maðurinn í brúnni.

En hver bjó til góðærið á Íslandi? Sjálfstæðisflokkurinn. Og hver var fjármálaráðherra og svo forsætisráðherra góðærisáranna? Formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde. Hann smíðaði skipið – góðærið. En hann skapaði ekki vonda veðrið núna þótt hann sé hæfastur til að sigla í gegnum það og búa til nýtt góðæri. Og einhvers staðar milli Íslands og meginlands Evrópu eru fengsæl mið. En það er vandi að finna þau. Sérstaklega núna.

RAGNAR HALLDÓRSSON

Það er athyglisvert að á sínum tíma, í miðju góðærinu, varð Geir H. Haarde líka fyrir barðinu á undarlegri gagnrýni. Því þótt allt gengi vel – mjög vel – var það ekki nógu gott. Átti að ganga enn betur. Allt sem ekki var fullkomið var á ábyrgð Geirs H. Haarde. Og hann átti að vera fullkomnari en hið fullkomna: Af því að Geir stýrir þjóðfélaginu af þekkingu átti hann að stýra því enn betur. Af því að Geir er hæfur og sanngjarn átti hann að sýna enn meiri sanngirni. Af því að Geir er sterkur og yfirvegaður stjórnmálamaður átti hann að sýna meiri hörku og enn meiri yfirvegun. Af því að Geir var ekki tíu sinnum á dag í fjölmiðlum átti hann að vera oftar í fjölmiðlum. Og af því að Geir er kurteis og samvinnuþýður heiðursmaður var ónauðsynlegt að sýna honum það sama.

Vanþakklætis- og niðurrifsraddirnar voru farnar að hljóma eins og þær sem beindust að Jóhannesi í Bónus á sínum tíma. Af því að Jóhannes í Bónus bauð lægsta matvöruverð á Íslandi átti hann að bjóða enn lægra matvöruverð. Alveg sama þótt aðrir á matvörumarkaðinum seldu á mun hærra verði. Enginn beindi spjótum sínum að þeim. Þótt Jóhannes seldi ódýrast allra var það ekki nógu gott. Og þótt Geir sé hæfastur allra er það ekki nógu gott.

Það er ekki hægt að kenna skipstjóranum um vonda veðrið á meðan hann siglir í gegnum það, einhvers staðar milli Íslands og meginlands Evrópu. Því þótt hann smíðaði góðærið skapaði hann ekki veðrið. Sumt fólk kennir sjómönnum um aflabrest þegar enginn fiskur er í sjónum. Og skipstjóranum um veðrið ef það er vont. Sjáðu ljósið. Og sýndu pínulitla þolinmæði þótt það sé erfitt. Því einmitt núna er Geir H. Haarde af hæfni að leiða þjóðina framhjá niðursveiflunni og búa til betri skilyrði, bjartari framtíð og nýtt góðæri á Íslandi.

Höfundur er ráðgjafi.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Styðjum launabaráttu ljósmæðra

Það virðist klofin afstaða til þess í þjóðfélaginu hvaða störf eru mikilvægust og hver ekki.

Ljósmæður eru í kjarabaráttu og það eru vondar fréttir fyrir þær að það séu konur en ekki karlar sem fæða börnin. Við konur virðumst kæra okkur kollóttar um baráttu þeirra. Baráttu sem er um leið svo sannarlega hagsmunabarátta lífsins og barna framtíðarinnar!

Ef eitthvað er til sem kalla má kvennamál er það fæðingin og allt sem að henni lýtur. Erum við svona gleymnar?

Ríkisstjórnin sem nú situr lofaði að rétta sérstaklega laun kvennastétta.

Ljósmæður eru sannkölluð KVENNASTÉTT. Störf ljósmæðra skipa eingöngu konur, hámenntaðar á launum sem eru hvorki boðleg menntun þeirra né mikilvægi.

Ég hef áhyggjur af verðandi mæðrum sem geta ekki lengur treyst því að þær muni fæða við það öryggi í fæðingarhjálp sem byggt hefur verið upp hér á landi. Þetta öryggi sem allir hafa notið og ráðamenn stært sig af við valin tækifæri.

Ég skora á samninganefnd ríkisins, ríkisstjórn og alla sem að samningum við ljósmæður koma að semja við þær eins og þeim sæmir; NÚNA STRAX! Það verður í þökk okkar kvenna og auðvitað líka allra karlanna okkar.

Um leið og ég vil þakka þeim ljósmæðrum sem fylgdust með meðgöngunum mínum og tóku á móti mér, börnunum mínum fjórum og ömmubarninu sendi ég BARÁTTUKVEÐJUR.

Jónína Óskars- og Hallveigardóttir, mamma og amma.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændasamtök Íslands óska Búnaðarsambandi Suðurlands til hamingju með 100 ára afmælið og glæsilega landbúnaðarsýningu á Hellu.

Við hvetjum landsmenn til þess að fjölmenna á Hellu um helgina og kynnast því hvað íslenskur landbúnaður hefur upp á að bjóða, jafnframt því sem öll fjölskyldan á þar ánægjulega stund sem seint gleymist.

Starfsfólk Bændasamtakanna býður alla velkomna á sýningarbás BÍ sem er á áberandi stað í nýju reiðhöllinni á Gaddstaðaflötum.
Upplýsingar um sýninguna er að finna á vefsíðunni landbunadarsyning.is.

Sjáumst á Hellu!

Ræktun er menning

Að haga seglum eftir vindi

UMRÆÐAN
Grétar Þorsteinsson svarar grein Finns Árnasonar.

GRÉTAR ÞORSTEINSSON

Finnur Árnason, forstjóri Haga, fer mikinn í grein í Fréttablaðinu í gær og ber ASÍ og starfsmenn þess þungum sökum. Jafnframt rangfærir hann niðurstöður þeirra dómkvöddu matsmanna sem falið var að leggja mat á hvort 10-11, verslunarkeðja Haga hefði, miðað við eigin gögn, skilað neytendum lægra vöruverði eftir lækkun virðisaukaskatts á árinu 2007. Grein hans ber þess skýr merki að hann áttar sig ekki á því um hvað það matsmál snýst sem hann þó sjálfur átti frumkvæði að.

ASÍ ber engar brigður á niðurstöður matsmanna og hefur ekki brugðist hart við þeim. ASÍ bregst hins vegar hart við þegar því er haldið fram að fyrrgreint matsmál hafi á einhvern hátt snúist um verðmælingar sem leiddu almenningi fyrir sjónir að 10-11 hefði ekki lækkað vöruverð eins og við hefði mátt búast í kjölfar virðisaukaskattslækkunarinnar. Sú niðurstaða stendur óhögguð.

Í matsbeiðni Haga eru matsmenn orðrétt beðnir um að meta „hver hafi verið raunlækkun í prósentum talið á útsöluverði verslana 10-11 … Vísað er til meðfylgjandi lista, staðfestum af löggiltum endurskoðanda matsbeiðanda … með útsöluverðum á vörum 10-11 við Lágmúla …“ Með matsbeiðni fylgdi síðan útprentaður verðlisti matsbeiðanda sjálfs um vöruverð í 10-11 að Lágmúla 5 í Reykjavík sem endurskoðendur hans staðfesta að sé í raun úr birgðakerfi 10-11. Á trúverðugleika þessara gagna lögðu hinir dómkvöddu matsmenn mat.

Öllum má vera ljóst að hér er ekki verið að leggja mat á verðmælingu ASÍ heldur á gögn og upplýsingar matsbeiðanda sjálfs. Verðmæling ASÍ fól í sér að starfsmenn verðlagseftirlitsins fóru á tilteknu tímabili í margar verslanir, þar á meðal margar verslanir 10-11 um land allt og skráðu upplýsingar um það verð sem viðskiptavinum bauðst, þ.e. hilluverð, á hundruðum vörutegunda. Það verð var síðan borið saman við sambærilega eldri mælingu sem framkvæmd hafði verið með sama hætti og almenningur síðan upplýstur um niðurstöðuna.

Verðlagseftirliti ASÍ er fyllilega ljóst, að kaupmenn hafa þann hátt á í harðri samkeppni, að breyta vöruverði hratt og stundum oft innan sama dags eins og forsvarsmenn Haga hafa margoft staðfest í viðtölum og raunar einnig Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, í Kastljósi sl. mánudag. Þar sagði hann orðrétt: “… vita það allir sem til þekkja að það er mjög auðvelt og fyrirhafnarlítið að breyta verðum í verslunum.“ Þetta hefur þann kost í för með sér að virk samkeppni getur tryggt lægra vöruverð en ella. Sá galli fylgir þó gjöf Njarðar að á sama hátt getur verið auðvelt að slá ryki í augu almennings og þeirra sem hafa eftirlit með verðlagningu. Þess vegna heimsækir verðlagseftirlitið margar verslanir um land allt og leitast við að mæla og meta heildstæðar verðbreytingar yfir lengri tíma. Þannig og einungis þannig verða neytendur best upplýstir. Því starfi mun ASÍ halda áfram.

Öllum má vera ljóst að hér er ekki verið að leggja mat á verðmælingu ASÍ heldur á gögn og upplýsingar matsbeiðanda sjálfs.

Að lokum vill ASÍ harðlega mótmæla þeim fullyrðingum Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra SVÞ, og Finns Árnasonar að ASÍ hafi færst undan samstarfi við matsmenn en báðir segjast hafa fengið það staðfest frá öðrum matsmannanna. Þetta er rangt. Í fyrsta lagi er þetta efnislega rangt því matsbeiðnin laut alls ekki að verðmælingum ASÍ heldur framlögðum gögnum fyrirtækisins, eins og hér hefur verið rakið. Í öðru lagi þá hefur umræddur matsmaður staðfest við ASÍ að hann hafi ekki viðhaft nein slík ummæli.

Höfundur er forseti ASÍ.

Félagslíf á Hrafnistu

UMRÆÐAN
Soffía Egilsdóttir skrifar um Hrafnistu.

SOFFÍA EGILSDÓTTIR

Á vorin hefst undirbúningur fyrir móttöku farfuglanna okkar eins og við köllum þá gjarnan á dvalar- og hjúkrunarheimilum Hrafnistu. Þetta eru ungmenni sem taka að sér hin ýmsu störf og flytja með sér ferskan blæ og léttleika æskunnar. Þetta er dýrmæt reynsla sem þau taka með sér inn í framtíðina. Að fá að kynnast fólki með svo mikla og fjölbreytta lífsreynslu, eins og þeir sem búa á hjúkrunar- og dvalarheimilum hafa, víkkar sjóndeildarhringinn, eykur færni unga fólksins í mannlegum samskiptum og sýnir þeim fjölbreytileika lífsins.

Það er ekki óalgengt að í lok sumars hafi sumarstarfsmaður komið til mín og látið í ljósi undrun yfir því hvað það sé „mikið líf á hjúkrunarheimili“. Margir hafa vitnað til þeirrar neikvæðu umræðu sem oft er uppi þegar rætt er um hjúkrunar- og dvalarheimili. Hver man ekki eftir myndinni af slitnu flókaskónum, sem birtist með þó nokkrum fréttum eitt kosningaárið, eða umræðu um manneklu, fjölbýli og slæman aðbúnað?

Á Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði fer fram fjölbreytt félagsstarf. Markmið félagsstarfs er að auka virkni heimilismanna og koma í veg fyrir einangrun, örva samskipti og létta lund. Iðjuþjálfi stjórnar þeim þætti er snýr að virkni og er föndur þar meðtalið. Vinnustofur eru opnar alla virka daga kl 9-15. Þar er unnið fjölbreytt handverk sem hver og einn vinnur eftir eigin getu og áhuga. Fyrir utan stærri skemmtanir eins og þorrablót, haust- og vorfagnaði er sett upp dagskrá fyrir hverja viku, sem felur í sér til dæmis söng, bingó, dans, myndasýningar og upplestur úr blöðum og bókum. Farið er í leikhús, verslunarferðir, haustlitaferð, jólaljósaferð og menningarlegar skoðunarferðir. Boccia er mjög vinsælt, einnig pílukast og kínversk leikfimi. Bókasafn er opið tvisvar í viku þar sem hægt er að fá bækur eða hljóðsnældur.

Hópastarf er fjölbreytt og skiptist í ljóðahóp, tónlistarhóp, draumaráðningahóp, kaffihóp og minningahóp. Harmonikkan er mikið notuð. Á báðum heimilum er starfandi kór heimilismanna og er meðalaldur kórfélaga um 86 ár. Kór Hrafnistu í Hafnarfirði hefur tekið þátt í kóramóti og sungið víða í félagsmiðstöðvum og á hjúkrunarheimilum.

Regluleg fræðsluerindi eru haldin og má nefna sem dæmi frá Hrafnistu í Reykjavík að María Jónsdóttir taugasálfræðingur flutti þar erindi í febrúar um gleymsku, Sólveig Jónasdóttir hjá fræðsludeild Alþjóðahúss kom með erindi í mars um fjölmenningu og í apríl fjallaði Berþór Pálsson óperusöngvari um veislur og borðsiði. Bænastundir eru einu sinni í viku ásamt helgidagamessum. Áhersla er lögð á að sinna sálgæslu og trúarlegri þjónustu við heimilismenn, aðstandendur og starfsfólk. Fyrir utan félagsstarfið er á flestum hjúkrunardeildum heimilanna starfsmaður í virkni. Þessi starfsmaður aðstoðar meðal annars heimilisfólk við að sækja það sem það hefur áhuga á og er með samverustundir á setustofu deildarinnar.

Á þessu sést að það er heilmikið líf á hjúkrunar- og dvalarheimilum.

Höfundur er forstöðumaður félagssviðs Hrafnistu.

HÚSIN OKKAR ERU TIL SÝNIS Á LANDBÚNAÐARSÝNINGUNNI Á HELLU 22.-24. ÁGÚST.

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 34 mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu. Húsin eru tilvalin geymsla fyrir grillið og garðhúsgögnin. **Öll gestahús og garðhús eru til á lager.**

45 mm bjálki
GESTAHÚS 21m²

Einbylishús Sumarhús Parhús Raðhús Garðhýsi

44 mm bjálki
www.volundarhus.is
GESTAHÚS 15m²

28 mm bjálki
BARNAHÚS 2,1m²

34 mm bjálki
GARÐHÚS 4,7-9,7m²

Hittumst á Hellu!

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Staðgreiðslu VISA Lán

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

080131 Hennar hönnun

Allt í skólann

ÚLPUR
3.999.-

BAKPOKAR
VERÐ FRÁ
1.999.-

OPIÐ
til 20
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÞÝSKA KVIKMYNDAGERÐARKONAN LENI RIEFENSTAHL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1902

„Ég er hugfangin af því sem er fallegt, sterkt, heilbrigt og lifandi. Ég leitast eftir jafnvægi.“

Leni var fræg fyrir nýjungagirni í sinni kvikmyndagerð, en hún vann einnig sem dansari og leikkona. Frægasta mynd hennar er áróðursmyndin Triumph of the Will sem hún gerði árið 1934, en hún var góð vinkona Adolfs Hitler. Leni lést 101 árs gömul árið 2003 í Þýskalandi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. ÁGÚST 1858

Þróunarkenning Darwins gefin út

Á þessum degi árið 1858 var þróunarkenning Darwins fyrst gefin út í tímaritinu The Journal of the Proceedings of the Linnean Society of London, ásamt svipuðum kenningum Alfred Russel Wallace um sama efni.

Kenningar þeirra félaga vöktu litla athygli þegar tímaritið kom út og í uppgjöri yfir árið 1858 sagði forseti Linnean félagsins að ekki hefðu verið gerðar neinar markverðar uppgötvanir né rannsóknir á árinu.

Darwin vann hart að því að klára bók sína, On the Origin of Species by Means of Natural Selection, or The Preservation of Favoured Races in the Struggle for Life, sem kenningar þær er birtust í tímaritinu voru byggðar á. Bókin kom út í nóvember 1859. Bókin varð, öllum að óvörum, metsölubók og fyrsta upplagið seldist upp. Í bókinni setur Darwin fram rök um nýstárslega þróunarkenningu mannsins ásamt nákvæmum athugunum og ályktunum. Charles Robert Darwon fæddist tólfta febrúar 1809 í Englandi. Hann var náttúrufræðingur, jarðfræðingur og mikill safnari. Hann fékk áhuga á náttúrufræði þegar hann var í læknisfræði við háskólann í Edinborg og síðar við guðfræðideildina við Cambrigde háskóla. Fyrir utan bók sína On the Origin of Species gaf hann út bækurnar The Descent of Man, and Selection in Relation to Sex og The Expression of the Emotions in Man and Animals. Einnig gaf hann út nokkrar bækur um rannsóknir sínar á plöntum.

MERKISATBURÐIR

1864 Tólf þjóðir skrifa undir fyrsta Genfarsáttmálann og Rauði krossinn er stofnaður.

1902 Theodore Roosevelt ekur fyrstur Bandaríkjaforseta í bifreið.

1943 Um átta hundruð marsvín rekur á land við Búlandshöfða á Snæfellsnesi og í nágrenni hans.

1950 Althea Gibson tekur þátt í alþjóðlegri tenniskeppni, fyrst þeldökkra kvenna.

1992 Vestnorrænu kvennaþingi á Egilsstöðum lýkur með því að hlaðin er varða úr grjóti frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi.

1993 Kristján Helgason, 19 ára, verður heimsmeistari í snóker í flokki 21 árs og yngri á móti í Reykjavík.

SJÓMINJASAFNIÐ Dagskrá hefst klukkan 12 á morgun.

Bryggjuball

Í tengslum við menningarnótt verður dagskrá í Sjóminjasafninu á morgun. Hún hefst klukkan 12 á við Félagsmiðstöðina Aflagranda 40 með söng og súpu í hádeginu. Söguganga verður gengin frá Örfirisey eftir Grandagarði en forstöðukona Sjóminjasafnsins, Sigrún Magnúsdóttir, mun leiða gönguna. Fjörugt bryggjuball verður haldið niðri á Óðinsbryggju og tekið verður á móti gestum í varðskipinu Óðni. Hægt verður að bragða á skrínukosti eyrarkarla eða rúgbrauði með púðursykri og svörtu kaffi. Dagskráin er sniðin fyrir alla fjölskylduna.

AFMÆLI



Söngkonan **Tori Amos** er 45 ára í dag.

Þórarinn Eldjárn rithöfundur er 59 ára í dag.

JÓHANNES HR. SÍMONARSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SÝNINGARINNAR, lofar glæsilegri sýningu þar sem fjölskyldan verður í fyrirrúmi.
MYND/GUÐMUNDUR KARL

LANDBÚNAÐARSÝNING: BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS HUNDRAÐ ÁRA

Allar tegundir búfénaðar

Landbúnaðarsýningin á Hellu hefst í dag, en hún er haldin í tilefni af hundrað ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands.

Sýningin, sem verður ein sú stærsta sinnar tegundar hér á landi, stendur fram á sunnudag. Hlutverk hennar er að sýna fram á þróun og tækni í landbúnaði, ásamt því að kynna hlutverk og stöðu íslensks landbúnaðar í þjóðfélaginu. Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri sýningarinnar segir sýninguna fyrst og fremst vera fjölskyldusýningu. „Fjölskyldan öll getur komið og kynnt sér íslenskan landbúnað frá a-ö. Við verðum með til sýnis allar tegundir búfjár sem til eru í landinu. Dagsskráin okkar er fjölbreytt. Við verðum meðal annars með töltmót, skeiðkeppni, hrútaþukl, litasýningu sauðfjár og kúa- og kálfasýningu. Á henni munu bændur leiða fram kýr sínar og keppa um hver þeirra sé best. Börnin teyma fram kálfana til að sýna hversu vel þau hafa staðið sig í að temja þá,“ segir Jóhannes.

Sölu- og kynningarbásar verða einnig á sýningunni. „Hér verða bæði fyrirtæki sem þjónusta bændur og fyrirtæki sem vilja ná til þeirra. Hér verður líka heljarinnar vélasýning á eins hektara svæði,“ segir Jóhannes. Skipulagðir leikir verða fyrir börnin og möguleiki á að veiða í tjörninni.

Rúmlega tuttugu ár eru síðan sambærileg sýning var haldin hér á landi, en það var í Víðidal árið 1987. „Í tilefni sjötíu ára afmælis Búnaðarsambandsins, árið 1978, var líka haldin vegleg landbúnaðarsýning á Selfossi, og svo hafa minni sýningar verið haldnar inn á milli,“ segir Jóhannes.

Að sögn hans hófst undirbúningurinn að sýningunni um áramótin. „Ég fékk leyfi frá störfum og byrjaði sem framkvæmdastjóri sýningarinnar í janúar. Vinnan hefur farið sívaxandi og varð að fullu starf í júlí,“ segir Jóhannes, en hann vinnur sem ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands.

Landbúnaðarsýningin á Hellu verður haldin í Reiðhöllinni þar sem Landsmót hestamanna var haldið í sumar og opnar í dag klukkan tvö. Þeim sem vilja kynna sér dagskrána betur er bent á heimasíðuna www.landbunadarsyning.is

klara@frettabladid.is

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Guðný Grendal Magnúsdóttir

Krossnesi,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, þriðjudaginn 19. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Jóhannes Magnús Þórðarson
Kolfinna Jóhannesdóttir — **Magnús Skúlason,**
Jóhann Helgi Jóhannesson — **Ragnheiður Helen Eðvarðsdóttir**
Sigrún Grendal Jóhannesdóttir
Magnús Jóhannesson
Þorsteinn Jóhannesson
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir — **Andrew Gosling**
og barnabörn.

†

Elskulegi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ámundi Reynir Gíslason

Lækjarsmára 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ miðvikudaginn 20. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Inga Lovísa Guðmundsdóttir
Guðlaug Anna Ámundadóttir — **Snorri Böðvarsson**
Gunnar Þorsteinsson
Ásdís Ámundadóttir — **Kjartan H. Bjarnason**
Guðmundur Ámundason — **Elísabet Siemsen**
Ámundi Ingi Ámundason — **Hanna G. Daníelsdóttir**
Reynir Ámundason — **Guðrún H. Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

BLAÐBERI MÁNAÐARINS: GUÐRÚN LINDA PÉTURSDÓTTIR

Fyndið þegar hundar rífa blöðin úr lúgunni

Nafn: Guðrún Linda Pétursdóttir.

Starf / skóli: Nemi í Verzló.

Hverfi: Helgarhverfi á Völlunum í Hafnarfirði og hef verið að taka mikið af afleysingum.

Hvað hefur þú starfað lengi sem blaðberi? Bara í sumar.

Lest þú Fréttablaðið? Já.

Ertu í þessu fyrir hreyfinguna eða launin? Bæði, þetta er fínn peningur fyrir smá göngutúr.

Ertu ein í þessu eða ertu með aðstoðarmann/menn? Mamma hjálpar nú stundum.

Hver voru þín viðbrögð þegar þér var tilkynnt að þú værir blaðberi mánaðarins? Ég fór bara að hlæja, fannst það fyndið.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur séð/upplifað á meðan þú berð út? Það er svolítið fyndið þegar hundar rífa blöðin úr lúgunni.

Hefur þú áður hlotið verðlaun fyrir útburð á Fréttablaðinu? Nei, en ég hef unnið í lottói.

Áhugamál? Körfubolti og að vera með Gumma, kærastanum mínum.

SAMHEITAORÐABÓKIN KOMIN AFTUR!

Ómissandi hjálpargagn hverjum þeim sem vill skrifa auðugt og blæbrigðaríkt mál.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Íslensk samheitaorðabók er fyrsta bók sinnar tegundar um íslenskt mál og hefur notið mikilla vinsælda frá því hún kom fyrst út 1985.

NOKKUR ORÐ
Helga Þórey Jónsdóttir

Okrað á þeim sem síst skyldi

Ég vildi óska þess að Finnur Árnason, forstjóri Haga, eyddi jafnmiklum tíma í að samræma verð í hillum og í tölvukerfi þeirra verslana sem eru á snærum Haga og hann eyðir í að blammera ASÍ. Það má vel vera að hann hafi eitthvað til síns máls en ég held að hagsmunum neytenda sé betur borgið með lægra vöruverði og heiðarlegum starfsháttum.

Ég geri mér ferð í flestar matvöruverslanir sem Reykjavík hefur upp á að bjóða og stunda þar mitt eigið verðalagseftirlit. Upp úr dúrnum hefur komið að í flestum verslunum er verðmerkingum ábótavant. Þegar keyptar eru hnetur úr snakkbar verslananna á Eggertsgötu, við Héðinshús og á Hjarðarhaga er verðið á snakkbarnum ýmist 159 krónur eða 169 krónur. Þegar á kassann er komið er verið hins vegar yfir tvö hundruð krónur á hver 100 grömm.

Að þessu hafi ekki verið kippt í liðinn fyrir löngu skil ég ekki. Neytendur eru blekktir til að greiða meira fyrir vöruna en uppgefið verð í hillu. Það er ólöglegt. Eins mætti Finnur velta því fyrir sér að ég þarf nánast undantekningarlaust að biðja um að fá afslátt af grillkjötinu mínu í Hagkaup. Þrátt fyrir að hann sé auglýstur með æpandi bleikum límmiða á pakkanum.

Fyrst starfsfólki Haga er svona umhugað um neytendur og vill ekki að hvítflibbakrimmasamtök eins og ASÍ séu að sauma að okkur, af hverju eru þeir þá með hina rándýru verslu 10-11 á Stúdentagörðum? Til þess að einstæðu mæðurnar geti borgað meira fyrir bleyjur, mjólk og brauð? Ég held þeim væri nær að selja einstæðum foreldrum í námi, sem eru með tekjur sem rétt slefa yfir 100 þúsund kall á mánuði, vörur á hagstæðu verði.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



fm957.is

Zúúber snýr aftur!
Þrjár góðar ástæður til að vakna kl. 7 á morgnanna!

ÚTSALA

Opið laugardag 11-18 og sunnudag 12-17

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

Ljós og lampar

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR

Flísar

20% AFSLÁTTUR

Baumatic raftæki

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

Veggfóður

70% AFSLÁTTUR

Lín Design - kaffistell

Lín Design rúmteppi - hvít, svört og gyllt

240 x 260 sm **5.990** ~~16.900~~

270 x 280 sm **7.990** ~~19.900~~

Dania, 2ja sæta sófi **69.900** ~~99.900~~

L 2m, stillanlegir armar, fæst einnig 3ja sæta

Kenia, stóll **24.900** ~~36.900~~

Dökkgrár

Sófaborð **54.900** ~~73.900~~

Svart gler, 100x100x36 sm

Eldhúsborð **14.900** ~~18.900~~

Hvítt/svart/stálfætur, 138x80x72 sm

Eldhússtóll **6.490** ~~7.900~~

Hvítur/svartur, stálfætur

Stóll **5.900** ~~7.900~~

Hvítur, stálfætur

Borðstofusóll **8.900** ~~12.900~~

Hvítur/svartur, fánlegur með hnotu- og eikarfótum

Tungusófi, leður **199.900** ~~349.900~~

Svartur, L 320 sm, tunga 180 sm

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR

Gjafavara og búsáhöld - frábært úrval / frábært verð

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17

ATH kl. 20

Nýtt frumsamið tón- og dansverk flutt í Gvendarbrunnum í kvöld; Draumar eftir Einar Braga Bragason og Irmu Gunnarsdóttur.
Mæting er kl. 20.00 við hlið Gvendabrunna (við Rauðhóla), rétt við borgarmörkin.

menning

menning@frettabladid.is

Brotakennd sýn og illa leikið?

PARTAR OG HLUTAR Erna Ómarsdóttir hefur mjög einkennandi stíl, en öll hennar verk eru unnin „devised".

„Devised"-vinnuaðferðin hefur verið að ryðja sér til rúms hérlendis og verður sífellt meira áberandi í íslensku leiklistarlífi. Það er þó ekki fyrir óvana að vita hvað liggur að baki orðinu.

„Devised" vísar til vinnuaðferðar við gerð sviðslista þar sem ekki er unnið með ákveðinn texta og enginn eiginlegur höfundur er að verkinu. Flestir leggja upp með grunnhugmynd og leita þá að efni sem tengist henni og skapa út frá því. Sem dæmi má nefna Mind Camp, sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu, en þar lá til grundvallar Beðið eftir Godot eftir Beckett. Í verki Hreyfiþróunarsamsteypunnar, Meyjarheftið, var fengist við raunveruleikasjónvarp, Opið út einbeitti sér að móðurhlutverkinu í Mamma-mamma og í Þú veist hvernig þetta er, eftir Stúdentaleikhúsið í stjórn Jóns Páls Eyjólfssonar var beint sjónum að Íslandi í dag. Yfirleitt myndast bútar eða atriði sem er svo raðað saman til að mynda heildarmynd. Þá er hlutverk leikstjórans, ef nokkur er, frekar að vera listrænn stjórnandi, að raða saman bútunum, en að túlka verk og draga fram persónur í gegnum leikarana.

Aðferðin hefur verið gagnrýnd fyrir að skila af sér brotakenndum, sundurleitum verkum í stað sögu eða faglegrar heildar. Þá er textameðferð og leikur oft gagnrýndur, en mörg „devised"-verk eru ekki leikin í hefðbundnum skilningi, heldur koma leikendur fram, „perform". Aðferðin telst mjög póst-módernísk og hefur hún einkennt evrópskt leikhús um langt skeið.

Meðal íslenskra leiklistarmanna sem vinna „devised" má nefna Jón Pál Eyjólfsson, Ernu Ómarsdóttur og Sokkabandið. ArtFart hefur einnig einkennst af „devised"-verkum og er engin undantekning á því í ár. Ikeaferðir, Vituð ér enn eða hvað ...?, DJ Hamingja og Augna-blik eru allar unnar á þennan máta, svo dæmi sé tekið. Þá er eitt verk nemendaleikhússins ár hvert „devised", nú undir leiðsögn Kristínar Eysteinsdóttur. Búast má því við talsvert fleiri „devised" verkum, næstu ár.

- kbs

Skorið í Kanada

Ríkisstjórn Íhaldsmanna í Kanada hefur gengið hart fram í niðurskurði á fjárframlögum til lista og menningar í sumar. Í febrúar voru gerðar breytingar á fjárframlögum til landsjóðs til styktar yfirfærslu á gögnum yfir í stafrænt form, gátt helgaðri menningarmálefnum, rannsóknarstofnun um menningarmálefni og sjóði til styrktar sjónvarpsefnis fyrir frumbyggja.

Áfram haldið við niðurskurð í apríl og þá voru önnur prógrömm tekin fyrir, tvenn sem tengdust kvikmyndaiðnaðinum.

Nú hefur ríkisstjórnin lýst yfir vilja sínum til að skera niður styrki sem nemur nær 50 miljónum Kanadadala fyrir apríl 2010. Borgarstjórar Toronto og Montreal hafa mótmælt niðurskurðinum með stórum auglýsingum í blöðum vestra.

Menningarstarf í Kanada er ekki þekkt sökum ofríkis stórra menningarstofnana í hinum engilsaxneska heimi austan og vestanhafs og sökum dálætis fjölmiðla á því sem gerist í Bretlandi eða Bandaríkjunum.

Talsmaður ríkisstjórnarinnar segir endurskoðun á styrkjum til menningarstarfs vera eðlilega. Ef sjóðir standi illa undir nafni og þjóni ekki tilgangi sé eðlilegt að þeir séu lagðir af.

- pbb

MENNING Celine Dion mun kunnasti kanadíski listamaðurinn hér á landi

BYGGINGARLIST Starfsfólk Hornsteinar arkitektar ásamt menntamálaráðherra, rektor Háskóla Íslands, formanni dómnefndar og forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. MYND: HÁSKÓLI ÍSLANDS/KRISTINN INGVARSSON

Nýtt hús fyrir Árnastofnun

Í gær voru birtar niðurstöður í samkeppni um hönnun húss fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Alls bárust 19 tillögur. Fyrstu verðlaun hlutu Hornsteinar arkitektar ehf.

Önnur verðlaun hlutu PK arkitektar ehf., arkitektar Pálmar Kristmundsson og Fernando de Mendonca, og þriðju verðlaun fengu VA Arkitektar ehf., arkitektar þau Þórhallur Sigurðsson og Harpa Heimisdóttir. Auk þessara voru þrjár tillögur keyptar. Formaður dómnefndar, Sigríður Anna Þórðardóttir, kynnti niðurstöðurnar og menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, og Vésteinn Ólason, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, ávörpuðu gesti við athöfnina í gær.

Forsendur

Í forsendum keppninnar var sagt: „Byggingin skal vera vönduð og fögur og njóta sín vel í umhverfinu. Húsið á að vera öruggur geymslustaður þjóðargersema um langa framtíð, handritanna sem geyma íslenskar fornbókmenntir, eddukvæði, sögur og fleira. Húsið á að mynda hagkvæma og örvandi umgjörð um þá fjölþættu starfsemi sem þar fer fram: kennslu, rannsóknir, fræðslu og þjónustu. Þar á að vera góð sýningaraðstaða þar sem vel er tekið á móti gestum, ótignum sem tignum, og gefin skýr hugmynd um efnið sem kynna á og þá virðingu sem það nýtur. Mikilvægt er að nýjasta tækni sé notuð til að tryggja öryggi og árangursríkt starf."

Vinningstillagan

Í umsögn dómnefndar segir svo um vinningstillöguna: „Tillagan er sérstæð og frumleg með sínu sjálfstæða og skýra sporöskjuformi, sem er höflega brotið upp með útskotum og inndregnum svæðum. Hún er falleg, fínleg, yfirveguð og myndar jafnframt sterkt kennileiti sem fellur vel að umhverfi. Byggingin stendur í grunnri spegiltjörn og er lokuð sem virki út á við en opin og einlæg inn á við. Að utan er hún klædd málmhjúp með stílfærðum afritum texta úr handritum, sem í senn skreytir virkisveggina og vekur forvitni um það sem býr innan þeirra.

Gönguleið á milli Háskóla Íslands og Þjóðarbókhlöðu er felld inn í bygginguna. Aðlaðandi aðalaðkoma er um brú yfir litskrúðuga tjörn, sem ásamt ljósasúlum með megingönguásnum umlykur húsið og styrkir tengsl við umhverfið.

Innra fyrirkomulag er almennt mjög vel leyst. Bókasalur opnast frá fyrstu til þriðju hæðar í tilkomumikla háa hvelfingu og tengist þannig vinnustofum fræðimanna, en utan hans blasir við tjörnin og myndar hér eins konar vík inn í húsið. Almenningsrými eru einnig tengd forrými á 1. hæð og kaffiterían, sem er andspænis bókasal, mætir einnig vík úr tjörninni. Kaffistofa á 3. hæð tengist skjólgóðri verönd. Á 2. og 3. hæð eru kennslu- og vinnurými tengd lokuðum inni/úti-görðum. Skilgreindar rýmisþarfir eru vel leystar og gefa kost á margvíslegum sveigjanleika þrátt fyrir þétta skipan. Sýningarsal handrita og handritarannsóknum er haganlega komið fyrir á 1. hæð."

Forsaga

Frá árinu 1971 hafa íslensk handrit, sem skilað var frá Danmörku eftir langa vist þar í landi, verið varðveitt í Árnagarði af stofnun sem komið var á fót til að varðveita þau og rannsaka. Í sama húsi hefur farið fram kennsla og rannsóknir í íslenskum fræðum. Árnagarður var reistur í nokkurri skyndingu af þjóð sem bjó við óstöðugan og heldur bágborinn efnahag, en hugmyndin var að reisa síðar myndarlegri byggingu yfir þessar þjóðargersemar í tengslum við Þjóðarbókhlöðu eða í næsta nágrenni. Árið 2006 voru fimm stofnanir á sviði íslenskra fræða sameinaðar í eina sem fékk nafnið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en árið áður höfðu ríkisstjórn og Alþingi samþykkt að verja einum milljarði til að reisa hús á svæði Háskóla Íslands yfir þessa starfsemi. Nefnd sem menntamálaráðherra skipaði árið 2007 vann þarfagreiningu og samkeppnislýsingu um hönnun húss fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Margar tillögur

Ákveðið var að starfsemi íslenskuskorar Háskóla Íslands yrði einnig í húsinu sem risi á lóð A3 á háskólasvæðinu, norðan Guðbrandsgötu, vestan Suðurgötu. Menntamálaráðherra skipaði síðan dómnefnd í desember 2007 sem hafði það hlutverk að efna til opinnar samkeppni um hönnun húsnæðis Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuskorar Háskóla Íslands, í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

Samkeppnislýsingin lá fyrir í mars 2008 og var samkeppnin auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu í byrjun þess mánaðar. Skilafrestur tillagna var 12. júní 2008.

Nítján tillögwur bárust og voru allar metnar. Innsendar tillögur voru mjög fjölbreyttar og augljóst að höfundar nálguðust viðfangsefnið af miklum metnaði og frumleika. Djarfar og skemmtilegar hugmyndir birtast í mörgum tillögum þótt þær hafi ekki hlotið verðlaunasæti eða verið valdar til innkaupa. Á heildina litið telur dómnefnd að niðurstöður samkeppninnar gefi góða mynd af mögulegri uppbyggingu á lóðinni og aðlögun að nærliggjandi byggingum.

pbb@frettabladid.is



BYGGINGARLIST Vinningstillaga um nýtt hús fyrir stofnun Árna Magnússonar eftir þau Ögmund og Ragnhildi Skarphéðinsbörn og Ólaf Hersisson.

Syngjandi kirkja um helgina

SÁLMAFOSS OG HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

Sunnudagur 24. ágúst kl. 17.00

Hátíðartónleikar

Þjóðkirkjukór, Kammersveit Hallgrímskirkju ásamt einsöngvurunum:

HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
JÓHANNA HALLDÓRSDÓTTIR
ELMAR ÞÓRIR GILBERTSSON
HRÓLFUR SÆMUNDSSON



J.S. BACH:

Kantata BWV 4
- Christ lag in Todesbanden
Kantata BWV 80
- Ein feste Burg

MISTI ÞORKELSDÓTTIR:
Hugleiðing um síðustu stundir Kolbeins Tumasonar
- frumflutningur -

Stjórnendur:

JÓN STEFÁNSSON
HÖRÐUR ÁSKELSSON

Miðasala er í Hallgrímskirkju
Miðaverð kr. 2000,-

Laugardagur 23. ágúst 15.00-22.00

Sálmafoss

DAGSKRÁ:

15.00 Tónlistarverðlaun kirkjunnar.
Biskup Íslands herra Karl Sigurbjörnsson afhendir *Liljuna* í fyrsta sinn.
15.05 Dómkórinn syngur undir stjórn Marteins Friðrikssonar
15.15 Graduale Nobili syngur undir stjórn Jóns Stefánssonar
15.25 Haukur Guðlaugsson leikur á orgel
15:35 Dómkórinn syngur undir stjórn Marteins Friðrikssonar
16.00 Heyr himnasmiður – Allir syngja með.
Marteinn Friðriksson leiðir Dómkórinn og kirkjugesti í sálmasöng
16.15 Graduale Nobili syngur undir stjórn Jóns Stefánssonar
16.40 Jörg Sondermann leikur á orgel
17.00 Heyr himnasmiður– Allir syngja með
Jón Stefánsson leiðir Graduale Nobili og kirkjugesti í almennum sálmasöng
17.15 Kór Bústaðakirkju syngur undir stjórn Renötu Ivan
17.40 Jón Bjarnason leikur á orgel
18.00 Heyr himnasmiður – Allir syngja með
Kirkjugestir ásamt Schola Cantorum syngja sálma undir stjórn Eyþórs Ingi Jónssonar
18.15 Schola Cantorum syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar
18.40 Tómas Guðni Eggertsson leikur á orgel
19.00 Heyr himnasmiður – Allir syngja með
Margrét Bóasdóttir leiðir Stúlknakór Víðistaðakirkju og kirkjugesti í almennum sálmasöng
19.15 Stúlknakór Víðistaðakirkju syngur undir stjórn Áslaugar Bergsteinsdóttur
19.40 Steingrímur Þórhallsson leikur á orgel
20.00 Heyr himnasmiður – Allir syngja með
Tómas Guðni Eggertsson og Kór Grindavíkurkirkju, leiða kirkjugesti í almennum sálmasöng
20.15 Nýir söngvar Sindra Eide
Tómas Guðni Eggertsson og Kór Grindavíkur flytja ásamt hljómsveit
20.40 Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel
21.00 Heyr himnasmiður – Allir syngja með
Kirkjugestir ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju syngja sálma undir stjórn Harðar Áskelssonar
21.15 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar
21.40 Kvöldbæn og lokasálmur

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

KAFFI GUÐRÍÐUR
VERÐUR OPIÐ Í SUÐURSAL HALLLGRÍMSKIRKJU MEÐAN SÁLMAFOSSINN STENDUR YFIR TIL STYRKTAR STARFI LISTVINAFÉLAGS HALLGRÍMSKIRKJU

www.kirkjan.is - www.hallgrimskirkja.is - listvinafelag.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 22. ágúst 2008

Leiklist

Sviðslistahátíðin art-Fart sem haldin er af áhugafólki um sviðslistir, sýnir þrjú leikverk í kvöld.

20.00 DJ Happiness, höf. Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan. Flutt í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13.

22.00 Maddit, höf. Maddit Theater Company. Flutt í Smiðjunni Sölvhólsgötu 13.

20.00 Uppljómunin, höf. Snæbjörn Brynjarsson. Flutt á Kaffi Rót

Tónleikar

21.00 Björk Jónsdóttir og **hljómsveit Kjartans Valdemarssonar** halda síðsumarstónleika með jass- og kaffihúsastemningu í Iðnó.

Myndlist

Í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5, opnar sýning á verkum **Karólínu Lárusdóttur** þar sem sýnd verða 15 ný olíumálverk. Sýningin ber yfirskriftina **„Í leit að himnaríki“.**

18.00 Sigga Björg Sigurðardóttir opnar sýningu í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a. Sýningin stendur til 5. október.

Málverk og höggmyndir

20.00 Opnun sýningarinnar **Sjóndeildarhringir** þar sem sýnd eru málverk eftir **Bjarna Sigurbjörnsson** og höggmyndir eftir **Svövu Björnsdóttur** og **Kristinn E, Hrafnsson**. Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn.

Handan hugans – milli svefns og vöku er sýning sem stendur yfir í Skaftafelli, miðstöð myndlistar á austurlandi á Seyðisfirði. Sýningin er þess eðlis að hún er í stöðugri þróun út sýningartímann. Sýningin stendur til 7. september.

Viðburður



20.00 Viðbrögð við byltingu - 1968 Rithöfundarnir Sigurður Pálsson og Þórarinn Eldjárn rifja upp tíðarandann frá árinu 1968 og hjómsveitin Pops flytur vinsæl lög frá tímabilinu í Norræna húsinu en þar er afmælisdagskrá í gangi vegna 40 ára afmælis Norræna hússins.

Stuttmyndir

Reykjavík Shots&Docs - Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37. Miðasala opnar kl. 14.

18.00 Íslenskar stuttmyndir

20.30 Íslenskar heimildamyndir

23.00 Body of War

Sýning

Í húsi Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 stendur yfir sýningin **„Ljós í myrkri“**. Sýningunni er ætlað að kynna fyrir fólki þá möguleika sem felast í gangvirkri lýsingu, hvaða þróun á sér stað í lýsingahönnum og gefa fólki tækifæri á að upplifa nýjungar í raflýsingu og hönnun. Sýningin stendur til 26. september og er opin 9-16 mánud.-föstud.

Ljóð

Ljóðahátíð Nýhils 2008

16.00 Setning ljóðahátíðar í Norræna húsinu

20.00 Ljóðapartí í Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Nánari upplýsingar á http://nyhil.blogspot.com.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Mun betra að vera á kafi í óreiðunni og látunum

„Þetta er bara alveg ótrúlega skemmtilegt og í rauninni alveg einstakt tækifæri, sérstaklega fyrir ung ljóðskáld. Að fá heiminn þarna heim á bæjarhlað til sín. Það getur verið erfitt að þurfa alltaf að bera sig eftir hlutunum, þó maður geri það. Það er enginn stofnanabragur á þessu,“ segir Kristín Svava Tómasdóttir, ein þeirra ljóðskálda sem koma fram á fjórðu alþjóðlegu ljóðahátíð Nýhils. Hátíðin byrjar í kvöld og stendur til sunnudags.

Sex ljóðskáld frá fimm löndum lesa í svotilgerðum ljóðapartýjum á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. „Það kemur náttúrlega fullt af erlendum skáldum, til dæmis á bókmenntahátíð, en þetta er allt öðruvísi. Miklu frjálslegra. Við hlökkum mikið til að fá tyrkneska anarkistaljóðskáldið. Ég held ég fari ekki rangt með þegar ég segi að þetta sé fyrsti Tyrkinn sem kemur. Það verður mjög spennandi að sjá.“

Auk erlendra gesta og Kristínar Svövu koma Eiríkur Örn Norðdahl, Kristín Eiríksdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Jón Örn Loðmfjörð, Örvar Þóreyjarson Smárason, Ófeigur Sigurðsson, Una Björk Sigurðardóttir og fleiri fram.

Ólöf Arnalds spilar í kvöld, en nemendur í fræðum og framkvæmd koma fram á báðum kvöldum. Hátíðinni líkur með málþingi á sunnudeginum. Kafnar lesturinn ekki í skarkala menningarnætur? „Ef það er eitthvað sem ljóðaheimurinn þarf á að halda er það síst af öllu næði. Ég held að það sé þeim mun betra að vera á kafi í óreiðunni og látunum og geta tekið þátt í að skapa óreiðu og læti. Það er leiður misskilningur að fólk þurfi að vera voða hljóðlátt og tillitssamt, fullt af einhverri heilagri lotningu þegar kemur að ljóðum. Það er bara frábært ef það er líf í þessu.“ **-kbs**

BÚIST VIÐ SPRENJGUM Eiríkur Örn Norðdahl les á ljóðahátíð FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

MEÐ ÓREIÐUNA Í HÖNDUNUM Kristín Eiríksdóttir er listrænn stjórnandi ljóðahátíðar Nýhils. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

BÓKMENNTIR Kristín Svava Tómasdóttir leitar að einhverju gerðarlegu til að gera á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vegahandbók Ingunnar

Undirtitill bókarinnar er „vegaljóð“ og er hún einskonar vegahandbók eða leiðalýsing og ávarpar skáldkonan lesandann sem væri hann ferðalangur á þeim slóðum sem bókin fetar hverju sinni. Hringferð um landið, frá austri til austurs á móti sólu og bera ljóðin ýmist heiti tiltekinna staða eða hlutlaus heiti sem tengjast ferðalaginu og þeirri iðju að ferðast (innanlands), bæði í raun og anda. Ferðin er hvorki í „réttri“ tímaröð né gerist öll á sama tíma (hvorki krónológísk né synkrónísk), skáldkonan ein sem mælir í fyrstu persónu eintölu er alltaf til staðar (samsömun mælanda og skálds er algjör), aðrir koma og fara með tímanum sem stekkur hvarvetna út úr nútíð ferðalagsins og breytir sér í minningu eða sögu.



INGUNN SÆDAL

En reynslu bókarinnar réttir skáldið lesanda sínum á silfurfati með því að rjúfa bein tengsl milli höfundar og persónunnar „ég“ og gefa lesandanum þannig andlega hlutdeild í upplifun hennar, raunum, draumum og þrám. Gott dæmi er t.d. ljóðið „verslunarmannahelgi“ (27), mögnuð sviðsetning með „plotti“ sem opinberar að „ég“ er hver sem er eða „persóna í ljóðabók“ en ekki (bara) höfundurinn í raunveruleika (þá myndi ljóðið ekki enda í spurn heldur raun). Þennan tón slær bókin raunar strax í upphafi og hrífur lesandann með í för af því að hún speglar myndir „úr sólargeislum“ (13) sem ekki eru bundnar stað og stund ljóðsins heldur kallast á við nærtæka (altæka) reynslu og brúa tímabilið milli atburða og upplifunar lesandans sem þá renna saman í eitt.

Ljóðin eru morandi af skáldskap, kankvís, brosmild, sólrík, hæðin, orðheppin, gáfuleg, ógnandi, „ýttu mér æpti ég“ (48) en sáttfús, „aldir flæða um æðarnar“ (72) og birta þeirra ávallt „tveggja heima“, í öllum skilningi, brúa bæði tíma og rúm – í litlu ljóði á bls. 69 stígur skáldkonan t.d. með einu orði bókstaflega heiminn á enda. Náttúrumynd ljóðanna er fjölbreytt og afhjúpandi, þótt „landslagið“ sé mestanpart „minning“ (83) og uppspretta hugmynda eða hugsýnar lofa ljóðin fegurðina eins og hún birtist í þöglu samspili höfuðskepna, algerlega óháð Sköpunarsögunni eða öðrum guðlegum uppruna, og vísar til skáldlegrar uppsprettu ekki síður en þess sem augað nemur úti. Dæmi er t.d. undurfallegt ljóð á bls. 38; tær fegurð þar sem jörðin lifnar við í eigin tign sem þó er skilyrt því að skáldið manngeri mannlaust sköpunarverkið og skapi þannig úr því (mannlegt) drama – á forsendu listarinnar. Ráðvönd og trúverðug mynd á nýrri öld.

Umhverfispólitík ljóðanna er ekki síður ögrandi og falin af listfengi í þversögnum skáldskaparins. Í háðsku „kárahnjúkaljóði“ á bls. 15 afvopnar skáldið t.d. „eigin“ rök með ísmeygilegum fordómum og tuggulegri landarembu, þvær rökin í tæru virkjuðu jökulvatni (8) og fleygir síðan framan í fjallkonuna (18), lævís flétta sem kemur aftan að lesandanum og lætur fjandann botna ritninguna, amen afturábak, varpar alveg nýju ljósi. Þessi háðska afhelgun nær síðan hámarki í „Þingvallamosa“ á bls. 60, eftirlætisljóðinu mínu, þar renna land og maður saman í eina mynd, þar er Íslandssagan endurskrifuð í ævisögu skáldsins uns lesandinn sér bæði Snæfríði og Guðríði leggjast sjálfviljugar með fagurlimuðum barbörum á barmi hylsins og komast upp með það.

En sannleikur skáldskaparins nær hámarki í næsta ljóði á undan (59), þar sem dreifbýlisbarnið (skáldkonan) læðist í skjóli nætur úr fyssandi gljúfri niðrí flatan miðbæ og sendir höfuðborginni sinni hyldjúpa, altæra og mjög einlæga ástarkveðju sem í senn ber sigurorð af orðlist ljóðsins (af því hamingja ljóðsins er í loftinu fyrir ofan ljóðið) og fegurð landsins hringinn um kring.

Bók sem bætir og kætir, steypir ekki stömpum á við Guðlausa menn en sprelllifandi ljóðlist sem opnar hug og breytir sýn á land og list. **Sigurður Hróarsson**



BÓKMENNTIR

Í fjarveru trjáa

Ljóð eftir Ingunni Sædal

Bjartur 2008

★★★★

Bók sem bætir og kætir



Kvennakór Reykjavíkur

Nú er hauststarfið að hefjast. Fyrsta kóræfing er 27. ágúst kl. 20 í sal Orkugarðs að Grensásvegi 9. **Konur sem hafa áhuga á að starfa með okkur eru beðnar um að skrá sig í síma 896 6468 eftir kl. 17.** Margt skemmtilegt er framundan. Við hlökkum til að sjá ykkur!

Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur hefja æfingar í september. Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðuna, www.kvennakorinn.is, þegar nær dregur. Kórinn er ætlaður konum 60+.
Skráning nýrra kórfélaga í síma 896-6468 eftir kl. 17.

KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR

CHANEL
EXCEPTIONNEL
Mikil þykking. Falleg sveigja. Tilkomumikill að bera
EXCEPTIONNEL maskarinn frá CHANEL
Verið velkomin í Snyrtivöruverslanir Hygeu 21. – 23 ágúst og uppgötvið nýja maskarann EXCEPTIONNEL og nýju haustlítina frá CHANEL. Sérfræðingar frá CHANEL verða á staðnum og veita faglega ráðgjöf og kynna nýjungar.
HYGEA
snyrtivöruverslun
www.chanel.com
CHANEL

ESJA

WANKER OF THE 1ST DEGREE

> Í SPILARANUM

Esja - Esja
Wanker of the 1st Degree - Retrograde
Sagan af Eyfa (bönnuð börnum) - Stórsveit Guðmundar Inga

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Ný plata á næsta ári

Ný plata frá hljómsveitinni Coldplay er væntanleg strax á næsta ári og mun hún fylgja eftir vinsældum Viva La Vida or Death and All His Friends sem kom út í júní síðastliðnum. Sveitin hefur þegar tekið upp meirihluta plötunnar og vill koma henni í búðir sem allra fyrst.

„Upptökurnar á Viva La Vida gengu ótrúlega vel. Samstarf þeirra við upptökustjórann Brian Eno gekk eins og í sögu og þeir tóku upp mun fleiri lög en þeir komu fyrir á einni plötu," sagði starfsmaður hjá EMI, útgáfufyrirtæki Coldplay.

Stutt er síðan söngvarinn Chris Martin sagði að sveitin hefði nýverið starfað með Kylie Minogue og nýtt lag með þeim væri væntanlegt á næsta ári. „Það verður á plötu sem kemur út 2009. Platan mun loka áratugnum á snyrtilegan hátt og eftir það veit ég ekki hvað gerist," sagði hann. Coldplay á tvær plötur eftir af samningi sínum við EMI og fari svo að ný plata komi út á næsta ári og hugsanlega safnplata í kjölfarið verður sveitin laus allra mála.

COLDPLAY Ný plata frá Coldplay er væntanleg strax á næsta ári.

> Plata vikunnar

Late of the Pier – Fantasy Black Channel

★★★★

„Þessi fyrsta plata Iceland Airwaves-sveitarinnar Late of the Pier er óvenju djörf blanda ólíkra tónlistartegunda. Glysrokk, fönk, nýbylgja, progg og rafpopp eru á meðal hráefna í súpu sem svínvirkar." - tj

TÓNNINN GEFINN
Steinþór Helgi Arnsteinsson

Áfram Ísland!

Nú þegar „strákarnir okkar" í handboltalandsliðinu sigra hjörtu landsmanna er ekki úr vegi að skoða aðeins hið frábæra fyrirbæri sem handboltarokk var og er, eða kannski er það ekkert lengur? Ég veit reyndar ekki alveg hvaðan þetta hugtak, handboltarokk, kemur. Þetta er einfaldlega tungutak sem útvarpsmenn byrjuðu að temja sér og múgurinn hermdi eftir. Allavega er deginum ljósara að tónlistarmennirnir sjálfir, sem skópu stefnuna, áttu lítinn þátt í að móta hugtakið, enda eru þeir væntanlega teljandi á fingrum annarrar handar Suðurríkjamennirnir sem skilja eðli þessa guðdómlega sports.

LINKIN PARK Park er ekki bara að finna í s-kóreska landsliðinu heldur einnig í hátalarakerfi keppnisvallarins í Peking.

Fyrir mér er handboltarokk einfaldlega rokk sem vel strípaðir strákar, með flottan kassa og á kraftmiklum bílum fíla. Sjálfur hef ég ekkert á móti þessum hópi enda tilheyrði ég honum sjálfur hér á árum áður. Það gerir að verkum að í hillunum mínum má finna nöfn listamanna, já listamanna, á borð við Creed, Staind, Lit, Machine Head og fjölmargra annarra sem má hæglega setja í frægðarhöll handboltamanna. Mér fannst til dæmis Linkin Park besta hljómsveit sem ég hafði heyrt upp úr síðustu aldamótum. Ég kenni handboltanum um. Hversu sterkar taugar eru milli Linkin Park og handboltans hefur líka verið sannað á núverandi Ólympíumóti. Þar má Park ekki eingöngu finna í s-kóreska landsliðinu heldur einnig í hátalarakerfi kappvallarins.

Ég lagði reyndar aldrei í sveitir eins og 3 Doors Down, Nickelback eða Puddle of Mud en þær þóttu með sveittari og jafnframt flottari hljómsveitum meðal ekta handboltamanna. Mikið af drullu, smekklegar klippingar, flottar kúlukeðjur og boot cut-gallabuxur. Gott stöff. Nú er bara að styðja strákana í dag og úrslitaleiknum og syngja hástöfum línurnar sem Creed kyrjuðu svo ódauðlega hér um árið. Let me take you higher ...

FLEET FOXES Söngvarinn Robin Pecknold líkir tónlist sveitarinnar við ævintýraheim sem maður getur flúið inn í til að gleyma stað og stund.

Raddaður ævintýraheimur

Seattle-sveitin Fleet Foxes er á meðal heitustu nýliðanna í poppheiminum á árinu 2008, en fyrsta platan hennar samnefnd sveitinni hefur verið að fá hástemmda lofdóma beggja vegna Atlantshafsins að undanförnu. *Trausti Júlíusson* kynnti sér þetta kornunga band.

„Okkar markmið er að vera ævintýragjarnir og trúir sjálfum okkur og hafa gaman af því sem við erum að gera saman," segir Robin Pecknold söngvari, gítarleikari og aðallagasmiður Seattle-sveitarinnar Fleet Foxes, í nýlegu viðtali. Yfirlýsing sem gæti átt við aðra hverja nýstofnaða hljómsveit, en munurinn á Fleet Foxes og öllum hinum er að Fleet Foxes er nýja uppáhaldshljómsveit tónlistaráhugamanna og gagnrýnenda úti um allan heim. Og Robin heldur áfram að lýsa sveitinni: „Það skemmtilegasta sem ég geri í heiminum er að syngja í harmóníu með öðru fólki þannig að við gerum fullt af því. Við elskum kassagítara, rafmagnsgítara, stórar tom-trommur, mandólín, sílófóna, bassagítara, bassapedala, orgel, píanó, kótó og mest af öllu harmóníur og melódíur. Okkur hefur tekist ætlunarverkið ef við náum að gera lag þar sem öll hljóðfærin eru að gera eitthvað áhugavert og melódískt."

Æskuvinir

Fleet Foxes er skipuð þeim Robin, Skye Skjelset gítarleikara, Casey Westcott hljómborðsleikara, Josh Tillman trommuleikara og Christian Wargo bassaleikara. Robin og Skye eru æskuvinir og byrjuðu að spila á gítar saman fyrir tíu árum eða svo og ákváðu að stofna hljómsveit. Þeir störfuðu saman undir ýmsum nöfnum, t.d. Lemon/Lime og Pineapple, en fyrir tveimur árum varð Fleet Foxes til. Þeir vöktu snemma athygli fyrir góða frammistöðu á tónleikum og náðu eyrum útsendara Seattle-plötufyrirtækisins Sub Pop sem gerði við þá samning í fyrra. Fyrsta útgáfan var EP-platan Sun Giant sem kom út í febrúar og fyrsta stóra platan, Fleet Foxes, kom svo út nú í sumar.

Líkt við Beach Boys og CSN&Y

Vegur Fleet Foxes upp á stjörnuhimininn hefur verið hraður síðustu vikur og mánuði. Þeir hafa spilað mikið og eru bókaðir út árið og platan hefur fengið dúndurdóma, m.a. fullt hús í Mojo og Guardian og 9/10 hjá Pitchfork-media. Tónlistin er heillandi þjóðlagaskotið indípopp borið uppi af fínum lagasmíðum og frábærum söng. Henni hefur m.a. verið líkt við Beach Boys; Crosby, Stills, Nash & Young; Band of Horses og annað ameríska nýstirni, Bon Iver. Áhrifin frá tónlist sjöunda áratugarins eru augljós, en skýringuna má finna í því að Robin ólst upp við tónlist foreldra sinna, Bob Dylan, Beach Boys, Neil Young, Simon & Garfunkel og fleiri.

Óbyggðir og ævintýri

Í textum Fleet Foxes er mikið talað um óbyggðir, t.d. í Ragged Wood, White Winter Hymnal og Meadowlark, ekki beint umhverfið í stórborginni Seattle. Að sögn Robins átti hann við ofnæmisvandamál að stríða þegar hann var unglingur og varð að vera meira og minna inni í þjú ár. Þá sökkti hann sér inn í ímyndaðan heim með því að lesa bækur eins og Lord of the Rings. Hann segir tónist Fleet Foxes vera á einhvern hátt eins og ævintýri sem maður getur flúið inn í til að gleyma stað og stund.

Næsta plata formsatriði

Næsta plata hljómsveitarinnar GusGus, sem kemur út eftir áramót, verður tekin að mestu leyti upp „live". Verður það í fyrsta sinn sem sveitin prófar slíkt.

„Konseptið á næstu plötu eru búið að taka dálítið skýra mynd hjá okkur. Það er eiginlega formsatriði að klára hana," segir Biggi Veira úr GusGus. „Það hefur verið nefnt við okkur að við höfum aldrei náð „live-fílingnum" inn á plöturnar. Við höfum unnið plöturnar og útsett „live-settið" út frá því og þaðan hafa lögin tekið öðruvísi stefnu," segir hann.

Daníel Ágúst mun koma meira við sögu á nýju plötunni en á undanförnum plötum og eru það góð tíðindi fyrir aðdáendur GusGus. Fyrir utan þátttöku hans verður platan að stórum hluta án söngs. „Forever-platan [síðasta plata GusGus] var eðlilegt framhald af Attention. Núna þurfum við pínulítið að finna okkur upp á nýtt," segir Biggi.

Fram undan hjá GusGus eru tónleikar í Moskvu 30. ágúst og í Tókýó 11. október. Því næst er röðin komin að Iceland Airwaves og miðað við stemninguna sem var á tónleikum GusGus á Nasa um síðustu helgi mega aðdáendur sveitarinnar eiga von á góðu á þeirri tónlistarhátíð. - fb

DANÍEL ÁGÚST Hljómsveitin Gus Gus er að undirbúa glænýja plötu sem kemur út á næsta ári. Daníel Ágúst verður þar í stærra hlutverki en áður.

ABBA dagar í Hagkaupum

MEST SELDA PLATA LANDSINS!

TRYGGÐU ÞÉR TÓNLISTINA ÚR VINSÆLUSTU MYND ÁRSINS!

GOTT VERÐ!
KR. 2.299

NÚMER 1 Á TÓNLISTANUM

YFIR 75.000 GESTIR Í BÍÓ!

EINNIG FÁANLEGT:
ABBA GOLD
ABBA GOLD DVD

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> EIGNAÐIST DÓTTUR

Matt Damon og eiginkona hans, Luciana, eignuðust dótturina Giu á þriðjudag, en fyrir eiga þau Isabellu og Alexiu, dóttur Luciönu af fyrra hjónabandi. Damon hyggst nú taka sér frí frá störfum það sem eftir lifir árs til að umgangast fjölskyldu sína og taka því rólega.

fólk

folk@frettabladid.is

Rhys verður sér til skammar

Rhys Ifans virðist ekki alveg hafa náð að fóta sig eftir að hann og Sienna Miller skildu að skiptum fyrr á árinu og virðist hafa verið meira og minna í annarlegu ástandi síðan. Hann hefur verið að slá sér upp með Kimberly Stewart, dóttur rokkarans víðfræga Rods Stewart, síðustu vikur og var fylgisveinn hennar í afmælisveislu Kimberly á skemmtistaðnum Bungalow 8 í London á miðvikudagskvöldið. Rhys virtist hins vegar ekki vera í góðu jafnvægi og er sagður hafa orðið kærustu sinni til skammar.

Leikarinn lenti meðal annars í útistöðum við afmælisgest sem honum þótti sýna Kimberly of mikla athygli.

ANNARLEGT ÁSTAND Rhys Ifans virðist hafa verið í annarlegu ástandi frá því að Sienna Miller fór frá honum í vor.

Rhys tók manninn hálstaki, spurði hvort hann langaði í slagsmál og sagði honum að snerta ekki kærustuna sína og hypja sig úr veislunni. Öryggisverðir þurftu að skerast í leikinn til að stilla til friðar. Rhys hafði einnig teiknað á sig lítið yfirvaraskegg með tússpenna, og tilkynnti gestum að hann væri „mikill aðdáandi Hitlers“ auk annarra uppátækja.

Kimberly sjálf þurfti að lokum að siða kærastann til og bað hann lengstra orða að róa sig. „Ég er komin með nóg af þessu rugli, Rhys, ekki gera þetta. Þetta er afmælið mitt, hættu að hegða þér eins og þú sért tólf ára,“ sagði afmælisbarnið. Þau yfirgáfu skemmtistaðinn skömmu síðar og sáust fara upp í leigubíl.

ÓÁNÆGT AFMÆLISBARN Kimberly Stewart var ekki hrifin af hegðun kærastans í afmælisveislu hennar.

Syngja fyrir Tíbeta

Listamennirnir KK, Páll Óskar og Monica, Svavar Knútur trúbador, Jón Tryggvi og Jónas Sig munu syngja fyrir Tíbet næstkomandi sunnudag. Tónleikarnir, sem eru á vegum Vina Tíbets, fara fram í Salnum, Kópavogi, en listamennirnir gefa vinnu sína. Allur ágóði tónleikanna rennur til flóttamannamiðstöðvar í Dharamsala á Indlandi en þangað flýja um 3.000 flóttamenn frá Tíbet ár hvert.

Málefni Tíbeta hafa verið dregin fram í dagsljósið í kringum Ólympíuleikana í Peking, en tónleikarnir eru einmitt haldnir sama dag og þeim lýkur. Ögmundur Jónasson, Birgitta Jónsdóttir og Tsewang Namgyal halda erindi á tónleikunum. Þá mun Harpa Rut Harðardóttir sýna myndir sem hún tók á nýlegu ferðalagi sínu um Tíbet.

GEFUR VINNU SÍNA KK er einn þeirra sem syngur fyrir Tíbet.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Sjálfumglaður þáttastjórnandi

Nýjustu fregnir herma að fyrirsætan og spjallþáttastjórnandinn Tyra Banks hafi látið áhorfendur sína bíða í yfir tvær klukkustundir eftir því að hún stigi á svið. Einn áhorfandinn sagði að fyrirsætan hefði staðið baksviðs og spjallað við gesti þáttarins. „Maður heyrði í henni tala og tala því hún stóð beint fyrir aftan tjaldið að sviðinu, á meðan biðum við í næstum tvo klukkutíma eftir því að þátturinn byrjaði.“

DÓNALEG Áhorfendur þurftu að bíða í tvær klukkustundir eftir fyrirsætunni.

Þegar fyrirsætan kom loks á svið baðst hún ekki velvirðingar á töfinni. „Hún heilsaði ekki einu sinni og þegar fyrirsæturnar sem komu í þáttinn byrjuðu að tala greip hún alltaf fram í fyrir þeim og byrjaði að tala um sjálfa sig. Þátturinn snerist alfarið um hana, hún er mjög sjálfumglöð,“ sagði áhorfandinn önugur.

Kemur hundruðum í form

Agli Einarssyni blöskraði hvað fólk var að borga í einkaþjálfun og hannaði því svokallaða fjarþjálfun. Nú er kúnnahópur hans rúmlega tvö hundruð manns og fer stækkandi.

„Jú, það er rétt, ég er að fjarþjálfa rúmlega 200 manns núna og haustvertíðin er ekki skollin á, ég sé fram á að þetta endi í fimm hundruð,“ segir Egill Einarsson, betur þekktur sem Stóri, aðspurður hvort rétt sé að hann „fjarþjálfi“ hundruð manna, eins og Fréttablaðið komst á snoðir um. Egill er hugmyndafræðingurinn á bak við hugtakið fjarþjálfun.

„Ég var einkaþjálfari og viðurkenni að það er ekki gefins. Fólk borgar einkaþjálfurum kringum sextíu þúsund kall á mánuði. Ég ákvað að hanna konsept og pælingin bak við það var hvernig hægt væri að koma fólki í form án þess að rífa af því handleggina. Þannig varð fjarþjálfunin til,“ segir Egill sem í kjölfarið opnaði heimasíðuna fjarthjalfun.is.

Egill segir þetta hafa mælst vel fyrir, sem sýni sig best á þeim fjölda sem hefur notast við fjarþjálfunina. „Það er svo mikið að gera hjá mér að ég er hættur að einkaþjálfa, ég hef ekki tíma í það. Ég mæli frekar með fjarþjálfun við fólk sem vill að ég einkaþjálfi það,“ segir Egill og bætir við: „Ég hef líka séð að árangurinn er ekki síðri hjá fjarþjálfunar-kúnnunum. Fólk þarf ekkert endilega að hafa einhvern skítugan einkaþjálfara hangandi yfir sér meðan það æfir,“ segir Egill.

Egill segir að fjölmargir hafi fetað í fótspor sín og bjóði nú upp á fjarþjálfun. „Vandamálið er bara að þeir eru ekki Stóri,“ segir hann en yngsti kúnni hans er fjórtán ára og sá elsti sjötugur.

Samkvæmt heimasíðunni fjarthjalfun.is kostar mánuðurinn fyrir fjarþjálfun á bilinu 7.500-10.000 krónur og því ljóst að Egill hefur fínt upp úr fjarþjálfuninni.

En getur hann tekið endalaust við kúnnum? „Á einhverjum tímapunkti verð ég annaðhvort að segja stopp eða fá einhvern með mér. Það yrði þá einn af okkar bestu einkaþjálfurum en ég lít svo á að það séu um sex eða sjö góðir einkaþjálfarar á Íslandi,“ segir fjarþjálfarinn kokhrausti að lokum.

soli@frettabladid.is

STÓRI Egill datt inn á góða viðskiptahugmynd þegar hann bjó til það sem kallast fjarþjálfun. Í dag eru kúnnar hans um tvö hundruð og haustvertíðin ekki enn farin í gang.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

I

LAUGUNIN

Lögmál 1: Bikarinn skal vera tandurhreinn, þveginn upp úr fitulausri sápu og skolaður í köldu vatni þar til hann nær sama hitastigi og ölið. Þannig verður froðan þéttari og heldur hvítum hlífiskildi sínum lengur yfir hinum dýrmæta vökva. Minnstu óhreinindi geta spillt fyrir og mengað fullkomin bragðgæði Stellu Artois.

II

GULLGERÐIN

Lögmál 2: Þegar byrjað er að hella er bikarnum hallað um 45 gráður. Þá sjáum við hvernig dýrmætur vökvinn hringar sig ofan í bikarinn og myndar iðuna sem er galdurinn við fljótandi gullgerðarlist. Þegar ölið kemst í samband við súrefni myndast smám saman þétt froða sem innsiglar innihaldið og verndar það frá fyrsta sopa til hins síðasta.

III

KRÝNINGIN

Lögmál 3: Þegar bikarinn, sem hingað til hefur hallað um 45 gráður, hefur verið fylltur að þremur fjórðu skal hann réttur við. Með jafnri hreyfingu er hann samtímis færður niður frá flöskuopi um sem nemur hæð bikarins. Þannig krýnum við ölið þéttri froðu sem skýlir innihaldi bikarsins og tryggir ferskleika og líf þessa fljótandi gulls.

REYKJAVÍK! Hljómsveitin Reykjavík! er að undirbúa nýja plötu.

Frost með Reykjavík!

Ástralski hljóðlistamaðurinn Ben Frost verður upptökustjóri á væntanlegri plötu rokkaranna í Reykjavík!. Hljómsveitin gaf í síðustu viku út lagið Æji, plís, sem er forsmekkurinn að samstarfi þeirra við Frost. Lagið var tekið upp af Valgeiri Sigurðssyni, sem tók upp síðustu plötu Reykjavík!, og hljóðblandað af Ben Frost og Sturlu „Míó“ Þórissyni síðastliðið vor. Það var m.a. færni Frosts við takkana sem sannfærði liðsmenn Reykjavík! um tilkomumikla möguleika áframhaldandi samstarfs. Æji, plís fæst á iTunes, eMusic, Amazon,com, Tónlist.is og vefveitunni Grapewire.net.

EL PERRO DEL MAR Sænska söngkonan hefur staðfest þátttöku sína í tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves.

El Perro á Airwaves

Sænska söngkonan El Perro Del Mar hefur staðfest þátttöku sína í Iceland Airwaves í haust. El Perro Del Mar, sem er ein af vonarstjörnum skandinavísku poppsenunnar, hefur sent frá sér tvær breiðskífur. Sú seinasta, From the Valley to the Stars, kom út í febrúar.

Umsóknarfrestur til að skrá sig á Airwaves fyrir íslenskar hljómsveitir rann út fyrir skömmu. Hafa 32 íslenskar sveitir og 21 erlend þegar verið staðfestar á hátíðina, sem hefst 15. október. Á meðal þeirra sem koma fram eru Boys in a Band, CSS, Young Knives, GusGus og Hjálmar. Miðasala innanlands hefst 1. september.

Dansfestival 2008
Lærðu af þeim bestu ...

...í SJÓÐHEITUM DANSTÍMUM hjá verðlaunahafa So You Think You Can Dance?
EINUNGIS ÞESSA HELGI!
SABRA JOHNSON!
Allt það heitasta frá New York og Los Angeles!

Í glæsilegri aðstöðu í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal **fimmtudag 28. ágúst, föstudag 29. ágúst, laugardag 30. ágúst og sunnudag 31. ágúst!**

100% DANSGLEÐI lofað!!!
Námskeiðin eru fyrir ALLA!
Tryggðu þér sæti með því að skrá þig strax!

Skráning á Dansfestivalið og önnina fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur, framkvæmdastjóra DanceCenter Reykjavík, í síma 861 5658.

Haustönn 2008 - DANSÁRIÐ verður tekið af KRAFTI!
Kennsla hefst mánudaginn 1. september!

Glæsileg aðstaða í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal. Kennt tvisvar í viku.

Diskótjútt!
16-19 ára
20-24 ára
25 ára og eldri

Jazzfunk/Street/Hip Hop
7-9 ára
10-12 ára
13-15 ára
16-19 ára
20-24 ára
25 ára og eldri

Söngleikjadans
10-12 ára
13-15 ára

Salsa
Pör og einstaklingar

DanceCenter Reykjavík er aðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

DansHreyfing fyrir ALLA!
Hreyfing og DanceCenter Reykjavík kynna frábær nú dansnámskeið! Sann-kallað DANSfjör! Fáðu útrás fyrir DansGleðina og skelltu þér á skemmtilegt námskeið. Í boði verður brot af því besta: Jazzfunk, Salsa, Diskó og fl. óvænt! Aldurstakmark 16 ára.
Tímar eru 1x í viku – samtals 15 skipti.

Skráðu þig núna hjá Hreyfingu sími 414 4000!

SKRÁÐU ÞIG NÚNA! dancecenter.is

DANSLIÐ So You Think You Can Dance? kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK
www.dancecenter.is

DanceCenter Reykjavík - nýtt dansafl!
"DanceCenter Reykjavík er fyrir þá sem hafa „ÁSTRÍÐU" fyrir dansi, bæði byrjendur og þá sem lengra eru komnir. Með dansafli er vísað til jákvæðra áhrifa sem dansinn hefur á líkama og sál og þeirri gleði sem hann gefur þeim, sem hann stundar.

DanceCenter Reykjavík býður reglulega upp á Danshátíðir í fremsta flokki. Kennarar á hátíðunum eru með virtustu danshöfundum í heiminum sem skara fram úr á sínu sviði. Þá hafa þeir allir sameiginlega ástríðu fyrir útbreiðslu dansins og hafa tileinkað sér að ná fram því besta úr nemendum sínum.

DANSÁRIÐ verður tekið af KRAFTI og er dansinn eins og hver önnur íþrótt sem þarf að stunda reglulega og er frábær leið til að takast á við amstur dagsins með því að upplifa hina einu sönnu DANSGLEÐI!"

DANSGLEÐI með:
skemmtilegri · ICELANDAIR · ÍR · OUTFITTERS NATION · Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI · SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

IV
AFHÖFÐUNIN
Lögmál 4: Bikarinn er fullur og froðutoppurinn rís upp yfir brúnina. Þá er froðusveðjan tekin. Henni er beint frá líkamanum og strokið lárétt með 45 gráðu halla, hársbreidd yfir brúninni. Stærstu loftbólurnar hafa leitað efst í froðuna og mistakist þetta skref munu þær springa þeim afleiðingum að froðan fellur hratt. Án froðunnar er ölið varnarlaust og verður flatt á skammri stundu.

STELLA ARTOIS LÉTTÖL

V
DÓMURINN
Lögmál 5: Að lokum verður að tryggja að froðutoppurinn sé af nákvæmlega réttri þykkt. Fullkomnunin felst í smáatriðunum: Í 33 cl bikar skal froðan vera nákvæmlega 3 cm. Hvorki meira né minna. Þetta samsvarar samanlagðri breidd vísifingurs og löngutangar þess sem njóta skal.

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

THE ROCKER	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	7
GET SMART	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	L
WALL–E – ÍSLENSKT TAL	kl. 3.30 og 5.45	L
MUMMI 3	kl. 8	12
THE DARK KNIGHT	kl. 10	12

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA		
STAR WARS	kl. 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20	L
GET SMART	kl. 5:50 - 8D - 10:20D	L
THE MUMMY 3	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 5 - 8 - 10:50	12
DARK KNIGHT	kl. 5 - 8 - 10:50	VIP
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 3:40	L

KRINGLUNNI		
GET SMART	kl. 5:40D - 8D - 10:20D	L
STAR WARS	kl. 4D - 6:20D	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30 sýnd í sal 1 vegna eftirspurnar	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 3:40	L

SELFOSS		
STAR WARS	kl. 5:40 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
MAMMA MÍA	kl. 5:40 síð. sýn.	L
DECEPTION	kl. 10:20	14

AKUREYRI		
STAR WARS	kl. 6 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 6	L
THE MUMMY 3	kl. 10:20	12

KEFLAVÍK		
STAR WARS	kl. 5:45 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10.20	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:45	L
THE BANK JOB	kl 10:10	16

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
THE ROCKER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	7
X - FILES	kl. 8 - 10.20	16
SKRAPP ÚT	kl. 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 3.20	12
WALL-E ÍSL. TAL	kl. 3.30D - 5.45D	L
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
THE MUMMY 3	kl. 3.30D	12

5%

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919		
THE ROCKER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650kr. SUMARTILBOÐ

X - FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500		
X - FILES	kl. 6 - 8 - 10.10	16
MAMMA MIA	kl. 6 - 8 - 10.10	L

SING - A - LONG SÝNING

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KLÍSTRUG OG SÆT Madonna hefur tónleikaferðalag sitt, Sticky and Sweet, í Cardiff á morgun.

Poppdrottningin í ferðalag

Madonna ýtir tónleikaferðalaginu Sticky and Sweet úr vör á morgun. Poppdrottningarinnar fimmtugu bíður þá löng og ströng dagskrá en ferðalaginu lýkur í Mexíkó í lok nóvember.

Madonna, sem varð fimmtug um síðustu helgi, lætur engan bilbug á sér finna og ýtir nú úr vör tónleikaferðalaginu Sticky and Sweet, til að fylgja eftir plötunni Hard Candy. Fyrsti viðkomustaður hennar er Cardiff í Englandi, en þaðan liggur leiðin meðal annars til Frakklands, Portúgals, Svartfjallalands, Bandaríkjanna og Mexíkó.

Það er óhætt að gera ráð fyrir því að nokkuð verði um óvæntar uppákomur á ferðalaginu, en Madonna ku til að mynda hafa reynt að fá fyrrverandi kærustuparið Britney Spears og Justin Timberlake til að stíga saman á svið með sér – en þau hafa bæði unnið með poppdrottningunni í gegnum tíðina. Tónleikunum sjálfum er skipt upp í fjóra hluta, sem kallast Pimp, Old School, Gypsy og Rave. Í Pimp-hlutanum kinkar Madonna kolli til decostefnu þriðja áratugar síðustu aldar og götumenningu dagsins í dag í skringilegu samkrulli. Old School-hlutinn verður tileinkaður danstónlist níunda áratugarins í New York og fæðingu rappsins, en í Gypsy-hlutanum verður rúmensk sígaunastemning við lýði. Rave á hins vegar að rekja stemningu sína til Austurlanda.

Það þarf ýmislegt til svo að tónleikaferðalag á borð við þetta gangi vel fyrir sig. Skipuleggjendur hafa nú birt lista yfir ýmiss konar tölfræði að baki ferðalaginu. Hér gefur að líta brot af honum.

Á TÚR MEÐ MADONNU

3.500	flíkur
250	starfsmenn
200	förðunarsvampar
180	eyrnapinnar
120	púðar fyrir andlitspúður
100	netasokkabuxur
100	pör af hnépúðum
30	ferðatöskur undir búninga
20	þjóðerni í hópi starfsmanna
12	ferðatrampólín
5	starfsmenn sem hafa það verkefni að hjálpa Madonnu að skipta um föt
4	stórar frystikistur með köldum bökstrum fyrir Madonnu og dansarana
16	matreiðslumenn

Bjóða Heimdalli og VG

„Þetta er einleikur sem er unninn út frá ákveðnum karakter, sem er heimspekingur, fyrirlesari og gjörningalistamaður og stefnir á heimsfrægð. Hann er því miður svo óheppinn að það býr geimvera í hausnum á honum," segir Snæbjörn Brynjarsson um verk sitt Upplýsmunin, sem frumsýnt verður í kvöld. Árni Kristjánsson leikstýrir, en félagarnir eru báðir nýútskrifaðir úr Fræði og framkvæmd við Listaháskólann. Árni lýsir verkinu sem samblöndu af Hellisbúanum og The Excorcist. „Þetta er pólitísk tragíkómedía," segir Snæbjörn.

Heimdellingum og Ungum Vinstri grænum er boðið á frumsýninguna. „Þeim er boðið af því að þessir hópar eru einar sterkustu andstæðurnar í íslensku samfélagi og eru lýsandi fyrir andstæðurnar í karakternum. Andstæðurnar á milli gjörningalistamannsins Snæbjarnar Árnasonar og geimverunnar í hausnum á honum." Hann vill ekki gefa upp hvor stendur fyrir hvað.

Verkið er hluti af artFart og er sýnt á Kaffi Rót, „sem er í rauninni leikhúslegasta kaffihúsið í miðbænum," samkvæmt Snæbirni. Upplýsmunin er fyrsta leikverkið eftir hann sem sett er upp. Snæbjörn leikstýrði nýlega Eyjunni með leikhópnum Sýni en Árni hefur haft umsjón með Götuleikhúsi Kópavogs í sumar.

MEÐ GEIMVERU Í HAUSNUM Snæbjörn og Árni standa að Upplýsmuninni, nýjum einleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sýnt verður í kvöld, 24. 29. og 31. ágúst og hefjast sýningar klukkan átta. Hægt er að panta miða á uppljomunin@gmail.com. **- kbs**

SparBíó 550kr
Föstudag
SAMbio.is
SAMBÍÓIN



WALL-E með íslensku tali
kl. 3.40 í Álfabakka
kl. 3.40 í Kringlunni
kl. 6 Akureyri og kl. 5:45 í Keflavík

STAR WARS
kl. 3:40 í Álfabakka
kl. 6 á Akureyri
kl. 540 á self. og kl. 5:45 í kefl

DARK KNIGHT
kl. 5 í Álfabakka

KUNG FU PANDA ísl. tali
kl. 3:40 í Álfabakka
kl. 3:40 í Kringlunni

MAMMA MIA
kl. 3:40 í Álfabakka
kl. 5:40 á Selfossi

FORGETTING SARAH MARSHALL

2299 KR

★★★★

„Ein besta gamanmynd ársins"
- V.J.V., Topp5.is / FBL

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU ÞÉR

'KNOCKED UP' & 'THE 40-YEAR-OLD VIRGIN'



3299 KR

Life in the Undergrowth og Life in Cold Blood eru frábærar fræðslumyndir frá meistara David Attenborough í anda Planet Earth

3999 KR

Ævintýramaðurinn Jean-Michel Cousteau ferðast heimshorna á milli til að færa okkur stórkostlegar myndir úr djúpum hafsins.

MYNDFORM

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

>Báðir undanúrslitaleikirnir hafa tapast

Íslenska handboltalandsliðið hefur tvisvar spilað undanúrslitaleik á stórmóti, fyrst á Ólympíuleikunum í Barcelona 1992 og svo á Evrópumótinu í Svíþjóð 2002. Íslensku strákarnir þurftu að sætta sig við tap í bæði skiptin. Ísland tapaði 19-23 fyrir Samveldinu fyrir sextán árum og svo 22-33 fyrir heimamönnum á EM fyrir sex árum. Ísland var 16-15 yfir í seinni hálfleik á móti Samveldinu en gaf eftir í lokin. Valdimar Grímsson var markahæstur með 6 mörk og Geir Sveinsson gerði 5 mörk. Ísland gaf eftir í seinni hálfleik á móti Svíum 2002 og tapaði honum 10-19. Ólafur Stefánsson var markahæstur með 6 mörk en Sigfús Sigurðsson skoraði fjögur.

sport

sport@frettabla-

VARNARTRÖLLIÐ SVERRE JAKOBSSON: Í ÖÐRU SÆTI YFIR FLEST VARIN SKOT Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

Okkur finnst gaman að vera í smá villimennsku

Varnarleikur íslenska handboltlalandsliðsins hefur verið frábær í Peking og á stóran þátt í því að liðið er komið alla leið í undanúrslit. Þar hafa farið fremstir í flokki Eyfirðingurinn Sverre Jakobsson og Breiðhyltingurinn Ingimundur Ingimundarson.

„Þegar maður sér stóra drauminn rétt fyrir framan sig er maður til í að leggja ansi mikið á sig til þess að komast alla leið í úrslitaleikinn. Maður horfir bara á eitt og það er sigur," sagði Sverre Jakobsson en hann er ánægður með samvinnu sína og Ingimundar. Segir gaman að spila með honum.

„Það er búið að ganga einsog í lygasögu hjá okkur. Höfðum ekki spilað mikið saman áður. Við fundum strax að við værum á svipaðri línu. Okkur finnst gaman að fara út og vera í smá villimennsku. Við höfum náð geðveikinni upp fyrir flesta leiki og ætlum að ná henni upp fyrir þennan leik. Það er alveg klárt," sagði Sverre ákveðinn

Sverre er í 2. sæti yfir flest varin skot eftir sex fyrstu leikina á Ólympíuleikunum en hann hefur alls varið þrettán skot í þessum leikjum. Sverre er sex skotum á eftir Spánverjanum Carlos Prieto sem er efstur.

Sverre hefur einnig látið finna vel fyrir sér því það eru aðeins tveir „grófari" leikmenn á leikunum ef marka má listann yfir flest refsistig.

Sverre hitti Frakkann Nikola Karabatic fyrir viku síðan og sagði þá við hann að þeir myndu sjást aftur í úrslitunum. „Vonandi get ég hitt hann fyrir úrslitaleikinn og sagt: Hvað sagði ég við þig, kallinn minn?".

Deyjum fyrir það sem við trúum á

Guðjón Valur Sigurðsson segir strákana okkar vera meðvitaða um það einstaka tækifæri sem þeir standa frammi fyrir í dag. Hann segir liðið ætla að nýta það tækifæri og er allt fyrir fallegan málm um hálsinn.

PEKING 2008 Íslenska handboltalandsliðið spilar einn sinn stærsta leik í áraraðir í dag er það mætir Spánverjum í undanúrslitum Ólympíuleikanna. Þetta er í þriðja sinn sem Ísland kemst í undanúrslit á stórmóti en aldrei áður hefur Íslandi tekist að fara alla leið í úrslit.

„Tilfinningin er mjög góð. Þessi dagur sem við fáum á milli leikja er lífsnauðsynlegur fyrir okkur sem og gæði handboltans. Spennan er búin að vera mikil allt mótið. Við lögðum dæmið þannig upp að við ætluðum að komast í átta liða úrslit og þar byrjuðu síðan bikarúrslitin," sagði Guðjón Valur Sigurðsson við Fréttablaðið í gær en hann hefur farið mikinn á mótinu eftir að hafa setið hjá í fyrsta leik sökum meiðsla. „Líkamlegt ástand manna er mjög gott og andlega erum við í toppstandi."

Aðeins Guðjón Valur, Sigfús Sigurðsson og Ólafur Stefánsson hafa upplifað þessa stöðu áður en þeir voru í liðinu sem fór í undanúrslit á EM 2002. Guðjón segir menn vel gera sér grein fyrir þessu einstaka tækifæri sem þeir standa frammi fyrir.

Ætla að nýta tækifærið

„Við ætlum heldur betur að nýta þetta tækifæri. Við vitum í fyrsta lagi ekkert um það hvort við komumst aftur á Ólympíuleika. Það er ekkert sjálfsagt. Svo erum við ekki með á næsta stórmóti þannig að það er alls óvíst hvort við fáum slíkt tækifæri aftur. Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að ná árangri," sagði Guðjón Valur en hann segir sjálfstraustið í liðinu vera gríðarlega gott.

KÁTUR Guðjón Valur Sigurðsson fór ekki leynt með gleði sína eftir sigurinn á Pólverjum í átta liða úrslitum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við höfum líka ýtt öllum hræðsluáróðri og draugum fortíðarinnar frá okkur. Það er alltaf verið að tönnlast á því að við séum bara 300 þúsund manns og annað. Það er alveg fáránlegt að vera að fela sig á bak við eitthvað slíkt. Við erum einfaldlega þeir sem við erum. Fulltrúar þjóðarinnar en þó fyrst og fremst lið. Erum tilbúnir að gera allt hver fyrir annan og við leggjum þetta upp sem stríð. Erum tilbúnir að deyja fyrir það sem við trúum á núna í augnablikinu. Við munum gera allt sem getum til þess að fá fallegan málm um hálsinn og um leið snúa öllu á haus á lítilli eyju úti á ballarhafi," sagði Guðjón ákveðinn.

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Á GÓÐRI STUNDU Línumaðurinn Róbert Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Róbert Gunnarsson:

Gæti nánast spilað fótbrotinn

PEKING 2008 „Mönnum líður mjög vel. Þetta hafa verið eintómir stórleikir og þetta verða því ekki mikil viðbrigði fyrir okkur held ég," sagði línumaðurinn sterki Róbert Gunnarsson en hann hefur átt frábært mót líkt og félagar hans. „Menn eru í fínu standi. Eru duglegir að fara í nudd og halda sér við. Annars er engin þreyta í mönnum þegar þeir eru komnir í undanúrslit á Ólympíuleikum. Það liggur við að maður gæti spilað fótbrotinn," sagði Róbert léttur. - hbg

Vinsæl afþreying strákanna:

Fóstbræður og Venni Páer

PEKING 2008 Margir íþróttamenn í Ólympíuþorpinu eiga það til að leiðast við að hanga þar svo dögum skiptir. Er því margt brallað í húsunum til að drepa tímann. Menn spila á spil, lesa og horfa svo á sjónvarpið meðal annars.

„Við erum mikið að horfa á Fóstbræður. Þeir eru að koma sterkir inn. Venni Páer er eitthvað sem ég hafði ekki séð áður en það er alveg frábært dæmi. Hann hittir naglann með höfðinu líkt og hann sagði í þáttunum," sagði Snorri Steinn Guðjónsson kátur. - hbg

FYLGST MEÐ Það var áður keppt í fimleikum í höllinni. NORDICPHOTOS/AFP

Undanúrslitaleikurinn:

Spilaður í mun stærri höll

PEKING 2008 Undanúrslitaleikur Íslands og Spánar í dag verður leikinn í stærri höll en riðlakeppnin og átta liða úrslitin fóru fram í. Þá var spilað í Olympic Sports Center Gymnasium sem er fín höll og tekur 6.000 manns í sæti. Undanúrslit og úrslitaleikirnir munu draga að fleiri áhorfendur og því verður nú spilað í National Indoor Stadium en í þeirri höll hefur fimleikakeppnin farið fram.Sú höll er einkar glæsileg og tekur 20.000 manns í sæti - hbg

Ísland á fjóra af átta marksæknustu leikmönnunum í handboltakeppni Ólympíuleikanna í Peking:

Fjórir íslenskir leikmenn í fremstu röð

HANDBOLTI Margir leikmenn íslenska handboltalandsliðsins hafa verið að spila frábærlega á Ólympíuleikunum og þessi aukna breidd í sóknarinni auk góðs varnarleiks á mikinn þátt í að Ísland á möguleika á verðlaunum.

Þetta kemur vel fram í tölfræði fyrstu sex leikjanna en Kínverjar halda saman ítarlegri tölfræði um þróun mála í leikjunum.

Ísland á bæði markahæsta leikmanninn (Snorri Steinn Guðjónsson) sem og þann sem hefur gefið flestar stoðsendingar (Arnór Atlason). Auk þeirra eru þeir Guðjón Valur Sigurðsson og Ólafur Stefánsson báðir meðal átta marksæknustu leikmanna leikanna það er leikmenn sem hafa komið að flestum mörkum annaðhvort með því að skora þau eða eiga stoðsendingu.

Alexander Petersson kemst einnig á listann en hann er í 25. sæti en allir þessir fimm leikmenn eru að skora meira en þrjú mörk að meðaltali í leik.

SNORRI STEINN GUÐJÓNSS. 5. SÆTI
45 SKÖPUÐ MÖRK
38 MÖRK 7 STOÐSENDINGAR

ARNÓR ATLASON 3. SÆTI
48 SKÖPUÐ MÖRK
21 MARK 27 STOÐSENDINGAR

ÓLAFUR STEFÁNSSON 5. SÆTI
45 SKÖPUÐ MÖRK
19 MÖRK 26 STOÐSENDINGAR

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSS. 8. SÆTI
42 SKÖPUÐ MÖRK
33 MÖRK 9 STOÐSENDINGAR

Snorri Steinn Guðjónsson hefur skorað flest mörk á mótinu eða 38 í sex leikjum en hann deilir reyndar efsta sætinu með Þjóðverjanum Michael Kraus. Guðjón Valur Sigurðsson er í fjórða sæti fimm mörkum á eftir þeim félögum. Alexander Petersson kemst einnig inn á topp tíu lista markahæstu manna en hann er í 8. sætinu.

Arnór Atlason hefur gefið flestar stoðsendingar ásamt Frakkanum Nikola Karabatic eða 27 í 6 leikjum en Ólafur Stefánssonn, sem hefur átti 17 stoðsendingar í síðustu tveimur leikjum, kemur í 3. sæti aðeins einni stoðsendingu á eftir þeim félögum.

Karabatic er efstur á listanum yfir marksæknustu leikmenn leikanna með 53 sköpuð mörk en í öðru sæti er Kraus. Besti Spánverjinn, sem eru mótherjar íslenska liðsins í dag, er Juan Garcia sem er í 8. sætinu ásamt Guðjóni Vali Sigurðssyni. - óój

Frábært verð
á flötum skjám

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftækin fást í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Panasonic 32"
TX32LM70F
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- VIERA Link
- Backlight Control
- 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 65,7x47,3x10,7

79.990kr
verð áður 99.990.-

United 27"
LTV27W51
- 27" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- 2x7w Nicam Stereo hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartóls-tengi
- DVI-D og VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 78,2x45,7x8,9

69.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Toshiba 37"
37C3000PG
- 37" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing III myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 5.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 92x61,3x12,1



129.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Philips 32"
32PFL5322
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Pixel Plus HD myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Active Control og Contrast Plus
- 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur með snúningi fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg



109.990kr
verð áður 129.990.-

Panasonic 42"
TH42PV70F
- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni Frábær myndgæði
- Advanced 3D Colour management
- Motion Pattern Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Progressive Scan
- Real Black Drive 10.000:1 skerpa
- VIERA Link
- 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og PC tengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 102 x 68 x 9,7

179.990kr
verð áður 199.990.-

Toshiba 42"
42C3530DG
- 42" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing IV myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 4.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 102,7x67,3x12,4

169.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 29. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

MICHAEL PHELPS

Íþróttagrein: Sund
Land: Bandaríkin
Gælunafn: The Baltimore-bullet (Byssukúlan frá Baltimore)
Fæddur: 30. júní 1985 (23 ára)
Fæðingarstaður: Baltimore, Maryland
Hæð: 193 cm
Þyngd: 91 kg
Ólympíugull 2008: 8
Heimsmet á ÓL 2008: 7
Ólympíugull á ferlinum: 14

Sagan skrifuð: Fyrstur í sögunni til þess að vinna átta gullverðlaun á sömu leikum og sá íþróttamaður sem hefur unnið flest gullverðlaun frá upphafi. Phelps hefur nú unnið 14 gull og alls 16 verðlaun á Ólympíuleikum. Phelps bætti þar met Larissu Latynina (fimleikar, Sovétríkin), Paavos Nurmi (frjálsar, Finnland) Marks Spitz (sund, Bandaríkin) og Carl Lewis (frjálsar, Bandaríkin) sem öll höfðu unnið 9 gull. Hann er sá eini sem hefur unnið á annan tug gullverðlauna.

Líkt við: Mark Spitz, bandarískan sundmann sem vann sjö gullverðlaun á Ólympíuleikunum í München 1972. Phelps mistókst að jafna metið hans Spitz í Aþenu fyrir fjórum árum (sex gull og 2 brons) en bætti úr því í Peking.

Sagt um hann: „Þetta sýnir okkur að hann er ekki aðeins besti sundmaður allra tíma og besti íþróttamaður Ólympíuleikanna heldur er hann kannski besti íþróttamaður sögunnar. Hann er mesti keppnismaður sem hefur gengið á þessarri jörðu," sagði Mark Spitz um Phelps.

GULLMENNIRNIR

Michael Phelps	
400 metra fjórsund	Heimsmet
4 x 100 m skriðsund	Heimsmet
200 metra skriðsund	Heimsmet
200 metra flugsund	Heimsmet
4 x 200 m skriðsund	Heimsmet
200 metra fjórsund	Heimsmet
100 metra flugsund	Ólympíumet
4 x 100 m fjórsund	Heimsmet
Usain Bolt	
100 metra hlaup	Heimsmet
200 metra hlaup	Heimsmet

USAIN BOLT

Íþróttagrein: Frjálsar íþróttir
Land: Jamaíka
Gælunafn: Lightning Bolt (Eldingin Bolt)
Fæddur: 21. ágúst 1986 (22 ára)
Fæðingarstaður: Trelawny, Jamaíka
Hæð: 196 sm
Þyngd: 86 kg
Ólympíugull 2008: 2
Heimsmet á ÓL 2008: 2
Ólympíugull á ferlinum: 2

Sagan skrifuð: Níundi maðurinn í sögunni til þess að vinna spretttvennuna (100 m og 200 m hlaup) en sá fyrsti til þess að gera það með því að setja heimsmet í báðum sigurhlaupunum. Bolt er einnig fyrsti maðurinn frá árinu 1979 sem á heimsmetin í báðum spretthlaupunum.

Líkt við: Carl Lewis frá Bandaríkjunum sem var sá síðasti til að vinna spretttvennuna, á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984. Samanburðurinn við Michael Johnson er einnig óumdeilanlegur eftir að Bolt sló „óbætanlega" heimsmetið hans í 200 metra hlaupi.

Sagt um hann: „Þetta er ótrúlegt og hvað er hægt að segja um Usain Bolt. Hann ætlaði sér að bæta metið og gerði það. Hann hljóp enn flottara hlaup en þegar hann vann 100 metra hlaupið ef það var hægt. Maður sem er 196 cm á hæð á ekki að geta náð svona góðu starti. Hann á alveg að geta bætt bæði þessi met og ég sé ekki annað en að hann gæti farið að reyna við 400 metra hlaupið en ég er þó ekki viss um að heimsmetið þar sé í hættu," sagði Michael Johnson um Bolt.

Stærstu stjörnur leikanna í Peking

Bandaríski sundmaðurinn Michael Phelps og spretthlauparinn frá Jamaíku Usain Bolt eru tvær stærstu stjörnur Ólympíuleikanna í Peking. Þeir sáu til þess að leikarnir eru ekki aðeins einstaklega vel heppnaðir heldur einnig sögulegir. Sigurgleði beggja er óumdeilanleg en fögnuðurinn er hins vegar á ólíkum nótum enda gerólíkir persónuleikar, annar hógvær en hinn hrokinn uppmálaður.

PEKING 2008 Kínverjar hafa svo sannarlega gert sitt til þess að Ólympíuleikarnir í Peking verði þeir bestu í sögunni en tveir menn eiga stærstan heiðurinn af því að leikarnir verða á vörum fólks næstu áratugi ef ekki lengur. Afrek þeirra Michael Phelps og Usain Bolt hafa skilið menn eftir orðlausa af undrun.

Þegar bandarískur sundmaðurinn Michael Phelps varð fyrsti íþróttamaður sögunnar til þess að vinna átta gullverðlaun á sömu leikum var enginn í vafa um að þetta yrðu hans Ólympíuleikar en hrokafullur og hávaxinn spretthlaupari úr karabíska hafinu hefur þó stolið svolítið þrumunni af sundmanninum hlédræga.

Ótrúlegt afrek Phels

Afrek Michaels Phelps er ótrúlegt og það er nánast ómennskt að hann hafi viljann og úthaldið í að vinna átta gull á níu dögun. Til þess þurfti hann að synda alls 17 sinnum og í hvert skipti á móti nýjum og ferskum sundmönnum sem allir höfðu augun á að verða þeir fyrstu og jafnvel einu sem ná að stoppa hann.

Það er kannski hægt að sjá fyrir sér sundmann með hæfileika til þess að vinna öll þessi sund ein og sér með næga hvíld inn á milli en það er erfiðara að sjá út hvernig þessum 23 ára Bandaríkjamanni tókst að vinna sig í gegnum pressuna og þreytuna og halda einbeitingu og hundrað prósent árangri út alla sundkeppnina.

TVÖ MÖGNUÐ HEIMSMET Usain Bolt setti heimsmet í bæði 100 (að ofan) og 200 metra hlaupum. NORDICPHOTOS/AFP

Í lok keppninnar brosti Phelps sínu breiðasta og kom fram af hógværð og virðuleika. Hann hafði endurskrifað sundsöguna en var strax farinn að hugsa um hvernig hann gæti fundið sér ný krefjandi verkefni í lauginni.

Vildi breyta sundíþróttinni

„Það er aldrei hægt að segja að eitthvað sé ómögulegt. Það er allt hægt ef þú ert tilbúinn að leggja allt á þig. Mitt markmið hefur alltaf verið að breyta sundíþróttinni og ég vildi gera eitthvað sem enginn hafði gert áður," sagði Phelps eftir að áttunda gullið var í höfn. Það var þó félagi hans Aaron Peirsol sem orðaði það best. „Hugtakið Sptiz-afrek er úrelt og hér eftir tölum við um Phelps-afrek."

Met Marks Spitz stóð í 36 ár og eftir að keppnin harðnaði í nútíma sundi bjóst enginn við því að það yrði nokkurn tímann slegið. Phelps er þegar farinn að tala um næstu Ólympíuleika sem fara fram í London 2012.

„Ég er spenntur fyrir að prófa nýjar greinar og synda í öðrum greinum en ég gerði í Peking. Það verður gaman að fá að prófa eitthvað nýtt þessi fjögur ár," segir Phelps en mestar líkur eru á að hann einbeiti sér að styttri sundum og gefi jafnvel tvær sterkustu greinar sínar upp á bátinn, 200 og 400 metra fjórsund.

Stanslaus sýning hjá Bolt

Yfirburðir Usains Bolt í tveimur greinum, sem vinnast oftast á sjónarmun, hafa hins vegar einnig skilið menn eftir orðlausa.

Hafi Phelps sýnt ómennska hæfileika í að halda út í svo mörgum sundum þá sýndi Bolt að því er virðist ómennska yfirburði í tveimur vinsælustu greinum frjálsra íþrótta. Hann var svo langt á undan hinum að hann gat liggur við snúið sér við og bakkað síðustu metrana inn í markið. Bolt fullkomnaði þá list að slaka á í lok undanrásanna og taka hina hlaupara á taugum með alls konar látalátum.

Hann er langfljótastur, hann sýndi það á brautinni og lét síðan alla vita það þegar hann fagnaði frábærum árangri með dönsum, töffaraskap og almennum hroka löngu eftir að hlaupunum lauk. En hvað var hægt að segja og þessi látalæti sáu til þess að hann stal sviðsljósinu í öllum heimshornum nema kannski í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn voru örugglega ekki ánægðir með að sjá Bolt gera lítið úr helstu hlaupastjörnum þeirra og skyggja auk þess á afrek stjörnusundmannsins.

Heyrðu, þessi gæi er fljótur

„Ég vissi að þetta væri hröð braut en ég bjóst aldrei við þessu. Ég er í sjokki. Ég kom mér á óvart og ég kom öllum heiminum á óvart," sagði Bolt á milli þess að hann fagnað sigrinum með því að sýna skóna, dansa um og horfa á endursýninguna af hlaupunum.

„Ég var að horfa á sjálfan mig og sagði: Heyrðu, þessi gæi er fljótur," sagði Bolt í léttum tón. „Mig hefur dreymt um þetta síðan ég var lítill strákur og þess vegna er sigurinn í 200 metra hlaupinu mér meira virði en 100 metra hlaupið," sagði Bolt eftir að seinna gullið var í höfn.

ooj@frettabladid.is

ÁTTA GULL Á NÍU DÖGUM Michael Phelps fór átta sinnum upp á pall, fékk í hvert skipti gullpening og að hlusta á bandaríska þjóðsönginn. NORDICPHOTOS/AFP

ÓMISSANDI HANDBÓK

STAFSETNINGARORÐABÓKIN – HANDHÆG OG NOTENDAVÆN Í KILJU

Stafsetningarorðabókin er nú komin út í handhægu og þægilegu kiljubroti. Í bókinni eru ríflega 65.000 uppflettiorð, allur almennur orðaforði málsins, auk fjölda mannanafna, örnefna, ríkja- og þjóðaheita og orðaforða úr helstu fræðigreinum.

Stafsetningarorðabókin er hin opinbera réttritunarorðabók um íslensku.

Leiðbeinandi útsöluverð aðeins

4.990 kr.

„Ómissandi handbók fyrir alla þá sem vilja vanda málfar sitt og framsetningu.“

JÓN G. FRIÐJÓNSSON / MORGUNBLAÐIÐ

ÆTTFRÆÐI ORÐANNA

ÍSLENSK ORÐSIFJABÓK – KOMIN AFTUR!

Þessi einstaka orðabók greinir frá uppruna og ættum tugþúsunda íslenskra orða. Rakinn er skyldleiki þeirra við orð í öðrum málum, fjallað um tökuorð sem borist hafa í málið og hvenær þeirra verður fyrst vart.

Íslensk orðsifjabók gegnir stóru hlutverki í íslenskri menningarsögu og er ómetanleg þeim sem láta sér annt um tungumálið, vilja þekkja sögu þess og láta sig framtíð þess einhverju skipta.

Leiðbeinandi útsöluverð aðeins

9.990 kr.

www.forlagid.is

FORLAGIÐ

Þjálfararnir Freyr Alexandersson og Þorkell Máni Pétursson verða í eldlínunni með lið sín í undanúrslitum VISA-bikarsins í kvöld:

Það má lítið út af bregða í bikarkeppninni

BJARTSÝNN Freyr telur að Valsliðið komi sterkt til baka eftir tap gegn KR á sunnudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals heimsækja Stjörnuna á Stjörnuvöll í undanúrslitum VISA-bikars kvenna í kvöld kl. 18.00.

Freyr Alexandersson, annar þjálfara Valsliðsins, er bjartsýnn fyrir leikinn gegn Stjörnunni en Valsstúlkur töpuðu á dögunum sínum fyrsta deildarleik í rúm tvö ár þegar liðið beið lægri hlut, 2-3, gegn VISA-bikarmeisturum KR á KR-vellinum í Frostaskjóli.

„Ég er sannfærður um að stelpurnar mæti með blóð á tönnunum í þennan leik og verði klárar í slaginn, sér í lagi í ljósi þess að við misstigum okkur á sunnudaginn. Við höfum tæklað þessa viku mjög vel og andinn í hópnum er góður þannig að ég er bara bjartsýnn," segir Freyr.

Valsliðið varð sem kunnugt er Íslandsmeistari á síðustu leiktíð en féll þá út úr átta liða úrslitum í bikarnum gegn Breiðabliki.

„Það má lítið út af bregða í bikarnum eins og allir vita en hungrið er til staðar og við ætlum okkur að fara alla leið og vinna báða titlana sem í boði eru," segir Freyr.

Þorkell Máni Pétursson, þjálfari Stjörnunnar, telur að möguleikinn á að komast í úrslitaleikinn sé vissulega fyrir hendi en ansi margt þurfi að falla með Garðarbæjarliðinu til þess að svo verði.

„Við erum klárlega litla liðið í þessu og höfum nákvæmlega engu að tapa. Það þarf allt að ganga upp hjá okkur til þess að við náum að vinna þetta Valslið og það er ekki gott að þurfa að mæta því þegar það er nýbúið að tapa leik. En við munum að sjálfsögðu berjast og selja okkur dýrt og láta hafa vel fyrir okkur," segir Þorkell Máni.

Stjörnuliðið á í nokkrum meiðslavandræðum fyrir leikinn en Þorkell Máni vill ekki einblína á það.

„Því er ekki að neita að við eigum við talsverða manneklu að etja vegna meiðsla en það kemur bara maður í manns stað," segir Þorkell Máni.

Báðir þjálfarar hvetja fólk vitanlega til þess að fjölmenna á Stjörnuvöllinn og skapa alvöru bikarstemningu í kvöld.

- óþ

ERFITT VERKEFNI Þorkell Máni er hóflega bjartsýnn fyrir leikinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

OPIÐ FRÁ 11 - 01 VIRKA DAGA
OG 11-05:30 UM HELGAR

STEAKANDPLAY

SPORT CLUB
GOLF HERMIR
STEIKHÚS
PLAYSTATION

ALLAR AÐAL
SPORTRÁSIR HEIMS

HEIMSKLASSASTAÐUR
Á FRÓNI

OPNUM 22.08.08
Grensásvegi 5-7 - Sími 553 4030
steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

Viðey ehf.

VERÐFALL Kaupverð Shevchenko hefur lækkað um helming á tveimur árum ef marka má ítalska dagblaðið La Gazzetta dello Sport.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Ítalskir fjölmiðlar:

Shevchenko á fornar slóðir?

FÓTBOLTI Það fer tvennum sögum af því í ítölskum fjölmiðlum hvort að framherjinn Andriy Shevchenko sé á leiðinni aftur til AC Milan frá Chelsea.

Ítalska dagblaðið Corriere dello Sport fullyrðir að Shevchenko muni ganga aftur í raðir AC Milan í dag eða í síðasta lagi um helgina á eins árs lánssamningi. Dagblaðið La Gazzetta dello Sport er á öðru máli og segir að Chelsea vilji ekki lána leikmanninn heldur selja hann á litlar 15 milljónir punda.

Hinn 31 árs gamli Úkraínumaður hefur ekki beint slegið í gegn hjá Chelsea síðan hann kom til félagsins fyrir tímabilið 2006-2007 á 30 milljónir punda. En hann er lifandi goðsögn í Mílanóborg þar sem hann skoraði 127 mörk í 208 leikjum á ferli sínum með AC Milan.

- óþ

MARKAHRÓKUR Hinn norðurírski Healy á markametið, 13 mörk, yfir flest mörk skoruð í undankeppni Evrópumótsins.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Sunderland að styrkja sig

FÓTBOLTI Knattspyrnustjórinn Roy Keane hjá Sunderland hefur verið duglegur á leikmannamarkaðnum í sumar en hann virðist hvergi nærri hættur.

Framherjinn Djibril Cisse er kominn til Sunderland á láni frá Marseille og þá hefur félagið einnig fengið norðurírska landsliðsmanninn David Healy frá Fulham en kaupverðið er óuppgefið.

Hinn 29 ára gamli Healy vann sér það helst til frægðar að ná að skora 13 mörk með norðurírska landsliðinu í undankeppni EM 2008 en það er met. Króatinn Davor Suker átti metið áður en hann skoraði 12 mörk fyrir Króatíu í undankeppni EM 1996.

- óþ

STIGAHÆSTUR Nýi KR-ingurinn Jón Arnór Stefánsson skoraði 11 stig en var í mjög strangri gæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísland tapaði með 19 stigum á móti Póllandi á æfingamótinu í Írlandi í gær:

Skotnir í kaf í þriðja leikhluta

KÖRFUBOLTI Ísland tapaði fyrsta leiknum sínum á æfingamótinu á Írlandi þegar liðið lá 65-84 fyrir Pólverjum. Pólverjar eru A-þjóð en taka ekki þátt í undankeppni EM að þessu sinni þar sem þeir verða gestgjafar á úrslitakeppninni næsta haust. Bakvörðuinn Łukasz Wichniarz skoraði 19 stig fyrir Pólverja en hrökk heldur betur í gang í seinni hálfleiknum.

Pólverjar skoruðu fyrstu fimm stig leiksins en íslenska liðið var vel inni í leiknum í fyrri hálfleik, komst fyrst yfir í 28-27 og staðan var síðan jöfn, 31-31, í hálfleik. Það gekk hins vegar allt á afturfótunum hjá íslenska liðinu í þriðja leikhlutanum sem tapaðist 11-33.

Íslenska liðið náði aðeins að laga stöðuna í lokaleikhlutanum og ná muninum úr 26 stigum niður í þau 19 stig sem skildu liðin að í lokin.

Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur með 11 stig auk þess að gefa 5 stoðsendingar en Hlynur Bæringsson skoraði 10 stig. Jón og Hlynur voru í byrjunarliðinu ásamt þeim Jakobi Erni Sigurðarsyni, Páli Axel Vilbergssyni og hinum unga miðherja Sigurði Gunnari Þorsteinssyni.

Tölfræðin var íslenska liðinu óhagstæð, liðið tapaði fráköstunum 25-37, hitti aðeins úr 8 af 30 þriggja stiga skotum sínum (26 prósent) og Pólverjar fengu 18 fleiri víti en Ísland. Pólska liðið nýtti 21 af 29 vítum á meðan aðeins 3 af 11 vítum íslenska liðsins skiluðu sér í körfuna. **- óój**

ÍSLAND-PÓLLAND 65-84
(20-22, 11-9, 11-33, 23-20)

Stigin: Jón Arnór Stefánsson 11 (5 stoðs.), Hlynur Bæringsson 10, Logi Gunnarsson 9, Sigurður Þorvaldsson 6 (8 fráköst), Jakob Sigurðarson 6, Páll Axel Vilbergsson 5, Fannar Ólafsson 4, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 4, Magnús Þór Gunnarsson 3, Helgi Már Magnússon 3, Sveinbjörn Claessen 2 og Friðrik Stefánsson 2.

Enska úrvalsdeildin:

Hermann fær meiri samkeppni

FÓTBOLTI Porstmouth fékk í gær franska vinstri bakvörðinn Armand Traore að láni frá Arsenal út yfirstandandi keppnistímabil.

Hinn 18 ára gamli Traore kemur til með að veita Hermanni Hreiðarssyni samkeppni um stöðu í byrjunarliði Portsmouth en knattspyrnustjórinn Harry Redknapp er lengi búinn að vera á eftir vinstri bakverði og rétt missti af Nicky Shorey sem fór frekar til Aston Villa á dögunum.

Þá gekk Portsmouth í gær frá kaupum á kantmanninum Jerome Thomas frá Charlton og skrifaði leikmaðurinn undir eins árs samning. **- óþ**

VEKJA ATHYGLI Skoskir áhorfendur skera sig jafnan úr hvert sem þeir fara. NORDIC PHOTOS/GETTY

Undankeppni HM 2010

1.500 Skotar á Laugardalsvöll?

FÓTBOLTI Fyrsti heimaleikur karlalandsliðs Íslands í fótbolta í undankeppni HM 2010 verður gegn Skotlandi 10. september næstkomandi.

Mikill áhugi er fyrir leiknum í Skotlandi og Skotar eru stórhuga fyrir undankeppnina eftir að hafa rétt misst af farseðlinum á lokakeppni Evrópumótsins í sumar. En samkvæmt heimasíðu KSÍ þá hefur sambandið nú þegar selt knattspyrnusambandi Skotlands 1.500 miða á leikinn og búast má við því að þeir miðar muni rjúka út.

Skoskir áhorfendur láta jafnan mikið til sín taka hvert sem þeir fara og menn muna ef til vill eftir því þegar skoska landsliðið kom síðast og fylgismenn þeirra máluðu Reykjavík rauða í undankeppni Evrópumótsins árið 2004. **- óþ**

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

> **Billy Bob Thornton**

„Ég hef verið kvæntur fimm sinnum. Ég á vini sem þvertaka fyrir það að gifta sig og fólki finnst skrítið að ég hafi gert þetta svona oft. En ég reyni þó.“ Thornton leikur í myndinni School for Scoundrels sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR ER FARIN AÐ LENGJA EFTIR SVARTNÆTTINU

Sumardagskráin vegin af riddara myrkursins?

Ég, líkt og eiginlega allir sem ég þekki, vinn rosalega mikið. Ég vil að útvarp og sjónvarp, þar af leiðandi, sé skemmtilegt, eitthvað sem ég get slakað á yfir og troðið í mig öllu því sem ég sé eftir að borða þann daginn. Mörgum finnst kannski nóg um léttmetið sem er á boðstólum, raunveruleikaþættina, bandarísku fjölskyldugamanþættina og allt það. En ég er ekki sátt.
Í hvert skipti sem ég kveiki á útvarpinu er eitthvert hápólitískt blaður á boðstólum og þó það sé ekki hápólitískt er það eitthvert málefnalegt rusl. Hvar er tónlistin? Ekki nóg með það að það er engin útvarpsstöð eftir sem telst á hlustandi í meira en tvö lög í einu. Heldur eru þær allar uppfullar af talandi fólki. Ef mig langaði að hlusta á fólk tala færi ég á kaffihús eða hringdi í einhvern.

Ekki skánar það þegar kveikt er á sjónvarpinu. Fræðsluefni hefur alltaf verið hið stóra tromp RÚV á sumrin en fyrr má nú vera. Og allir þessir þættir, sem eru, jú, léttir og örugglega skemmtilegir ef maður kemst inn í þá, á hverri stöðinni á eftir annarri. Ég veit það ekki. Þeir eru ekki nógu innantómir, eins og til dæmis One Tree Hill, sem er svo rosalega klisjukenndur að það er næstum eins og að sofa að horfa á hann. Þeir renna bara í eitthvert óþægilegt suð fyrir mér og ná hvorki að endurnæra mann né vekja mann til umhugsunar. CSI er orðið eitthvert viðbjóðs-fest, eða fullur af hádramatískum stórmálum sem eiga frekar heima í B-bíómyndum en stuttum þáttum.

Ég vil ekki trúa Kaiser Chiefs þegar þeir synga: Allt er miðlungs nú til dags, en gæti það verið satt? Og ef svo er, af hverju? Kannski er það bara sumardagskráin sem fer með mann, allt þetta uppfyllingarefni sem er látið streyma þangað til að landinn hrekst inn til sín úr kuldanum og myrkrinu. Komdu, svarta næturþel, og vaggaðu mér í svefn með betra sjónvarpsefni! Heill þér, riddari myrkursins!

ONE TREE HILL Var ekki góður en samt, nógu slæmur til að manni leiddist aldrei, annað en sumardagskráin nú.

EKKI MISSA AF

▶ **19.55 Beauty and the Geek** STÖÐ 2

▶ **20.00 Fallen: The Destiny** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.10 Life is Wild** SKJÁR EINN

▶ **20.10 Strákur eins og Hodder (En som Hodder)** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.30 Happy Hour** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

07.30 ÓL í Peking - Samantekt
08.15 ÓL í Peking Sundknattleikur kvenna
09.50 ÓL í Peking Handbolti karla
11.40 ÓL í Peking Frjálsar íþróttir
14.20 ÓL í Peking Handbolti karla
16.15 ÓL í Peking - Samantekt
17.00 ÓL í Peking - Samantekt
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Ljóta Betty (Ugly Betty) (16:23)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Strákur eins og Hodder** (En som Hodder) Dönsk verðlaunamynd frá 2003 um einmana strák sem er búinn að missa mömmu sína, líður illa í skólanum og nær litlu sambandi við pabba sinn.
21.35 Ólympíukvöld (14:16) Íþróttaviðburðir dagsins í Peking rifjaðir upp með dyggri aðstoða lærðra og leikinna.
21.55 Fyrsta skiptið (Mini's First Time) Bandarísk bíómynd frá 2005 um uppreisnargjarna stúlku sem fer að vinna hjá fylgdarþjónustu þar sem stjúppabbi hennar er meðal viðskiptavina.
23.25 Elvis er farinn úr húsinu (Elvis Has Left The Building) Snyrtivörusölukona verður nokkrum Elvis-eftirhermum að bana og leggur á flótta. (e)
00.55 ÓL í Peking Körfubolti karla
02.20 ÓL í Peking Körfubolti karla
03.50 ÓL í Peking Fótbolti karla
06.00 ÓL í Peking Handbolti kvenna

BÍÓ

08.00 Matilda
10.00 Doctor Dolittle 3
12.00 Not Without My Daughter
16.00 Doctor Dolittle 3
18.00 Not Without My Daughter
▶**20.00 Fallen: The Destiny** Þriðji og síðasti hluti í þríleik um Aron sem er hálfur maður og hálfur engill.
22.00 Syriana
00.05 Gattaca
02.00 Straight Into Darkness
04.00 Syriana
06.05 Adventures of Shark Boy and Lavagirl 3-D

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (132:300)
10.15 Two and a Half Men (14:24)
10.40 Sisters (16:24)
11.25 Logi í beinni
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Forboðin fegurð (23:114)
13.55 Forboðin fegurð (24:114)
14.50 How I Met Your Mother (15:22)
15.25 Bestu Strákarnir (4:50)
15.55 Galdrastelpurnar (22:26)
16.18 Bratz
16.43 Nornafélagið
17.03 Smá skrítnir foreldrar
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (14:25)
▶**19.55 Beauty and The Geek** (5:13) Fjórði hópurinn af nördum og fegurðardísum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku og krúttkeppni.
20.40 Ríkið (1:10) Nýr íslenskur sketsaþáttur þar sem vinnustaðagrín er allsráðandi.
21.05 School for Scoundrels Stöðumælavörðurinn Roger á í stöðugum vandræðum og er því sjálfstraustið í algeru lágmarki. Hann skráir sig því á sjálfsstyrkingarnámskeið hjá Dr. P, sem notar vægast sagt óhefðbundnar og oft á tíðum hættulegar kennsluaðferðir, en ábyrgist hins vegar fullkominn árangur
22.45 One Hour Photo
00.20 Pirates of the Caribbean. Dead man's Chest
02.55 Crimson Rivers 2. Angels of the Apocalypse
04.30 Beauty and The Geek (5:13)
05.15 Ríkið (1:10)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappakstursinn á Spáni.
11.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna.
18.00 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
18.25 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
18.55 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
19.35 Formúla 1 2008 Útsending frá æfingum liðanna.
21.10 Football Rivalries Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður. Í þættinum verður skoðaður rígur á milli Milan og Inter einnig milli Lazio og Roma.
22.05 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem bestu pókerspilarar heims mæta til leiks.
23.00 Million Dollar Celebrity Poker Að þessu sinni mæta stjörnurnar til leiks í póker og keppa um stórar fjárhæðir.

SPORT 2 *enski boltinn*

17.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
21.20 English Premier League 2008/09
21.50 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham Hotspurs. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.50 English Premier League 2008/09
23.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Hull City og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil
18.30 Rachael Ray
19.20 America´s Funniest Home Videos (e)
19.45 Style Her Famous (e)
▶**20.10 Life is Wild** (10:13) Katie, Jesse, Oliver, Emily og Tumelo fara með skólafélögunum í óbyggðarferð. Jesse neitar að taka þátt í fjörinu en hinir í hópnum lenda í ýmsum ævintýrum og Katie og Tumelo villast af leið.
21.00 The Biggest Loser (10:13) Kim kennir keppendunum að elda heilsusamlega veislumáltíð án þess að fórna góða bragðinu. Í keppninn fara keppendurnir í kapp með upphaflega þyngd sína utan á sér. Sá sem kemur fyrstur í mark fær heimsókn frá ástvini.
21.50 The Eleventh Hour (4:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.
22.40 Swingtown (e)
23.30 Sexual Healing (e)
00.20 Law & Order: Criminal Intent (e)
01.10 The IT Crowd (e)
01.35 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)
02.25 Da Vinci's Inquest (e)
03.15 Trailer Park Boys (e)
04.05 Jay Leno (e)
04.55 Vörutorg
05.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn Endurtekið á klukkutíma frestin til kl 12:15 daginn eftir
N4 Sjónvarp Norðurlands. Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40
Ríkið - NÝTT

Þættirnir gerast á ótilteknum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, vinnutækin, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þá sérstaklega starfsfólkið. Í þáttunum er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundargamni, vinnustaðaróm-antíkinni og svo er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi. Grínsnillingar Íslands eru hér samankomnir í þessum nýstárlega sketsaþætti: Eggert Þorleifsson, Þorsteinn Bachmann, Friðrik Friðriksson, Halldóra Geirharðsdóttir, Sverrir Þ. Sverrisson, Auðunn Blöndal Kristjánsson, Víkingur Kristjánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Inga María Valdimarsdóttir.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Syriana
STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

Hér er á ferðinni pólitískur spennutryllir frá árinu 2005. Myndin fjallar um aðild Bandaríkjanna að ástandinu í Mið-Austurlöndum og dregur fram hið flókna og pólitíska umhverfi sem þar skapast. George Clooney hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni en með önnur stór hlutverk fara Cristopher Plummer, Jeffrey Wright, Matt Damon og Chris Cooper.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sumarást
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
13.15 Á sumarvegi
14.03 Táslur og tjull
15.03 Útvarpssagan: Hafborg
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
20.00 Leynifélagið
20.30 Mánafjöll
21.10 Brjóstdropar
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Viltu syngja minn söng?
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (259:260)
16.30 Hollyoaks (260:260)
17.00 Ally McBeal (9:23)
17.45 Skins (8:9)
18.30 Happy Hour (3:13)
19.00 Hollyoaks (259:260)
19.30 Hollyoaks (260:260)
20.00 Ally McBeal (9:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
20.45 Skins (8:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
▶21.30 Happy Hour (3:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Las Vegas (7:19) Við fylgjumst með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.
22.45 The Kill Point (4:8) Spennuþættir um félaga úr hernum sem ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja hið bankarán. Þegar planið fer úrskeiðis grípa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gíslingu.
23.30 ReGenesis (11:13)
00.20 Twenty Four 3 (13:24)
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst ... Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Gestir: Hjörtur Howser lífskúnstner, Ellý Ármanns, Sigríður Klingenberg.
21.00 Hvernig er heilsan? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Hallgrímur Magnússon læknir.
21.30 Í nærveru sálar Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 Atletik **14.30** NI HAO OL højdepunkter **15.25** Nyheder på tegnsprog **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aftenOL **20.20** Min bedste vens bryllup **22.00** Honey **23.30** En sag for Frost **01.15** Conviction **02.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

NRK 1

08.00 Sommer-OL i Beijing. Terrengsykkel, kvinner **09.15** Sommer-OL i Beijing **11.00** Sommer-OL i Beijing. Friidrett **14.00** Sommer-OL i Beijing. Basketball semifinaler, menn **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Pip **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Sommer-OL i Beijing. OL-studio **19.30** 20 spørsmål **19.55** Detektimen. Taggart **21.00** Kveldsnytt **21.14** Taggart **21.50** Kriseteamet **22.40** Genesis - live i Roma **00.10** Sexrevolusjonen i Kina **01.00** Sommer-OL i Beijing

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Ur en kos dagbok **16.45** Cirkustrixarna **17.00** Lilla Melodifestivalen. Artisterna 2008 **17.15** Planet Sketch **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Den hårda linjen **20.50** Rapport **21.00** Sommar-OS i Peking **00.55** Sommar-OS i Peking **04.00** Sommar-OS i Peking

Goran Superform á 4 vikum

Nýtt á Íslandi
Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

VILT ÞÚ:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.

Skráðu þig strax í síma 578-8200
Námskeiðin byrja 25. ágúst!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er núna að hlusta á frábæran nýjan disk með Múgsefjun, Hjaltalín og nýtt efni eftir KK. Pægilegast er að hlusta á KK og brainstorma. Múgsefjun kemur mér í stuð, sértaklega Þú ert svo lauslát. Svo er Hjaltalín er alltaf skemmtileg.“

Jón Gunnar Þórðarson, leikstjóri og fyrirtækjaeigandi.

Þekktir tindar saman í veiðifélagi

Veiðifélagið Oddhvassir tindar var formlega stofnað árið 2002 af ekki ómerkari veiðimönnum en Ragnari Páli Steinssyni og Heiðari Erni Kristjánssyni, báðir kenndir við Botnleðju, Sindra Kjartanssyni kvikmyndagerðarmanni, Unnari Jónssyni og plötusnúðnum Kristni Gunnari Blöndal. Félagið dregur heiti sitt af oddhvössum tindum sem blasa við mönnum hjá Hítarvatni á Mýrum.

„Við höfum farið árlega í veiði eftir stofnun félagsins og þá oftast að Hítarvatni. Þetta eru alvöru harðkjarna-veiðitúrar sem við förum í, hér eru engir Range Roverar með í ferð heldur bara karlmenn með derhúfur á pikköpp og mikil læti,“ segir Raggi.

Tveir meðlimir hafa bæst við hópinn síðan hann var stofnaður, þeir Jón Atli úr Hairdoctor og Friðrik Ásmundsson, kvikmyndagerðarmaður. „Veiðin sjálf er í raun í aukahlutverki í þessum veiðiferðum. Þetta er meira spurning um ljúfar samverustundir og söng og gleði,“ segir Raggi en bætir við að stundum hafi komið til slagsmála á milli manna, „En það gerir ferðina bara eftirminnilegri,“ bætir hann við.

Ragnar segir að það ríki mikil valdaskipting innan félagsins, „Sindri er æðstitindur og forseti, næstur er ég og minnsti tindurinn er Jón Atli, einfaldlega vegna þess að hann er nýjasti meðlimurinn. Nýir meðlimir þurfa að ganga í gegnum margt til þess að fá inngöngu í hópinn. Þeir mega til dæmis ekki syngja með okkur, ekki veiða og ekki drekka í fyrstu ferðinni sinni,“ segir Raggi. **- sm**

RAGGI LEÐJA Segir hópinn fara í harðkjarna veiðiferðir.

NÝJASTI MEÐLIMURINN Jón Atli þurfti að þreyta inntökupróf til þess að fá inngöngu.

ÆÐSTITINDUR Sindri er ótvíræður foringi hópsins



LÁRÉTT
2. áfall, **6.** í röð, **8.** kúgun, **9.** starfsgrein, **11.** öfug röð, **12.** ávöxtur, **14.** miklu, **16.** í röð, **17.** drulla, **18.** óhreinka, **20.** íþróttafélag, **21.** nudda.

LÓÐRÉTT
1. hæfileiki, **3.** tveir eins, **4.** tegund af brauði, **5.** málmur, **7.** aftursæti, **10.** hola, **13.** röð, **15.** murra, **16.** spenna, **19.** til.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. lost, **6.** áb, **8.** oki, **9.** fag, **11.** on, **12.** akarn, **14.** stóru, **16.** þæ, **17.** for, **18.** ata, **20.** kr, **21.** níða.
LÓÐRÉTT: 1. gáfa, **3.** oo, **4.** skonrok, **5.** tin, **7.** baksæti, **10.** gat, **13.** rof, **15.** urra, **16.** þan, **19.** að.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Pétur Jóhann Sigfússon.
2. Guðmundur Þóroddsson.
3. Hercules.

„...fyrst á visir.is“

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: EVA MARÍA SPYRILL Í GETTU BETUR

Kynferðisleg spenna í Gettu betur hugsanleg

„Dagskrárstjórinn vill greinilega halda í möguleikann á kynferðislegri spennu. Ég veit ekki hvort ég get komið til móts við hann þar,“ gantast sjónvarpskonan Eva María Jónsdóttir sem verður spyrill í Gettu betur – spurningakeppni framhaldsskólanna.

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri innlendrar dagskrárdeildar RÚV, hefur gengið frá ráðningu Evu Maríu sem verður önnur kvenna til að annast þetta vandasama hlutverk. Sögulegt er einnig að stigavörðurinn verður karlkyns. „Okkur þótti forvitnilegt að víxla þessu alveg með tilliti til kynja,“ segir Þórhallur. Áður hefur komið fram að dómari er Davíð Þór Jónsson og hann er að vonum ánægður með spyrilinn: „Hún er skýrmælt og skjávön.“

Evu Maríu hefur alltaf fundist keppnin skemmtileg, eins og flest sem komið er til ára sinna og er hluti útvarpssögunnar. Gettu betur hefur lifað góðu lífi þótt tímarnir breytist. Og sé einmitt litið til sögunnar má segja að kynferðisleg spenna milli stigavarðar og spyrils hafi þar verið fyrir hendi án þess að farið sé nánar út í þá sálma.

„Ég sló þessu fram í gríni í óformlegu spjalli við Þórhall. Að þá væri rétt að stigavörðurinn væri karlkyns. Ef ég fæ að velja hver stigavörðurinn er get ég lofað Þórhalli ákveðinni spennu. En það er varla í mínum höndum að ráða stigavörðinn,“ segir Eva María.

Verkefnið leggst vel í Evu Maríu þótt hún segist í gegnum tíðina hafa verið hrædd við unglinga. „Þetta er fín ögrun. Kannski er ég það ekki lengur heldur er þetta einhver gömul bábilja í mér sem ég hef læknast af. Ég hlakka til að kynnast þeim og vita hvernig þeir eru.“

Eva María verður eftir sem áður með viðtalsþætti sína á sunnudagskvöldum fram í desember. Þá tekur Gettu betur við og verður þátturinn á laugardagskvöldum til að gefa honum aukið vægi.

Stefán Pálsson sagnfræðingur er öðrum mönnum fróðari um Gettu betur og hann mælti sérstaklega með því á sínu bloggi fyrir um tveimur mánuðum að Eva María veldist til starfans. „Steinunn Sigurðardóttir er eini kvenspyrillinn til þessa. Árið 1990. Það var sérkennileg keppni því hún var strípuð spurningakeppni. Stefán Jón Hafstein tók við árið eftir og þá varð keppnin og umgjörðin miklu stærri.“

EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR OG DÓTTIR Sló því fram í gríni við Þórhall að ef hún tæki spyrilshlutverkið að sér væri réttast að stigavörðurinn yrði karlkyns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eva María segir Gettu betur nýbreytni fyrir sig; nú sé fengist við beinharðar staðreyndir en ekki túlkanir. Hún hefur aldrei hneigst til að leggja staðreyndir á minnið. „Stórkostlegt að vera lélegur í einhverju en vera samt fundið hlutverk í því. Ég hef ágæta framsögn og get borið spurningarnar rétt fram.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikhúshaustin eru nú óðum að taka á sig mynd og í Hafnarfjarðarleikhúsinu hefjast sýningar á verkinu Mamma mamma aftur 31. ágúst, en leikritið hlaut frábærar viðtökur í vor. Einhverjar breytingar verða á leikhópnum því **Birgitta Birgisdóttir** er nú sjálf að verða mamma. Fyrsta barn hennar og eiginmannsins **Örvars Smárasonar** í múm er væntanlegt í september og í stað Birgittu mun **Laufey Elíasdóttir** því kasta sér um gólfin í Hafnarfjarðarleikhúsinu í haust.

Tónleikarnir á Klambratúni á Menningarnótt verða með glæsilegasta móti. Hljómsveitirnar sem koma fram að þessu sinni eru **Ný Dönsk, Jet Black Joe, Magnús og Jóhann, Bloodgroup, Fjallabræður** og **Hjaltalín**. Þar með mun dagskráin þó ekki vera upptalin því **Páll Óskar Hjálmtýsson** mun koma fram ásamt síðastnefndnu hljómsveitinni og syngja lag sitt Þú komst við hjartað í mér, sem Hjaltalín hefur einmitt breitt yfir með glæsibrag á öldum ljósvakans.

Eftir gott og ærlegt sumarfrí snýr sjónvarpsstjarnan **Jón Ársæll Þórðarsson** til baka. Hann, og hans hægri hönd **Steini**, eru nú að hefja vetrarstarfið og leggja drög að næstu seríu Sjálfstæðs fólks þar sem garnirnar eru raktar úr athyglisverðum Íslendingum. Þeir skima nú eftir slíkum og þiggja allar ábendingar með þökkum.

- sun/- shs/- jbg

Tónlistarhátíð fyrir unglinga

Tónlistarhátíðin Iceland Music Festival 2008 verður haldin í fyrsta sinn á Tunglinu um miðjan september. Á meðal þeirra sem koma fram eru Ultra Mega Technobandið Stefán, Sometime, Sesar A, Kicks!, Dabbi T, The Nellies og Dagstraumur.

Maðurinn á bak við hátíðina er hinn sextán ára Steinar Jónsson, framkvæmdastjóri hins nýstofnaða útgáfufyrirtækis MediStream Records. „Mig langaði að halda eitthvað skemmtilegt festival,“ segir Steinar um hátíðina. „Þeir sem voru í kringum mig vildu geta farið á Iceland Airwaves en þar er átján ára aldurstakmark. Þannig að ég vildi halda þessa hátíð svo krakkar yfir þrettán ára gætu fengið þessa Airwaves-upplifun,“ segir hann.

Undirbúningur fyrir hátíðina er í fullum gangi og sér Steinar alfarið um hann sjálfur. Vonast hann til að fimmtán hljómsveitir komi fram á hátíðinni og er helmingurinn þegar búinn að staðfesta komu sína. Leit stendur einnig yfir að fersku elektróbandi sem fær þann heiður að opna hátíðina og geta áhugasamir sent umsókn á netfangið contact@mediastreamrecords.com.

STEINAR JÓNSSON Steinar undirbýr þessa dagana tónlistarhátíðina Iceland Music Festival sem verður haldin í september.

Hvað varðar MediaStream Records þá er Steinar þegar búinn að semja við Haffa Haff, Sesar A, Daniel Alvin og Dabba T og vonast til að bæta fleiri skjólstæðingum í sarpinn. „Þetta er mjög gaman. Maður er kominn með svolítið aukavald. Ég er búinn að gera hitt og þetta áður og gaf til dæmis út Dabba T-plötuna. Maður er farinn að þekkja allt þetta fólk,“ segir hann. **- fb**

ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN Technobandið verður á meðal þeirra sem troða upp á tónlistarhátíðinni.

Ondvegi heima

Útsala 15-60% afsláttur af öllum vörum

Leðursófar og sófasett á frábæru verði

Kakan tungusófi / Model: 568
Leður: Hvítt og svart.
Kr. 245.000,- nú kr. 199.800,-

300x200 sm.

Kakan tungusófi / Model: 670
Leður: Hvítt og svart.
Kr. 279.000,- nú kr. 237.150,-

300x195 sm.

Kakan 3+1+1 / Model: 3053
Leður: Brúnt og svart.
Kr. 237.800,- nú kr. 159.800,-

Sófi: 196x80 sm.
Stóll: 80x80 sm.

Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.

15% afsláttur
af ljósum og gjafavöru

Lampi kr. 29.500,- **nú kr. 25.075,-** 85 sm.
Lampi kr. 24.900,- **nú kr. 21.165,-** 63 sm.

Glerborð 100x55x43 sm.
kr. 69.800,- **nú kr. 59.330,-**

Blaðagrind kr. 7.500,- **nú kr. 6.375,-**
Litur: Svart og hvítt.

Lampi, silfur og gler. Hæð m. skermi 71 sm.
kr. 34.800,- **nú kr. 29.580,-**

Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Ondvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Gabbhreyfingin

Í stjórnmálum er vinsælt að styðjast við líkingamál úr íþróttum; snúa vörn í sókn, sjá sóknarfæri, ná góðum endaspretti, búa sig undir langhlaup og þar fram eftir götunum. Líkingin liggur nokkuð beint við. Stjórnmál eru um margt eins og deildarkeppni nokkurra liða. Á fjögurra ára fresti eru meira að segja haldin stórmót. Helsti munurinn á íþróttum og stjórnmálum er sá að í íþróttum ræður frammistaða keppenda úrslitum. Í stjórnmálum er það undir hælinn lagt hvort sá sem náði bestum árangri – það er fékk flest atkvæði – standi með pálmann í höndunum.

KANNSKI finnst stjórnmálamönnum gott að líkja sér við íþróttamenn því þá líður þeim frekar eins og afreksmönnum; einhverjum sem hefur varið ómældum tíma í þjálfun og æfingar til að skara fram úr. Íþróttamannsleg hegðun þykir andstæða pólitískrar hegðunar, þar sem menn geta ekki einu sinni gengið út frá því með vissu hverjir liðsfélagar þeirra eru.

Í LJÓSI þess hvað pólitíkusar hafa tungutakið úr heimi íþróttanna í miklum hávegum kemur óneitanlega spánskt fyrir sjónir þegar stjórnmálamenn kveina undan „klækjabrögðum“, sem á íþróttavellinum væru einfaldlega kölluð lagleg leikflétta. Kappleikir ganga, jú, að miklu leyti út á lymskubrögð, fiska víti, setja upp hindranir og rangstöðugildrur.

TÖKUM meirihluta mánaðarins í Reykjavík sem dæmi; klækjabrögðin sem þar var beitt fólust í einni gabbhreyfingu; Óskar Bergsson þóttist ætla að fara til vinstri en fór allt í einu til hægri. Þetta þurfti ekki að koma neinum í minnihlutanum á óvart, Óskar er á vellinum til að skora fyrir Framsóknarflokkinn, ekki Samfylkinguna eða Vinstri græn. Ímyndið ykkur Sigfús Sigurðsson úti í Peking, vælandi í einum dómaranum: „Hann lét eins og hann ætlaði að fara að skjóta, en þegar ég hoppaði upp til að verja skotið hljóp hann fram hjá mér og skoraði. Ég tek ekki þátt í þessu!“

HVAÐ Ólaf F. Magnússon snertir mátti hann vita að þegar maður gefur aldrei boltann líður ekki langur tími þangað til liðsfélagarnir verða þreyttir á manni. Hann getur líka dregið þann lærdóm af nafna sínum Stefánssyni að það er ekki fyrr en maður byrjar að vinna leiki sem manni fyrirgefst að rausa óskiljanlegt rugl í fréttum. Fráfarandi borgarstjóri metur það hins vegar sem sóknarfæri að útmála sjálfan sig sem nytsaman sakleysingja sem í ársbyrjun lét blekkjast af gabbhreyfingu Sjálfstæðisflokksins. Að falla fyrir gabbhreyfingu er í íþróttum kallað „að selja sig“.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 22. ágúst, 235. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.41	13.31	21.17
Akureyri	5.17	13.15	21.11

Heimild: Almanak Háskólans